



Ársskýrsla Garðaskóla 2014-2015

Ársskýrsla Garðaskóla 2014-2015

Ritstjóri: Brynhildur Sigurðardóttir

Forsíðumynd: Brynhildur Sigurðardóttir. Myndin er tekin á skólalóð Garðaskóla þegar nemendur fylgdust með sólmyrkva vorið 2015.

Fjöldi prentaðra eintaka: 10

Skýrslan er aðgengileg á rafrænu formi á vef Garðskóla: <http://gardaskoli.is/>

EFNISYFIRLIT

Inngangur	5
Skólastarf í Garðaskóla 2014-2015.....	6
Skóladagatal 2014-2015.....	6
Húsnæði skólans	6
Bekkir, hópar og ferðir	7
Uppbyggingarstefnan	8
Fjölbreytt skólastarf sem miðar að sex grunnþáttum menntunar	9
Áfallaráð	9
Þróun og stefnumótun	10
Læsi til náms.....	10
Jafnrétti, kynheilbrigði og velferð	11
Alþjóðleg samstarfsverkefni.....	12
Upplýsingatækni í Garðaskóla.....	12
Breytingar á viðmiðunarstundaskrá	12
Námfús	13
Starfsfræðsla	13
Grunnskóli á tímamótum	13
Nemendur	14
Vinnuvika nemenda	15
Nemendafélagið	15
Nemendaráð Garðaskóla 2014-2015	15
Starfsmenn Garðaskóla	16
Stjórnendur og nemendavernd	17
Fagstjórar	17
Breytingar í starfsmannahópnum	17
Nefndir og ráð	18
Starfsþróun.....	18
Foreldrar	18
Skýrsla stjórnar foreldrafélagsins	19
Skólaráð.....	21
Sjálfsmatsskýrsla	21
Þróunarstarf	21
Gildi Garðaskóla	23
Samræmd próf	23
Endurskoðun skólanámskrár	23
Skólapúlsinn	23
Starfsmannaviðtöl	24

Ársskýrslur deildarstjóra og fagstjóra	24
Skýrsla deildarstjóra árganga	24
Skólasókn og ástundun nemenda	26
Sérúrræði fyrir nemendur með slaka skólasókn og margþættan vanda	29
Viðburðadagatal skólaársins	29
Skólastarf.....	31
Skýrsla deildarstjóra námsvers og verkefna	33
Skýrsla fagstjóra í dönsku	38
Skýrsla fagstjóra í ensku	40
Skýrsla fagstjóra í íslensku.....	41
Skýrsla fagstjóra í myndlistargreinum	43
Skýrsla fagstjóra í náttúrufræði.....	44
Skýrsla fagstjóra í samfélagsfræði.....	47
Skýrsla fagstjóra í stærðfræði	47
Skýrsla fagstjóra í textílmennt og smíði	50
Skýrsla félagsmiðstöðvarinnar Garðalundar	53
Skýrsla forstöðumanns skólasafnsins	57
Skýrsla náms- og starfsráðgjafa.....	59
Náms - og starfsráðgjöf	59
Ýmis verkefni	60
Endurmenntun / viðhald fagþekkingar námsráðgjafa.....	61
Lokaorð	62

INNGANGUR

Ársskýrsla er hluti af skólanámskrá Garðaskóla. Námskráin hefur verið í gagngerrri endurskoðun frá tilkomu nýrra grunnskólalaga árið 2008 og við þá endurskoðun var tekið mið af kröfum aðalnámskrár 2011/2013. Skólastjórnendur grunnskólanna í Garðabæ hafa borið sig saman og sett upp sameiginlegt efnisyfirlit fyrir skólanámskrár og hefur það verið nýtt við endurskoðun skólanámskrár Garðaskóla sem enn er í vinnslu.

Í ársskýrslu Garðaskóla er fjallað um það sem hæst ber í starfsemi Garðaskóla á skólaárinu 2014-2015. Upplýsingar um helstu verkefni starfsfólks, nemenda og foreldrafélags eru teknar saman. Skólastjórnendur og fagstjórar birta skýrslur um skólaárið. Ársskýrslunni er í senn ætlað að vera verkfæri í þróunarstarfi og innra mati skólans. Ársskýrslan er einnig mikilvæg heimild um skólastarf og inntak þess.

Við samantekt þessarar ársskýrslu var áhersla lögð á að stytta texta og endurtaka ekki lýsingar sem fram koma í [starfsáætlun](#), [kennsluáætlunum](#) eða öðrum hlutum [skólanámskrár](#). Lesendum er vísað með rafrænum tenglum á [heimasíðu skólans](#) til að afla frekari upplýsinga og því hefur prentuð útgáfa ársskýrslu takmarkað gildi miðað við rafrænu útgáfuna.

Á heimasíðu Garðaskóla má ávallt nálgast ýmsar upplýsingar um daglegt starf, almenna starfshætti og stefnu skólans. Þá birtast mikilvægar upplýsingar um félagsstarf nemenda á [heimasíðu félagsmiðstöðvarinnar Garðalundar](#) sem m.a. sér um félagslíf nemenda Garðaskóla í nánu samstarfi við starfsfólk Garðaskóla.

Í þessari ársskýrslu birtast skýrslur um öflugt og skapandi starf sem starfsfólk, nemendur og foreldrar eru stoltir af. Öllum þeim sem lögðu til efni í skýrsluna er þakkað kærlega fyrir framlagið. Maríu Hrafnadóttur fær sérstakar þakkir fyrir ítarlegan prófarkarlestur.

Stjórnendur og starfsfólk Garðaskóla þakka öllum aðilum gott og gefandi samstarf á skólaárinu 2014-2015 og að venju hlökkum við til komandi verkefna.

Garðabær, september 2015
Brynhildur Sigurðardóttir, skólastjóri



Náttúrufræðikennsla í Garðaskóla

SKÓLASTARF Í GARÐASKÓLA 2014-2015



Garðaskóli er sérhæfður skóli fyrir unglingastig og starfar í nánu samstarfi við félagsmiðstöðina Garðalund. Á grundvelli þess að Garðaskóli þjónar aðeins þremur árgöngum, lokastigi grunnskólans, hefur starfið mótast af sérhæfingu og markvissum vinnubrögðum sem henta námi og kennslu þessa aldurshóps. Til skólans ráðast eingöngu kennarar og starfsmenn sem vilja og geta unnið með nemendum á hinu viðkvæma skeiði 13-16 ára aldurstigsins. Ekki er síður mikilvægt að til kennara skólans eru gerðar ríkar kröfur um þekkingu og færni til að geta kennt það námsefni sem ætlað er unglingum sem eru að ljúka grunnskólanámi.

SKÓLADAGATAL 2014-2015

Skóladagatal í leik- og grunnskólum Garðabæjar er samræmt til að mæta þörfum fjölskyldna og skapa möguleika á samstarfi þvert á skóla. Meginrammi skóladagatalsins er samþykktur af skólanefnd að vori en minniháttar tilfærslur á viðburðum geta orðið eftir því sem líður á skólaárið.

Eftirfarandi er skóladagatal Garðaskóla eins og það leit endanlega út í apríl 2015.

7.4.2015 Skóladagatal 2014-2015 Garðaskóli											
ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	
1 F	1 M	1 M	1 L	1 M	1 F	1 S	1 S	1 M	1 F	1 M	
2 L	2 D	2 F	2 S	2 D	2 M	2 M	2 M	2 F	2 L	2 D	
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 D	3 D	3 F	3 L	3 M	
4 M	4 F	4 L	4 D	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	
5 D	5 F	5 S	5 M	5 F	5 M	5 F	5 F	5 S	5 D	5 F	
6 M	6 L	6 M	6 F	6 L	6 D	6 F	6 F	6 M	6 M	6 L	
7 F	7 S	7 D	7 F	7 S	7 M	7 L	7 L	7 D	7 F	7 S	
8 F	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M	
9 L	9 D	9 F	9 S	9 S	9 F	9 L	9 L	9 F	9 L	9 D	
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 D	10 D	10 F	10 S	10 M	
11 M	11 F	11 L	11 D	11 F	11 S	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	
12 D	12 F	12 S	12 M	12 F	12 M	12 F	12 F	12 S	12 M	12 F	
13 M	13 L	13 M	13 F	13 L	13 D	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L	
14 F	14 S	14 D	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L	14 D	14 F	14 S	
15 F	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F	15 M	
16 L	16 D	16 F	16 S	16 D	16 F	16 M	16 M	16 L	16 L	16 D	
17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 D	17 D	17 D	17 F	17 S	17 M	
18 M	18 F	18 L	18 D	18 F	18 S	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	
19 D	19 F	19 S	19 M	19 F	19 M	19 F	19 F	19 S	19 M	19 F	
20 M	20 L	20 M	20 F	20 L	20 D	20 M	20 M	20 L	20 M	20 L	
21 F	21 S	21 D	21 F	21 S	21 M	21 L	21 L	21 D	21 F	21 S	
22 F	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S	22 S	22 M	22 F	22 M	
23 L	23 D	23 F	23 S	23 D	23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 D	
24 M	24 F	24 L	24 D	24 F	24 M	24 L	24 L	24 D	24 F	24 S	
25 M	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 M	25 M	25 L	
26 L	26 D	26 F	26 S	26 D	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M	26 D	
27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 L	27 D	27 D	27 F	27 S	27 M	
28 F	28 M	28 L	28 D	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M	
29 F	29 M	29 L	29 D	29 F	29 M	29 L	29 L	29 D	29 F	29 S	
30 L	30 D	30 F	30 S	30 D	30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 D	
31 S	31 M	31 F	31 M	31 M	31 L	31 D	31 D	31 F	31 S	31 M	
5	21	22	20	15	20	15	20	17	17	8	

HÚSNÆÐI SKÓLANS

Húsnæði Garðaskóla er stórt og flókið á ýmsan hátt. Elsti hluti hússins er 40 ára gamall og þörf á viðhaldi er mikil. Afar mikilvægum áfanga í viðhaldinu var náð með endurgerð á þaki aðalbyggingar skólans sumarið 2015. Sú framkvæmd gekk fljótt og vel og hafði engin áhrif á skólahald.

Daglegt viðhald er unnið vel og skipulega af umsjónarmanni hússins í samstarfi við eignasvið Garðabæjar. Samstarf skólans við eignasviðið er gott og gerð hafa verið drög að viðhaldi á næstu árum. Óskir skólans um endurnýjun á húsnæðinu eru vel skilgreindar og hafa verið lagðar fram við gerð fjárhagsáætlunar á hverju ári.

Áfram er nauðsynlegt að tryggja mikilvægt viðhald til að koma í veg fyrir að húsnæðið verði fyrir skemmdum vegna slits og álags. Næsta stóra verkefni eru að endurnýja glugga í aðalbyggingu en þeir eru margir hverjir hriplekir. Vinna þarf að lagfæringum á loftræstikerfi skólans skv. skýrslu sem gerð var haustið 2013.

Starfsmenn Garðaskóla eru mjög ánægðir með þær kennslustofur sem endurnýjaðar voru árið 2012. Þar eru innréttingar, gólfefni, raflagnir og lýsing til fyrirmyndar. Nauðsynlegt er að endurnýja aðrar kennslustofur í aðalbyggingu skólans á sambærilegan hátt til að bæta vinnuumhverfi og mæta þeim þörfum sem skapast hafa með framþróun á tölvum og annarri tækni. Mikilvægt er að hefja endurnýjun í list- og verkgreinaálfmu skólans og bæta þar tækjakost sem er úr sér genginn að miklu leyti. Þessi framkvæmd er forsenda fyrir uppbyggingu á frekara verknámi við skólann. Stjórnendur skólans halda áfram að þrýsta á þessar úrbætur.



Aðalbygging Garðaskóla. Húsið er teiknað af Manfred Vilhjálmsyni arkitekt.

BEKKIR, HÓPAR OG FERÐIR

Í 8. bekk hefur verið lögð áhersla á að taka vel á móti nýjum nemendum og styðja við félagslega aðlögun þeirra í nýjum skóla. Nemendum hefur verið skipt niður í bekkjardeildir þar sem þeir hafa notið styrkrar leiðsagnar umsjónarkennara. Ekkert val er í boði í 8. bekk en þess í stað er mikil áhersla lögð á list- og verkgreinar fyrir alla nemendur.

Í 9. og 10. bekk hafa nemendur í vaxandi mæli val um hvaða leiðir þeir vilja fara. Þetta er gert mögulegt með hópa- og ferðakerfi þar sem áhersla er lögð á að hver einstaklingur fái nám við hæfi. Það þýðir að engir tveir nemendur í 9. og 10. bekk hafa eins stundaskrá og nemendur raðast eftir frammistöðu og námshraða í kjarnagreinar (dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði). Hópakerfi Garðaskóla hefur það í för með sér að nemendur venjast því að starfa í mörgum og ólíkum hópum þar sem þeir kynnast fjölmörgum skólafélögum sínum. Þetta hefur skapað mikla samheldni í hópnum. Nemendur kveðja skólann með söknuði við útskrift og heimsækja hann við ýmis tækifæri síðar á lífsleiðinni.

Garðaskóli býður ríkulegt úrval valgreina en þær voru alls 31 á skólaárinu 2014-2015 og sumar þeirra kenndar í nokkrum hópum og lagaðar að ólíkum árgöngum. Dæmi um valgreinar eru slökun, smíði, skák, eldamennska, líffræði og fleiri bóklegar greinar auk þess sem hægt var að taka grunnþjálfun í stærðfræði. Í fyrsta sinn var boðið upp á kynningu á iðngreinum í samstarfi við Iðnskólann í Hafnarfirði. Valgreinin Ritmísk hringekja var rekin í samstarfi við Tónlistarskóla Garðabæjar. Sérlega ánægjulegt er að fá jafn sterka aðila til samstarfs við Garðaskóla og áfram verður hlúð að slíku samstarfi sem eykur fjölbreytnilega námsmöguleika nemenda í Garðaskóla. Viðmiðunarstundaskrá er birt í [starfsáætlun](#) haust hvert og þar má fá nánari upplýsingar um skiptingu tíma milli námssviða.

Flugferðir í 9. bekk og fjölbrautaáfangar í 10. bekk eru hluti af valkerfi skólans. Í flugferðum ljúka nemendur námi tveggja ára í íslensku, ensku og/eða stærðfræði á einum vetri og geta að því loknu skráð sig í framhaldsskólaáfangar í sömu námsgreinum í 10. bekk. Síðasta vetur gátu nemendur í 10. bekk Garðaskóla lokið tveimur áföngum í íslensku, ensku og stærðfræði auk þess sem hægt var að ljúka áfanga í fatahönnun við skólann. Einnig var skyndihjálpi boðið sem valgrein í annað sinn og er sá áfangi metinn til eininga í framhaldsskólum. Þetta fyrirkomulag á sér langa sögu innan skólans og er mögulegt með góðu samstarfi við Fjölbrautaskólann í Garðabæ (FG). Samstarf milli kennara Garðaskóla og FG er stöðugt og gott. Þeir skiptast á kennsluáætlunum, samræma val á námsefni og bera sig saman við undirbúning námsmats. Í krafti þessa samstarfs metur FG námið í Garðaskóla til eininga. Misjafnt er hvort aðrir framhaldsskólar meta einingarnar og er það vandamál sem allir framhaldsskólanemendur geta staðið frammi fyrir ef þeir flytja sig milli skóla. Til að auka líkurnar á því að nemendur fái fjölbrautaáfangar sína metna geta þeir valið að taka lokapróf í FG í lok hvorrar annar til viðbótar við námsmatið í áfanganum í Garðaskóla. Flestir nemendur hafa nýtt sér þennan valkost. Auk þess sem lokaprófið tryggir nemendum lokaekinn inni í framhaldsskólakerfinu þá nýtist það skólunum sem viðbótartæki til að meta hvort námið í FG og Garðaskóla sé sambærilegt eða hvort skerpa þurfi á samræmingu ákveðinna þátta.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ kallaði kennara Garðaskóla, Sjálandsskóla og Álftanesskóla til sérstaks samráðs á skólaárinu til að kynna breytingar á kennsluskrá skólans vegna styttingar náms til stúdentsprófs. Ljóst er að fagdeildir Garðaskóla undir styrkri stjórn fagstjóra í ensku, íslensku og stærðfræði hafa nýtt tímann vel frá því Menntamálaráðuneyti boðaði styttingu námstímans og sendi þau tilmæli til grunnskóla að þeir færðu námsefni fyrstu áfanga framhaldsskólans inn í námskrá grunnskólans. Við skoðun á skólanámskrá Garðaskóla var ljóst að tilfærslu námsmarkmiða í íslensku, ensku og stærðfræði var að mestu lokið. Skólaárið 2014-2015 voru tekin síðustu skrefin til að færa það efni sem áður heyrði undir „103-áfanga“ framhaldsskólans inn í skólanámskrá Garðaskóla. Í kjölfarið fóru fagstjórar í Garðaskóla að huga að því að taka upp kennslu í nýjum framhaldsskólaáföngum til að geta áfram boðið nemendum Garðaskóla að stunda nám af fullum krafti og stytta námstímann til stúdentsprófs enn frekar í samstarfi við FG. Ljóst er að ekki verður hægt að taka upp kennslu í áföngum á þriðja þrepi framhaldsskólans en þar er unnið með hæfniviðmið til undirbúnings fyrir háskólanáms. En Garðaskóli mun nýta það svigrúm sem er til staðar á öðru þrepi til að bjóða getumiklum nemendum nám við hæfi. Í ensku og stærðfræði eru næg tækifæri til þessa en úrval íslenskuáfanga á öðru þrepi er takmarkað og því mun íslenskudeildin í Garðaskóla huga að öðrum leiðum í þessum efnum.

Til að styðja við nemendur í stórum skóla hefur ávallt verið lögð rík áhersla á að skapa sterkt stuðningsnet sem fylgist með og grípur til úrræða þegar nemendur þurfa á því að halda. Deildarstjórar, sérkennarar, námsráðgjafar og aðrir starfsmenn stuðningsnetsins þekkja þarfir og sérkenni unglinga vel og hafa mikla reynslu af að styðja þá á jákvæðan hátt. Nemendur eru hvattir til að sækja þennan stuðning á eigin forsendum og hefur það reynst mjög vel. Nemendur sem vilja og þurfa stuðning við námið fá þjónustu í námsveri skólans. Námsverið býður fámenna stuðningstíma, einstaklingsleiðsögn og stuðning úti í hópum og er kennslan sniðin að þörfum einstaklinga og hópa hverju sinni. Nánari lýsingar á stuðningsneti skólans má lesa aftur í ársskýrslunni í [skýrslum námsráðgjafa, deildarstjóra árganga](#) og [deildarstjóra námsvers](#).

UPPBÝGGINGARSTEFNAN

Um árábil hefur starfsfólki skólans verið uppálagt að ýta undir sjálfsábyrgð nemenda með því að eiga við þá samskipti sem einkennast umfram allt af virðingu. Í Garðaskóla hefur þessi uppeldisstefna verið kölluð „Uppbyggingarstefnan“ en hún er betur þekktari undir heitinu „Uppeldi til ábyrgðar“ og hefur í síauknum mæli verið tekin upp í leik- og grunnskólum landsins. Stefnan mótar öll aga- og samskiptamál í Garðaskóla og var höfð til hliðsjónar við framsetningu á skólareglum. Nemendum eru kynntar aga- og samskiptareglur skólans bæði í umsjónartímum og í kennslustundum í lífsleikni. Best kynnast þeir þó hugmyndafræðinni í daglegum samskiptum sínum við starfsmenn skólans. Starfsmennirnir leggja áherslu á að hver og einn beri ábyrgð á eigin hegðun og finni gott jafnvægi til að uppfylla grunnþarfir sínar í öllum verkefnum.

Bæklingurinn „[Samskipti og skólaandi](#)“ hefur ávallt verið aðgengilegur á heimasíðu skólans en hefur nú alfarið tekið á sig rafræna mynd. Bæklingurinn er ekki lengur prentaður á pappír heldur er nemendum, forráðamönnum og starfsfólki bent á að nýta hann með rafrænum miðlum. Þar er Uppbyggingunni lýst ásamt helstu skólareglum og þeim marklínunum sem skólinn setur um hegðun og samskipti allra sem að Garðaskóla koma. Starfsmenn fá reglulega fræðslu og leiðbeiningar um hvernig Uppbyggingin styður þá til að halda uppi jákvæðum samskiptum. Auk þess hafa minni hópar starfsmanna sótt lengri námskeið. Vegna breytinga í styrkjakerfi kennara og skóla hefur þrengt að möguleikum starfsfólks til að sækja námskeið. Starfsfólk Garðaskóla saknar þess sérstaklega að geta ekki nýtt hópstyrki til að fara saman á Uppbyggingarstefnunámskeið hjá færustu sérfræðingum erlendis.

FJÖLBREYTT SKÓLASTARF SEM MIÐAR AÐ SEX GRUNNPÁTTUM MENNTUNAR

Í góðu skólastarfi eiga nemendur að finna öryggi í því að ganga til verka samkvæmt skýru skipulagi frá degi til dags. Jafn mikilvægt er þó að brjóta upp vanann og horfa í nýjar áttir af og til. Í Garðaskóla er hefðbundið skólastarf brotið upp reglulega og á margvíslegan hátt og engin undantekning var á því skólaárið 2014-2015. Í [skýrslu deildarstjóra árganga](#) er nánar sagt frá uppbrotsdögum og ferðum. Á skólaárinu var dregið lítið eitt úr uppbroti frá hefðbundinni stundaskrá skólans vegna álags sem skapaðist árið áður af því að lítil samfella var í skólastarfinu, sérstaklega á vorönn 2014.

Í vinnu kennara við að laga skólastarfið að kröfum [Aðalnámskrár 2011/2013](#) hefur komið skýrt í ljós að starf á uppbrotsdögum í skólanum hentar einkar vel til að ná þeim markmiðum sem lýst er sem grunnþáttum menntunar. Þótt grunnþættirnir (læsi, lýðræði og mannréttindi, heilbrigði og velferð, sköpun, sjálfbærni, jafnrétti) séu rauður þráður í gegnum allt skólastarf þá er mikilvægt að beina sérstakri athygli að þeim af og til þannig að allir starfi saman að því að skilja betur hvað í þeim felst og beita þeim í hugsun og verki. Heilsudagar voru haldnir í desember og júní, skapandi Gagn og gaman dagar í nóvember. Áfram verður unnið að því að skilgreina hlut uppbrotsdaganna í skólanámskrá og festa þessa tengingu við grunnþættina í sessi.

Áhersla var lögð á að skilgreina vel hlutverk uppbrotsdaga og kynna markmið þeirra vel til nemenda og forráðamanna. Þetta er gert til að sporna við leyfisbeiðnum nemenda og losarabrag í skólastarfinu sem áður var tilhneiging til.

Mikilvægum verkefnum er ennþá ólokið til að starfsmenn Garðaskóla séu sáttir við stöðu allra grunnþáttanna innan skólans. Helst ber þar að nefna að aðgerðaráætlun vegna jafnréttisstefnu skólans hefur ekki verið unnin. Mikilvæg skref hafa verið tekin á sviði jafnréttismála innan skólans. Aukin áhersla er lögð á að tryggja jafna stöðu fatlaðra og ófatlaðra, mun skýrara skipulag er á fræðslu í jafnrétti og kynheilbrigði og nemendur sýna vaxandi áhuga á jafnréttismálum og fá góða áheyrn hjá stjórnendum og öðru starfsfólki í þeim efnum. Haustið 2015 mun kennari leiða áfram starf skólans í jafnréttismálum og vinna að útfærslu aðgerðabundinnar jafnréttisáætlunar.

ÁFALLARÁÐ

Í áfallaráði sátu skólastjóri, ritari, umsjónarmaður fasteignar, náms- og starfsráðgjafar, forstöðumaður Garðalundar og skólahjúkrunarfræðingur. Auk þess hefur Vigdís Björk Agnarsdóttir þroskaþjálfari verið ráðgjafi um ýmis mál. Vigdís sá áfram um að yfirfara skyndihjálpartöskur skólans í góðu samstarfi við skólahjúkrunarfræðing.

Rýmingaræfing var haldin í september 2014 og gekk mjög vel. Skólinn fékk íþróttahúsið í Ásgarði til samstarfs um að taka á móti nemendum og starfsmönnum við rýmingu og var það mikil framför frá því sem áður var þegar hópurinn safnaðist saman á körfuboltavelli við skólann.

Lítilsháttar endurskoðun var gerð á [viðbragðs- og áfallaáætlun skólans](#) en hún er komin í þannig form að hún nýtist starfsmönnum vel sem uppfletti- og leiðbeiningarmappa.

ÞRÓUN OG STEFNUMÓTUN

Starf Garðaskóla er í stöðugri þróun. Nemendur og starfsfólk tekur þátt í fjölbreyttum verkefnum af gleði og metnaði og í þessum kafla er fjallað um þau verkefni sem voru efst á baugi í skólanum á liðnu ári og eru í undirbúningi fyrir það næsta.

LÆSI TIL NÁMS

Í ágúst 2014 hófst þróunarverkefnið *Læsi til náms* með þátttöku allra kennara skólans. Verkefnið var sett á laggirnar að frumkvæði starfsmanna og rímar vel við áherslur í [Hvítbók um umbætur í menntun](#) sem menntamálaráðherra gaf út sumarið 2014. Í Hvítbókinni segir m.a. á bls. 30:

Til þess að bæta lestrarfærni og skilning unglinga á flóknari og sérhæfðari texta er mikilvægt að þjálfa lesturinn í ýmsum námsgreinum. Margt bendir á hinn bóginn til þess að kennarar séu mjög misvel undir það búnir og því þarf að stilla saman strengi í skólum hvaða þennan þátt varðar.

Með samstarfi Garðaskóla við Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri er þessu kalli um eflingu læsis í öllum námsgreinum svarað og mun skólinn halda þróunarstarfi á sviði læsis áfram á næstu misserum. Greina mátti áhugaverðar breytingar á kennsluháttum í skólanum svo sem fjölbreyttari vinnu til að efla orðaforða nemenda innan faggreina og breyttar aðferðir í kennslu á fornsögnum í íslensku. Var það mat íslenskukennara að með því að leggja til hliðar spurningalista úr fornsögnum og kenna nemendum í staðinn að vinna hugarkort, krossglímur og hugtakagreiningar upp úr textunum þá jókst áhugi nemenda og námsárangur þeirra varð ekki síðri.

Verkefnið *Læsi til náms* er metið með hliðsjón af svörum nemenda og starfsmanna í Skólapúlsinum og með mati á kennsluáætlunum faggreina. Deildarstjóri námsvers og fagstjóri í íslensku bera hitann og þungann af *Læsi til náms* innan skólans. Þeir kynntu vinnu skólans á [ráðstefnu Samtaka áhugafólks um skólaþróun í ágúst 2015](#).

Guðný Þóra Friðriksdóttir deildarstjóri námsvers er verkefnastjóri *Læsi til náms* í Garðaskóla. Skýrsla hennar um starfsárið fylgir hér á eftir:

Læsi til náms: Skólaárið 2014-2015 unnu starfsmenn Garðaskóla að þróunarverkefni í samstarfi við HA sem ber vinnuheitið *Læsi til náms*. Skólinn fékk styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla og ákveðið var að nýta hann til að efla læsi, í víðasta skilningi þess orðs, í öllum námsgreinum. Samstarfsaðili okkar frá HA er Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir og hefur samstarfið við hana gengið vel. Tengiliður og verkefnastjóri skólans er Guðný Þóra Friðriksdóttir deildarstjóri námsvers.

- Þróunarverkefni var ýtt úr vör 10. júní 2014 – kynning á *Læsi til náms*.
- Starfsdagur 19. ágúst 2014 frá 09:00-16:00 – lykilhugtök varðandi læsi, lestur og lesskilningur, samvirka námslíkanið.
- Námskeiðsdagur 14. október 2014 frá 14:15-17:00 - lesskilningsaðferðir og hugarkortagerð. Einnig hitti Ragnheiður Lilja teymin sem búið var að setja saman fyrir fagdeildirnar (tungumálateymi, stærðfræðiteymi, íslenskuteymi, náttúru- og samfélagsfræðiteymi og verkgreinateymi).
- Námskeiðsdagur 25. nóvember 2014 frá 14:15-17:00 – yndislestur, áhugahvöt og gagnvirkur lestur.
- Námskeiðsdagur sem áætlaður var 20. janúar 2015 var felldur niður vegna annarra verkefna í skólanum sem ekki voru fyrirséð.
- Námskeiðsdagur 3. mars 2015 frá 14:15-17:00 – að efla eigin hugsun, ritun/miðlun sem tæki til náms.
- Námskeiðsdagur 15. apríl 2015 frá 14:15-17:00 – aðferðir og áherslur í kennslu.

Verkefnastjóri og sérfræðingur frá HA skipulögðu og útfærðu verkefnið í góðu samstarfi. Verkefnastjóri áframsendi kennslugögn til kennara og hvatti þá til að nýta sér þau verkfæri sem kynnt höfðu verið. Um áramót var farið þess á leit við kennara að áherslur verkefnisins kæmu greinilega fram í kennsluáætlunum fyrir vorönn. Verkefnastjóri bjó til möppu á sameign sem ber heitið „Læsi til náms“. Þar voru kennarar hvattir til að setja inn myndir frá starfinu, bæði ljósmyndir og myndskreið. Í möppunni eru geymd gögn frá námskeiðunum sem kennarar

geta leitað í hvenær sem er. Í Garðaskóla eru kennsluhættir í nokkuð föstum skorðum. Breytingar taka tíma og gerast oft hægt. Fagteymin unnu að verkefninu af mismiklum krafti og áhuga. Langflestir kennarar spreyttu sig á notkun hugarkorta og krossglímu. Aðrir unnu með KVL og Vennkort. Íslenskudeildin gekk einna lengst í þessari vinnu og breytt algerlega um kennsluhætti í fornsögunum í öllum árgöngum. Afrakstur vinnunnar var afar vel heppnaður, skilningur og ánægja nemenda jókst og námsmat kom vel út. Bæði kennarar og nemendur voru afar ánægðir með þessa vinnu og ákveðið hefur verið að halda áfram á þessari braut.

Samstarfi við HA verður framhaldið á næsta skólaári en með breyttu fyrirkomulagi. Minna verður um námskeið og fyrirlestra en Ragnheiður Lilja verður í meira og nánara samstarfi við fagteymin. Í starfinu verður m.a. byggt á þeim aðferðum sem kynntar voru á síðasta skólaári og stefnt er að því að kennarar auki áfram við þekkingu sína á fjölbreyttum aðferðum er snúa að lestri og læsi. Kennarar verða hvattir til að nýta fjölbreyttar leiðir á markvissan hátt í kennslu og huga með ákveðnum hætti að áhugahvöt, sjálfstæði og ábyrgð nemenda í námi.

Yndislestur: Á vormisseri var tekin upp sú nýjung að iðka yndislestur á hverjum degi í Garðaskóla. Verkefnastjóri læsis, með góðum stuðningi frá skólastjórnendum, var í forsvari fyrir þetta verkefni. Á haustdögum fóru skólastjórnendur í góða heimsókn í Hagaskóla í Reykjavík. Þar hefur yndislestur verið fastur liður um nokkurt skeið. *Læsi til náms* verkefnið og þessi heimsókn í Hagaskóla var stjórnendum innblástur og því var ákveðið að koma á yndislestrarstundum í Garðaskóla. Yndislestrinum er ætlað að skapa meiri lestrarstemningu innan skólans, stuðla að auknum lestri og efla áhuga og lestrarfærni nemenda. Lestur er undirstaða og grunnur fyrir allt nám og því er þeim tíma sem nýttur er í lestur vel varið. Á kennarafundi í janúar 2015 var verkefnið kynnt og kallað eftir hugmyndum að útfærslu frá fagteyminum. Í kjölfar fundarins var ákveðið að nemendur og allt starfsfólk skólans læsi á hverjum degi, 20 mínútur í senn. Tímasetningar færast til á milli vikna með ákveðnum hætti. Nemendur mega velja sér lesefni (bækur, teiknimyndasögur, íslensk tímarit eða erlend, dagblöð, námsbækur). Þeir mega koma með lesefni að heiman eða fá lánaðar bækur á bókasafni skólans. Lesblindir nemendur mega hlusta á hljóðbækur og nota til þess síma, ipod eða mp3 spilara. Bréf var sent heim til allra foreldra og biðlað til þeirra um samstarf og umræður heimavið. Foreldrar brugðust vel við og fékk verkefnastjóri margar jákvæðar og uppbyggilegar kveðjur frá foreldrasamfélaginu þar sem almennri ánægju var lýst með verkefnið. Í Skólapúlsinum sem lagður var fyrir nemendur kom einnig fram ánægja með þetta framtak. Þrátt fyrir að alltaf séu einhverjir nemendur og kennarar sem ekki eru sérstaklega jákvæðir gagnvart yndislestrinum þá var á kennarafundi í júní 2015 ákveðið að halda áfram með verkefnið næsta vetur. Sama skipulag verður haft á yndislestrinum þ.e. tíminn færast til á milli vikna.

Undirbúningur/áherslur fyrir næsta vetur:

- Áframhaldandi verkefnastjórnun í *Læsi til náms*.
- Efla áhuga nemenda, starfsmanna og foreldra á yndislestri. Fá nemendur til að minna á lestrartímana og skapa þeim varanlegan sess í skólastarfinu. Finna leiðir til að ná til allra nemenda.
- Í samstarfi við íslenskudeild verður á næsta skólaári lagður **Orðalykill** fyrir alla nemendur í 8. bekk og **Orðarún** fyrir alla nemendur skólans a.m.k. tvisvar yfir skólaárið.

JAFNRÉTTI, KYNHEILBRIGÐI OG VELFERÐ

Ásta Gunnarsdóttir námsráðgjafi og Nanna Traustadóttir fagstjóri í náttúrufræði störfuðu áfram með stýrihópi verkefnisins [Jafnrétti, kynheilbrigði og velferð í Garðabæ](#). Verkefnið þróaðist vel áfram og fékk nýtt heiti: Velferð barna og ungmenna í Garðabæ.

Í Garðaskóla var farið yfir skipulag á fræðslu um jafnrétti og kynheilbrigði og ólíkir aðilar innan skólans skiptu betur með sér verkum í þeim efnum. Sumarið 2015 voru lokaafurðir verkefnisins í heild kynntar stjórnendum en þær eru:

- Fræðsluáætlun – vefur með upplýsingum um allt tiltækt námsefni á sviði jafnréttis, kynheilbrigðis og velferðar barna og ungmenna.

- Verkferill um viðbrögð við grun um ofbeldi gegn börnum og ungmennum, samræmdur fyrir allar stofnanir og félagasamtök í Garðabæ.
- Samræmt eyðublað vegna tilkynninga til barnaverndar í Garðabæ.

Grunnskólarnir í Garðabæ sameinuðust um umsókn í Próunarsjóð grunnskóla í Garðabæ til að vinna áfram að innleiðingu þeirra áætlana sem tveggja ára Sprotasjóðsverkefni skilaði af sér. Framhaldsverkefnið hlaut háan styrk frá sjóðnum og er það ákaflega ánægjulegur stuðningur við þetta mikilvæga verkefni.

ALÞJÓÐLEG SAMSTARFSVERKEFNI

Garðaskóli tók mjög virkan þátt í samstarfi sveitarfélaganna Garðabæjar og Southend on Sea í Bretlandi. Verkefnið miðaði að því að efla innra mat skóla, bæta kennsluhætti, efla áhuga stráka í skólum og bæta kennslu í raungreinum. Þrjú stjórnendur Garðaskóla og fjórir kennarar heimsóttu Shoeburyness High School á árunum 2013-2015 auk þess sem skólinn tók í þrígang á móti starfsfólki frá Bretlandi. Samtal skólanna var mjög gefandi í báðar áttir. Starfsfólk Shoeburyness sá í Garðabæ öflugt skólastarf drifið áfram af gleði og heildrænni sýn á manneskjur, samfélag og námsferla. Garðabæingar sáu aftur á móti ótal tæki í Shoeburyness sem nýtast vel í innra mati og til að auka skilvirkni í kennslu og aðhaldi við nemendur. Garðaskóli sótti um tvo styrki í Próunarsjóð grunnskóla í Garðabæ til að halda áfram innleiðingu á tækjum sem eflt hafa skólann í Southend on Sea. Báðar umsóknir voru samþykktar.

Enskudeild Garðaskóla nýtti skólaárið 2014-2015 til að styrkja umsókn um Erasmus- verkefni með samstarfsneti sínu í Evrópu. Umsóknin var samþykkt sumarið 2015 og í nóvember 2015 hefst verkefnið „From raw material to final product“ með fundi skólastjóranna í Garðabæ.

UPPLÝSINGATÆKNI Í GARÐASKÓLA

Spjaldtölvuteymi starfaði áfram að innleiðingu nýrra kennsluhátta undir stjórn Ingibjargar Önnu Arnarsdóttur aðstoðarskólastjóra. Samhliða spjaldtölvuvinnunni tóku kennarar upp notkun á [google classroom](#) kennsluumhverfinu og voru kennarar ánægðir með ýmsa möguleika sem þar er hægt að nýta svo sem samvinnu nemenda og rafræn verkefnaskil. Kennsla í upplýsingatækni tók stórtækum breytingum með nýrri tilhögun á faginu í 8. bekk. Með ráðningu nýs kennsluráðgjafa sem hóf störf í júní 2015 er ljóst að enn meiri framþróun verður á þessu sviði innan skólans á næstu misserum.

BREYTINGAR Á VIÐMIÐUNARSTUNDASKRÁ

Innleiðing á nýrri viðmiðunarstundaskrá sem skólaráð Garðaskóla samþykkti í mars 2014 gekk að mestu leyti mjög vel. Hver kennslustund lengdist úr 40 mínútum í 60 og við það fluttist kennslutímamagn að örliðu leyti milli námsgreina eða árganga og á næsta skólaári munu fagdeildir vinna að því að laga starfið að þessum breytingum.

Lenging kennslustunda minnkaði rót á vinnudegi nemenda. Þeir sóttu færri kennslustundir á hverjum degi og höfðu rýmri tíma til að vinna að hverju verkefni. Auk þess léttust skólatöskur nemenda þar sem ekki þurfti að koma með jafn mikið af kennslubókum á hverjum degi. Kennarar voru afar ánægðir með lengingu kennslustunda og töldu rýmri tíma ýta undir fjölbreyttari kennsluhætti. Eftir breytinguna fannst þeim þeir hafa góðan tíma til að leggja inn efni kennslustundar, gefa nemendum góðan tíma til verkefnavinnu og að lokum væri betri tími til að draga saman efni kennslustundarinnar og ljúka henni skipulega.

Kennslutími í dönsku og íslensku minnkaði með breytingunni á meðan aðrar faggreinar nutu áfram sama eða meiri tíma og áður. Ekki er hægt að meta kosti/óskosti þessarar skerðingar að svo stöddu en vel verður fylgst með árangri nemenda í þessum námsgreinum á næstu árum.

Helsti ókostur við lengingu kennslustunda tengdist starfi námsversins. Eyðum í stundatöflum nemenda fækkaði og þar með möguleikum á að fá inn aukatíma í námsverinu. Breytt skipulag á íþróttum og sundi gekk brösuglega og minnkaði líka svigrúm til að breyta töflum nemenda þegar þörf var á því. Breytingar voru gerðar á skipulagi

Íþrótt- og sundkennslu í aðdraganda töflugerðar fyrir skólaárið 2015-2016 og er það von stjórnenda að þær leysi úr þeim vanda sem upp komu síðasta vetur.

Í nýrri viðmiðunarstundaskrá var lífsleikni felld út sem sérstök námsgrein og í staðinn var markmiðum hennar ætlaður staður innan nokkurra faggreina og sérstaklega undir hatti umsjónarkennslunnar. Breytingar á umsjónarkennslunni gengu hægt fyrir sig og um mitt skólaár fór að bera á kvörtunum frá nemendum um að lífsleiknikennslu vantaði við skólann. Nemendur kölluðu eftir því að fá vettvang til að ræða um mikilvæg mál eins og jafnrétti, umhverfismál og samskipti. Deildarstjórar árganga tóku þessar athugasemdir til athugunar og ásamt umsjónarkennurum settu þeir aukinn kraft í að móta kennsluáætlanir greinarinnar og efla lífsleiknikennsluna. Þessari þróun verður framhaldið næsta skólaár og lesa má nánar um þetta í [ársskýrslu deildarstjóra](#).

NÁMFÚS

Skólaskráningarkerfið Námfús var tekið í notkun sumarið 2014 og var þá í fyrsta sinn hægt að vinna að töflugerð Garðaskóla í sama forriti og nota er til að halda utan um stundaskrár og annað er varðar skólagöngu nemenda og störf kennara. Innleiðingin á Námfúsi tók mikinn tíma starfsmanna. Tíma tók að læra að rata um nýtt kerfi og stöðugt þurfti að biðja um breytingar og úrbætur til að kerfið ynni í takt við óskir og þarfir starfsmanna, nemenda og forráðamanna. Þróun kerfisins var þó stöðug og í rétta átt og vorið 2015 var tekin ákvörðun um að halda áfram notkun þess. Töflugerð skólans var því þróuð áfram í samstarfi við Námfús og með nýjum töflugerðarmanni vegna breytinga í starfsmannahaldi.

Áfram þarf að vinna að úrbótum, sérstaklega varðandi uppsetningu á ýmsum gögnum í Námfúsi. Aðstoðarskólalastjóri og kennsluráðgjafi munu áfram halda utan um þróunina með starfsfólki Námfúss. Einnig þarf að hvetja forráðamenn til að nýta sér kerfið betur en talsvert bar á því að þeir færu lítið sem ekkert af stað með að læra á Námfús og treystu unglíngnum sínum til að nálgast þær upplýsingar sem þar var að finna.

STARFSFRÆÐSLA

Frá vori 2014 var starfshlutfall náms- og starfsráðgjafa við Garðaskóla aukið úr 160% í 200%. Við skólann starfa tveir öflugir námsráðgjafar og halda þeir utan um eineltisforvarnir, námsráðgjöf og kennslu/ráðgjöf í námstækni, starfsfræðslu auk þess sem þeir eru mikilvægir aðilar í nemendaverndarráði skólans.

Náms- og starfsráðgjafar halda utan um samstarf Garðaskóla við [GERT verkefnið](#) og í gegnum það hafa mikilvæg skref verið tekin til að efla starfsfræðslu við skólann. Í ágúst 2015 [fékk Garðaskóli viðurkenningu](#) fyrir vinnu sína í tengslum við GERT verkefnið. Í desember 2014 var fyrsta starfamessa skólans haldin en þar komu forráðamenn og kynntu fjölbreytt störf fyrir nemendum. Messan tókst ákaflega vel og verður fest í sessi sem árlegur viðburður. Á vordögum fóru allir nemendur skólans í starfskynningar með foreldrum, öðrum gestgjöfum eða í verkefni á vegum skólans. Þátttaka forráðamanna í þessum starfsfræðsluverkefnum er ómetanleg og kann starfsfólk skólans þeim bestu þakkir fyrir.

GRUNNSKÓLI Á TÍMAMÓTUM

Í grunnskólum er alltaf nóg að gera og þegar kennarar fjalla um starf sitt tilgreina þeir oft hversu gefandi fjölbreytnin í starfinu er. Það hvarflar þó að starfsfólki Garðaskóla að nú sé þörf á að hægja á og vinna betur úr margvíslegum breytingum sem skólinn hefur orðið að innleiða. Nýr kjarasamningur kennara styður við faglegt starf þeirra með aukinni kröfu um viðveru á vinnustað og teymisvinnu. En innleiðing samningsins felur líka í sér breytingar sem erfitt er að átta sig á hvort séu til bóta og ber þar helst að nefna brotthvarf launapottsins sem skólalastjóri hafði til umræða til að launa kennurum sérstaka ábyrgð eða verkefnavinnu. Kennarar Garðaskóla hafa unnið í sterkum fagteymum árum saman en standa nú frammi fyrir því að verða að breyta verkaskiptingu innan teymanna vegna þess að stöður fagstjóra hafa í flestum deildum verið lagðar niður. Erfitt er að sjá að það sé til bóta fyrir faglegt starf að umbuna ekki faglegum leiðtogum launalega fyrir störf sín. Með því að dreifa ábyrgð þvert á teymin hefur starfsfólk Garðaskóla líka áhyggjur af því að of mikill tími fari í ákvarðanatöku og framkvæmd verkþátta sem fagstjóri sá áður um á skilvirkari hátt. Má þar nefna innkaup á námsbókum, skýrslugerð og gerð áætlana um viðhald og endurnýjun á húsnæði, tækjakosti og námsgögnum.

Innleiðingu á aðalnámskrá 2011/2013 á að vera lokið vorið 2016 þegar krafa er gerð um að nemendur útskrifist úr grunnskóla með greinargerð um hæfni þeirra á níu námssviðum grunnskólans og einkunnir í bókstöfum. Gífurleg vinna allra starfsmanna hefur farið í að uppfæra skólanámskrá og starfshætti til samræmis við grunnskólalög frá 2008 og aðalnámskrána. Erfitt hefur verið fyrir fagfólk að öðlast skilning á sumum af þeim hugtökum sem kynnt voru til sögunnar í nýju námskránni og furðu lítill stuðningur hefur verið til staðar af hálfu menntamálaráðuneytisins sem gaf námskrána út. Þegar innan við ár er þar til grunnskólar eiga að útskrifa nemendur með rafrænu skírteini er enn ekki hægt að fá skýra mynd af því hvernig slíkt skírteini mun líta út og hvernig kerfi á borð við Mentor og Námfús eiga að stilla þeim upp. Kennarar og skólastjórnendur hafa í vaxandi mæli þá tilfinningu að þeim sé ætlað að finna upp hjólið og upplifa að ekki sé nægur tími til að einbeita sér að aðalstarfi hvers skóla sem er að kenna nemendum.

Haustið 2015 stilla stjórnendur Garðaskóla upp nýjum áherslum fyrir starf komandi vetrar. Þær áherslur taka mið af þeim stóru breytingum sem skólinn fæst við: vinnumat kennara, hæfniviðmið og rafrænt útskriftarskírteini og aukin áhersla á læsi þvert á allar námsgreinar. Skólinn leggur mikla áherslu á að halda áfram að efla kennsluhætti og auka fjölbreytni í skólastarfinu. Að lokum er þessum breytingum fylgt eftir með öflugra innra mati þar sem ýmis tæki frá samstarfsskólanum Shoeburyness High School eru nýtt.


NEMENDUR

Við lok skólaársins 2014-2015 stunduðu 446 nemendur nám í 8. – 10. bekk Garðaskóla og röðuðust þeir í umsjónarbekki eins og sýnt er í töflu hér að neðan. Við útskrift voru nemendur sex fleiri en á fyrsta skóladegi og dreifðist sú fjölgun jafnt á 8. og 10. bekk. Lítil umsjónarhópur var myndaður í 9. bekk á vorönn til að halda utan um sértækan vanda nokkurra nemenda.

	DRENGIR	STÚLKUR	ALLS	UMSJÓNARKENNARI
8. BEKKUR				
8. EE	11	15	26	Elena Einisdóttir
8. ES	11	15	26	Elías Sólmundarson
8. GUE	16	10	26	Guðmundur Einarsson
8. MB	10	14	24	Margrét Erla Björnsdóttir
8. SÁ	15	9	24	Sigríður Anna Ásgeirsdóttir
8. SR	12	13	25	Svandís Ríkharðsdóttir
ALLS	75	76	151	
9. BEKKUR				
9. HT	13	11	24	Halla Thorlacius
9. KG	14	10	24	Kristján Hrafn Guðmundsson
9. NT	10	15	25	Nanna Traustadóttir
9. RS	11	16	27	Ragnheiður Stephensen
9. RE	12	11	23	Reynir Engilbertsson
9. ÞJ	7	15	22	Þorkell Jóhannsson
9. SG	2	4	6	Sigurrós Á. Gunnarsdóttir
ALLS	69	82	151	
10. BEKKUR				
10. EHR	11	15	26	Erla Hrönn Randversdóttir
10. GK	14	8	22	Gísli Rúnar Konráðsson
10. IW	7	15	21	Ingimar Waage
10. KSS	11	13	24	Kristín Sigurleifsdóttir
10. KFS	14	11	24	Kristjana Fjóra Sigursteinsdóttir
10. SSH	13	12	24	Sigurður Stefán Haraldsson
ALLS	70	74	144	

Þróun nemendafjölda í Garðaskóla frá 2001

Fjöldi nemenda í Garðaskóla hefur aukist hægt og sígandi síðustu þrjú árin. Það er ánægjuleg þróun vegna þess að fjölbreytt námsframboð fyrir nemendur skólans byggir á fjölda nemenda.



Fyrirséð er að nemendum muni fjölga nokkuð á næsta skólaári og verða á bilinu 150-160 í hverjum árgangi.

VINNUVIKA NEMENDA

Á unglingastigi sækja nemendur 37 kennslustundir á viku. Fyrsta kennslustund í Garðaskóla hefst kl. 8.10 og skóladegi lýkur í flestum tilvikum á bilinu 14.20-15.20. Námið er fjölbreytt og mikil áhersla er lögð á að nemendum líði vel í skólanum og þeir njóti sín við nám og störf. Nemendur stjórna ferðum sínum um húsnæði og skólalóð sjálfir og þeir geta fengið lánaða bolta og fleira til útileikja á skrifstofu skólans. Kennslustundir eru brotnar upp með frímínútum og matarhléi.

Haustið 2012 tók Skólamat ehf. við rekstri á matsölu skólans og þar geta nemendur keypt heitan mat í hádeginu og ýmiss konar smávöru í öðrum hléum. Þótt óánægja sé viðvarandi með verðlagningu á lausri matvöru í matsölunni þá er vaxandi ánægja með vöruúrvalið, þjónustuna og heita matinn hjá Skólamat. Nemendum í áskrift að heitum mat hefur fjölgað hægt en örugglega undanfarin ár. Á nýliðnu skólaári voru rúmlega 40% nemenda í áskrift að heitum mat einu sinni í viku eða oftar en það er svipaður fjöldi og á síðasta skólaári á undan.

NEMENDAFÉLAGIÐ

Í nemendasamfélaginu starfa nokkrir hópar sem gegna ábyrgðarstörfum auk þess sem tveir fulltrúar nemenda sitja í skólaráði Garðaskóla. Félagsmálaval Garðalundar er öflugur hópur sem stendur að félagslífi nemenda við skólann, nánar má lesa um störf þess í [ársskýrslu Garðalundar](#). Nemendaráðgjafar starfa undir handleiðslu námsráðgjafa að ýmsum velferðarmálum nemenda, nánar má lesa um störf þeirra í [ársskýrslu náms- og starfsráðgjafa](#).

NEMENDARÁÐ GARÐASKÓLA 2014-2015

Tíu nemendur skipuðu nemendaráð Garðaskóla á árinu. Ráðið fundaði reglulega en markmið þess er að vinna að hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Nemendaráð kemur meðal annars að jafnréttismálum, matarmálum, húsnæði, umhverfismálum og öðru sem viðkemur málefnum nemendum skólans. Fulltrúar nemenda unnu úr

ábendingum í hugmyndakassa nemenda og unnu ötullega að því að koma skoðunum nemenda á framfæri við stjórnendur skólans.

Einn fulltrúi úr nemendaráði situr í skólaráði Garðaskóla og annar í ungmennaráði Garðabæjar. Mannauðsstjóri Garðabæjar hefur haldið utan um starf ráðsins og nánari upplýsingar um það má nálgast á [heimasíðu bæjarins](#).

Ingibjörg Anna Arnarsdóttir aðstoðarskólalastjóri stýrir störfum nemendaráðs og er tengiliður við starfsmenn.

Á vegum Garðalundar, í samstarfi við skólann, starfar Nemendafélag Garðaskóla sem skipuleggur félagslíf nemenda í skólanum. Nemendafélagið starfar að ýmsum málefnum nemenda í samstarfi við starfsfólk, t.d. námsráðgjafa. Nemendur hafa m.a. góða aðstöðu í skólanum til tónlistariðkunar og kvikmyndagerðar. Félagslíf nemenda er mjög öflugt og fjölbreytt. Meðal árlegra viðburða sem félagsmálahópurinn skipuleggur eru árshátíðin, dagur skólans og söngleikur að vori. Auk þessara stórvíðburða er fjöldi minni viðburða á dagskrá allt skólaárið. Nánar má lesa um verkefni félagsmálahópsins í [skýrslu Garðalundar](#).

Á vegum námsráðgjafa starfa nemendaráðgjafar sem gegna margvíslegum félagslegum hlutverkum, m.a. að kynna nýjum nemendum skólastarfið og taka þátt í hópastarfi með nemendum sem þurfa sértakan stuðning við aðlögun að skólanum. Þessir fulltrúar kynna jafnframt skólann út á við og taka á móti gestum. Nemendaráðgjafar hittu alla nemendur 8. bekkjar veturinn 2014-2015 og fjölluðu um einelti. Þá tóku þeir þátt í að kynna Garðaskóla fyrir nemendum sem voru að ljúka námi í barnaskólunum í Garðabæ. Nemendaráðgjafarnir vinna náið með nemendaráðgjöfum í systurskóla Garðaskóla í þessum málum, Holtaskóla í Reykjanesbæ. Nánar má lesa um störf nemendaráðgjafa í [skýrslu náms- og starfsráðgjafa](#).

STARFSMENN GARÐASKÓLA

Við skólann störfuðu alls 58 starfsmenn: kennarar, stjórnendur, stuðningsfulltrúar, skólaliðar, kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni, bókasafnsfræðingur og námsráðgjafar. Innan skólans unnu einnig starfsmenn annarra stofnana bæjarins svo sem starfsmenn Félagsmiðstöðvarinnar Garðalundar, hjúkrunarfræðingur, umsjónarmaður fasteignar og skólasálfræðingur. Rúmur þriðjungur starfsmanna eru karlmenn og hefur það kynjahlutfall haldist svipað um nokkurt skeið. Starfandi kennarar sinntu forfallakennslu eins og verið hefur undanfarin ár. Nánari upplýsingar um starfsmenn skólans er að finna á vefsíðu skólans.



*List- og verkgreinakennarar tóku þátt í „Frá frumkvæði til framkvæmdar“
þróunarverkefni í samstarfi við Flataskóla og Klifið*

STJÓRNENDUR OG NEMENDAVERND

Skólastjóri: Brynhildur Sigurðardóttir

Aðstoðarskólastjóri: Ingibjörg Anna Arnarsdóttir

Deildarstjóri 8. og 9. bekkja: Helga María Ólafsdóttir

Deildarstjóri 10. bekkjar: Sigurrós Gunnarsdóttir

Deildarstjóri námsvers: Guðný Þóra Friðriksdóttir

Kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni: Guðrún Björg Egilsdóttir, hætti um áramót. Hildur Rudolfsdóttir tók við starfinu 1. júní 2015

Náms- og starfsráðgjafar: Ásta Gunnarsdóttir, Auður Sigurðardóttir

Skólasálfræðingur: Brynjólfur G. Brynjólfsson

Skólahjúkrunarfræðingur: Sigrún Jensdóttir

FAGSTJÓRAR

Danska: Bergljót Böðvarsdóttir

Enska: Halla Thorlacius

Heimilisfræði: Kristján Rafn Heiðarsson

Íslenska: Gísli Rúnar Konráðsson

Íþróttir og sund: Rúnar Páll Sigmundsson

Myndmennt: Ingimar Waage

Náttúrufræði: Þorkell Jóhannsson

Stærðfræði: Elena Einisdóttir

Samfélagsfræði: Reynir Engilbertsson

Textílmennnt og smíði: Guðrún Björk Einarsdóttir

BREYTINGAR Í STARFSMANNAHÓPNUM

Nokkrir nýir kennarar tóku til starfa haustið 2014: Erla Hrönn Randversdóttir kenndi dönsku, Sigríður Anna Ásgeirsdóttir kenndi ensku og Sýlvía Gústafsdóttir kenndi hönnun og smíði. Gamall samstarfsmaður, Jóhann Örn Héðinsson kom inn í stundakennslu á vorönn 2015 og kenndi í námsveri Garðaskóla. Snemma hausts 2014 var Þórdís Pálsdóttir ráðin inn sem nýr skólaliði í fullu starfi.

Guðrún Björg Egilsdóttir kennsluráðgjafi til langs tíma fór í leyfi um áramót og sagði upp stöðu sinni á miðju vori. Nýr kennsluráðgjafi, Hildur Rudolfsdóttir, tók til starfa 1. júní 2015. Magnús Teitsson íþróttakennari var í veikindaleyfi allt skólaárið og Emine Gashi íþróttakennari var í fæðingarorlofi þar til í febrúarbyrjun. Í þeirra stað kenndu Rúnar Páll Sigmundsson og Ómar Ingi Guðmundsson íþróttir. Í styttri tíma leystu einnig af í íþróttadeildinni Ólafur Víðir Ólafsson og Helga Eggertsdóttir. Ásthildur Jónsdóttir sagði upp starfi sínu sem náttúrufræðikennari í kjölfar fæðingarorlofs.

Haustið 2015 hefja nokkrir nýir kennarar störf: Hilmar Þór Sigurjónsson verður samfélagsfræðikennari, Rúna Björk Guðmundsdóttir mun leysa af í íslenskudeildinni og Ásta Huld Henrysdóttir mun leysa af sem deildarstjóri 9. og 10. bekkjar. Lana Íris Dungal verður áfram stundakennari en nú í leiklist og Nína Hlöðversdóttir mun kenna stuttmyndagerð. Heiða Lind Sigurðardóttir var um mitt sumar ráðin í hlutastarf sem myndmenntakennari og mun hún leysa Auði Eddu Geirsdóttur af í fæðingarorlofi. Þórhallur Siggeirsson knattspyrnuþjálfari hjá Stjórnunni mun kenna þrjár valgreinar í skólanum, allar tengdar knattspyrnu. Sigurrós Gunnarsdóttir deildarstjóri og Kristín Sigurleifsdóttir íslenskukennari verða í námsleyfi 2015-2016. Kristjana Fjóla Sigursteinsdóttir samfélagsfræðikennari verður í launalaus leyfi.

Það mun hafa umtalsverð áhrif á vinnu fagdeilda í Garðaskóla á næsta skólaári að sex fagstjórar af tíu verða ekki endurráðnir í þá verkefnastjórn. Hópur fagstjóra ályktaði um málið vorið 2015 og stjórnendur sendu bæjaryfirvöldum sömuleiðis erindi vegna málsins. Sú breyting á kjarasamningi kennara að ekki er lengur skilgreint launalegt svigrúm til að umbuna fyrir sérstaka ábyrgð, verkefnastjórn og/eða vel unnin störf er mikil afturför að mati starfsmanna Garðaskóla.

Um leið og starfsmenn fagna nýjum samstarfsmönnum þá kveðja þeir samstarfsfólk sem hverfur til annarra starfa. Guðrúnu Björgu Egilsdóttur eru færðar sérstakar þakkir fyrir langt og farsælt samstarf á liðnum árum.

NEFNDIR OG RÁÐ

Nefndir og ráð innan Garðaskóla þjóna þeim tilgangi að fylgjast með afmörkuðum þáttum starfsins, móta stefnu og koma hugmyndum í framkvæmd. Síðustu ár hefur þátttaka nemenda og starfsmanna í ýmsum nefndum aukist. Þetta hefur eflt lýðræðisleg vinnubrögð og ferla innan skólans. Lögum samkvæmt starfar skólaráð við skólann sem fylgist með skipulagi og þróun starfshátta og gefur umsagnir um breytingar sem eru í farvatninu. Aðrar nefndir sem eiga sér fastan sess í starfi skólans eru t.d. eineltisteymi, nemendaráð, áfallaráð, starfsmannafélagið og Gagn og gaman nefndin. Nánari upplýsingar um hverjir sitja í starfandi nefndum má finna á [vefsíðu skólans](#).

Umhverfisnefnd undirbjó lokaáfangann í að uppfæra sorphirðumál skólans og umhverfisstefnu. Keyptir voru fjölnota plastbollar til að nota í foreldrakaffihús og vettvangsferðir í stað einnota mála. Einnig var bætt við borðbúnað í eldhúsi nemenda og á kaffistofu starfsmanna til að gera einnota áhöld óþörf í skólanum.

Kennararáð hitti skólastjóra nokkrum sinnum á árinu og fylgdist með innleiðingu á nýjum kjarasamningi kennara og fleiri málum. Þróunarhópar kennara í námsmati, læsi og spjaldtölvum störfuðu reglulega allt árið. Heilsuefningarnefndin skipulagði skólahlaup sem fram fór í júní og var það sérlega vel heppnaður viðburður.

STARFSÞRÓUN

Símenntunarnefnd skólans skráir óskir starfsmanna um starfsþróunarverkefni, forgangsraðar þeim og gerir áætlun um framkvæmd námskeiða.

Nefndin uppfærði [starfsþróunaráætlun skólans](#) en á skólaárinu 2014-2015 voru helstu starfsþróunarverkefni tengd læsi og upplýsingatækni. Allir kennarar tóku þátt í þróunarverkefninu *Læsi til náms* og nánar má lesa um það í ársskýrslu deildarstjóra námsvers. Læsisverkefninu verður framhaldið á næsta skólaári auk þess sem þá verður mikil áhersla lögð á vinnu tengda hæfniviðmiðum, námsmati og innra mati skólans. Skólinn hlaut styrk til fimm verkefna úr Þróunarsjóði grunnskóla í Garðabæ og verður lögð megináhersla á þau verkefni í komandi starfsþróunaráætlun.

FORELDRAR

Starfsfólk Garðaskóla er í góðu samstarfi við forráðamenn nemenda. Dagleg samskipti fara að miklu leyti fram í tölvupóstum og með skilaboðum í gegnum Námfús en símtöl og fundir eru notaðir því til viðbótar. Kynningarfundir um starf skólans eru snemma í september og formleg samtöl nemenda, forráðamanna og umsjónarkennara eru á dagskrá í október og janúar. Foreldrum er boðið með nemendum til kynningar á valgreinum snemma að vori og við ýmis fleiri tækifæri er þeim boðið að koma og fylgjast með starfinu, t.d. á Listadögum.

Fréttir af daglegu starfi skólans eru birtar á [vef Garðaskóla](#). Rafrænt [Fréttabréf skólans](#) mæltist vel fyrir og verður þróun þess haldið áfram.

Gagnkvæmur vilji skóla og foreldrasamfélags er fyrir því að fjölga skipulögðum viðburðum þar sem foreldrar koma inn og taka beinan þátt í starfsemi skólans. Huga þarf að þörf unglinga fyrir sjálfstæði þegar slíkir viðburðir eru skipulagðir og nauðsynlegt er að þeir séu hafðir með í ráðum við undirbúninginn. Aðkoma forráðamanna að starfsfræðslu skólans var frábær viðbót við þau verkefni sem fyrir voru.

Foreldrafélag Garðaskóla heldur aðalfund að vori og þá er kosin stjórn félagsins sem stjórnar síðan foreldrastarfi næsta skólaárs. Foreldrar bjóða sig fram sem bekkjarfulltrúar á fyrsta fundi foreldra með kennurum snemma í september ár hvert. Bekkjarfulltrúar sjá um viðburði bekkjardeilda og eru tengiliðir við stjórn foreldrafélagsins.

Foreldrafélagið á fulltrúa í skólaráði og í Grunnstoð Garðabæjar sem er samráðsvettvangur foreldrafélaga í Garðabæ. Haustið 2013 var fulltrúa foreldra líka boðið að starfa í [gæðanefnd skólans](#) og tók Þórhildur Ólafsdóttir það hlutverk að sér og sat áfram í nefndinni 2014-2015. Foreldrafélagið gegnir mikilvægu hlutverki í að styðja við starf skólans og koma sjónarmiðum foreldra á framfæri við ákvarðanatöku í skólanum. Starfsreglur og fundargerðir foreldrafélagsins eru birtar á [heimasíðu skólans](#).

SKÝRSLA STJÓRNAR FORELDRAFÉLAGSINS

Í vetur sátu sjö fulltrúar foreldra í stjórn foreldrafélagsins:

- Alda Ásgeirsdóttir fulltrúi stjórnar í Skólaráði (10. bekk)
- Edda Rósa Gunnarsdóttir formaður (10. bekk)
- Ellen Svava Guðlaugsdóttir fulltrúi stjórnar í Grunnstoð (9. bekk)
- Hrönn S. Steinsdóttir gjaldkeri (10. bekk)
- Ólína Rakef Þorvaldsdóttir (10. bekk)
- Guðfinna Eydal ritari (9. bekk)
- Berglind Bragadóttir, skólaráð (8. bekk).

Stjórnin fundaði u.þ.b. einu sinni í mánuði í vetur og þar af einu sinni með bekkjarfulltrúum. Einnig fundaði stjórnin einu sinni með Brynhildi skólastjóra og Gunnari forstöðumanni Garðalundar.

Helstu verkefni foreldrafélagsins í vetur voru að styrkja samskiptin við skólann og félagsmiðstöðina og finna vettvang þar sem foreldrafélagið gæti komið að fræðslu bæði fyrir nemendur og foreldra.

Foreldrafélagið heldur úti Facebook síðu og leitast við að efla hana. Einnig var foreldrafélagið með milligöngu um að finna foreldra til að aðstoða á árhátíð nemenda. Gekk það mjög vel og mikill áhugi var hjá foreldrum.

Draumaverkefni næsta haust (sem ekki náðust þetta árið):

- Halda áfram að styrkja tengsl foreldra við skólann og Garðalund.
- Hver árgangur sé með lokaða Facebook síðu þar sem hægt er að ræða málefni sem við koma árgangnum, leita ráða og fleira.
- Að foreldrafélagið taki þátt í Góðgerðadegi skólans með t.d. styrkjum.

Næsti vetur:

- Fundur með umsjónarkennurum og skólastjóra skólans.
- Fundur með starfsfólki Garðalundar í upphafi skólaársins.
- Skoða áhuga á foreldrarölti.
- Hvað tekur við eftir 10. bekk – námsráðgjöf fyrir foreldra og unglunga.

Bekkjarfulltrúar

Tveir bekkjarfulltrúar eru í hverjum bekk. Í vetur reyndu allir bekkjarfulltrúar að halda fjölskyldukaffi fyrir áramót eins og lagt var upp með á fundi í september. Eftir áramót var hugmyndin að hver bekkur myndi gera eitthvað frjálst. Við leggjum til að á fundi með bekkjarfulltrúum næsta haust verði tveir atburðir ákveðnir, einn fyrir áramót og einn eftir. Ef bekkjarfulltrúar hafa aðrar hugmyndir má annað hvort bæta þeim við eða skipta út viðburði að vori. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að:

- Stuðla að auknu samstarfi foreldra, kennara og nemenda innan hvers bekkjar.
- Vera tengiliður foreldra við stjórn foreldrafélagsins.
- Skipuleggja bekkjarskemmtanir í samvinnu við fulltrúa nemenda og umsjónarkennara.
- Mæta á bekkjarfulltrúarfundi.

Skólaráð

Skólaráð Garðaskóla starfar samkvæmt 8. grein laga nr. 91/2008 um grunnskóla og reglugerð nr.1157 um skólaráð við grunnskóla. Verkefni skólaráðs er að taka þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólalagd. Skólaráð er afar mikilvægur lögbodinn vettvangur foreldra til að koma skoðunum sínum á skólastarfi á framfæri við skólastjórnendur grunnskóla. Ítarlegri upplýsingar um skólaráð má finna á heimasíðu Garðaskóla.

Foreldrar eiga tvo fulltrúa í skólaráði. Fulltrúar foreldra í skólaráði árið 2014- 2015 voru Berglind Bragadóttir, sem einnig á sæti í Grunnstoð og Alda Ásgeirsdóttir, fulltrúi frá stjórn foreldrafélagsins. Skólaráð hefur fundað fimm sinnum í vetur og mun síðasti fundurinn verða í júní og má finna fundargerðir á heimasíðu skólans. Á fundunum var m.a. fjallað um skólanámskrá, skóladagatal, ársskýrslu, viðmiðunarstundaskrá, starfsáætlun skólans, heilsustefnu skólans, 60 mín kennslustundir, prófafyrirkomulag, lífsleikni, skólamat, uppbrotsdaga og fjarvistir, sundtíma nemenda, Námfús -nýtt skólaskráningarkerfi og skipulag skólasvæðis.

Grunnstoð Garðabæjar

Grunnstoð Garðabæjar er samráðsvettvangur foreldrafélaga í Garðabæ. Þar eiga sæti tveir fulltrúar frá öllum grunnskólum bæjarins, annar fulltrúinn er í stjórn foreldrafélagsins og hinn er fulltrúi í skólaráði. Fulltrúar Garðaskóla í vetur voru Berglind Bragadóttir fulltrúi í skólaráði og Ellen Svava Guðlaugsdóttir úr stjórn foreldrafélagsins. Tilgangur Grunnstoða er að efla rödd foreldra sem hagsmunahóps og sameina krafta þeirra til góðra verka í skólamáli. Samstarfið auðveldar foreldrafulltrúum að vera bæjaryfirvöldum til aðstoðar og ráðuneytis um skóla- og fjölskyldumál. Grunnstoð er í samstarfi við Heimili og skóla – landssamtök foreldra.

Grunnstoð Garðabæjar skipar fulltrúa úr sínum röðum í skólanefnd til tveggja ára í senn sem og varafulltrúa. Fulltrúi foreldra situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt sbr. 4 málsgrein 6. greinar grunnskólalaga nr. 91/2008. Í vetur var fulltrúi foreldra í skólanefnd Berglind Bragadóttir, Garðaskóla. Fulltrúar í Grunnstoðum funda að jafnaði þrisvar til fjórum sinnum á önn og má finna fundargerðir á heimasíðu Garðabæjar undir þjónusta/Skólar og Menntun/Grunnskólar. Verkefni Grunnstoða eru m.a. að skipuleggja fræðslufund fyrir foreldra sem haldinn er árlega á vorönn og funda með bæjarstjóra tvisvar sinnum á vetri og koma þar milliliðalaust á framfæri óskum og athugasemdum foreldra.

Lokaorð

Þetta er búið að vera skemmtilegt ár og margar góðar hugmyndir komið fram sem foreldrafélagið mun halda áfram að vinna að. Breytingar verða á stjórninni þar sem Alda, Edda Rósa, Guðfinna og Ólína kveðja stjórnina. Við þökkum fyrir okkur og óskum ykkur gleðilegs sumars.

Alda, Edda Rósa, Ellen, Guðfinna, Hrönn og Ólína



Forráðamenn mættu vel á fræðsluvöld þar sem Þórdís Elva Þorvaldsdóttir flutti erindi um „sexting“, hefndarklám og samskipti á netinu.

SKÓLARÁÐ

Skólastjóri ber ábyrgð á að kalla saman skólaráð ár hvert og stýrir starfi þess. Skólaráð starfar skv. reglugerð nr. 1157/2008 og er meginverkefni þess að vera samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólalald. Skólaráð fjallar um og tekur þátt í stefnumörkun skólans og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólalald.

Í skólaráði sitja tíu fulltrúar: skólastjóri og aðstoðarskólastjóri, tveir fulltrúar kennara, fulltrúi annarra starfsmanna skólans, tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar nemenda og fulltrúi grenndarsamfélagsins. Starfsreglur og fundargerðir skólaráðs eru birtar á [heimasíðu skólans](#).

Skólaárið 2014-2015 hélt skólaráð fimm fundi og var einn þeirra sameiginlegur fundur skólaráðs, nemendaráðs og kennararáðs. Fyrsti fundur var haldinn 1. október en ráðið vill gjarnan geta hist enn fyrr í skólabyrjun. Meðal mála sem voru rædd voru skóladagatal, innleiðing Námfúss og 60 mín kennslustunda, umhverfisstefna skólans, breytingar á punktakerfi vegna skólasóknar og ályktað var um notkun rafbóka. Á síðasta fundi ráðsins var lokaumræða um gildi skólans og samþykkt að þau væru fjögur: frelsi, ábyrgð, vellíðan og árangur.

SJÁLFSMATSSKÝRSLA

Gæðanefnd skólans leggur línur varðandi innra mat og sér um framkvæmd þess á formlegan hátt. Í gæðanefnd sátu skólaárið 2014-2015 Brynhildur Sigurðardóttir skólastjóri, Sigurður Stefán Haraldsson kennari og Þórhildur Ólafsdóttir fulltrúi foreldra. Sigurður hélt utan um kannanir Skólapúlsins og vann skýrslur um niðurstöður þeirra. Auk þeirra gagna sem þar safnast hafa stjórnendur Garðaskóla um árabíl lagt sig fram um að hlusta á starfsmenn, nemendur og foreldra, m.a. með reglulegum heimsóknum í alla bekki og umræðufundum í rýnihópum foreldra og starfsmanna. Þessir rýnifundir gegna enn mikilvægum þætti í sjálfsmati skólans.

Skólaárið 2014-2015 lagði gæðanefnd áherslur á eftirfarandi atriði:

- Nýta kannanir Skólapúlsins markvisst til að fylgjast með þróunarstarfi:
 - Innleiðing á 60 mín kennslustundum.
 - Innleiðing á Námfúsi.
 - Breytt skipulag og innihald umsjónartíma.
 - *Læsi til náms.*
- Samræma rýni í niðurstöður samræmdra prófa við aðra grunnskóla í Garðabæ og kynna niðurstöðurnar vel í skólasamfélaginu.
- Ljúka endurskoðun og birtingu skólanámskrár á vef skólans.
- Skólastjórnendur afla markvisst upplýsinga og nýta þær jafnóðum til að skilgreina styrkleika og veikleika í skólastarfinu og koma málum í réttan farveg.
- Rýnivíðtöl skólastjórna með umsjónarbekkjum, nemendaráði og foreldrafélagi.
- Starfsmannavíðtöl sem skólastjóri/aðstoðarskólastjóri eiga með öllum starfsmönnum a.m.k. einu sinni á ári.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum innra mats Garðaskóla 2014-2015.

ÞRÓUNARSTARF

Breytingin úr 40 í 60 mínútna kennslustundir gekk vel og lýsa nemendur jafnt sem starfsmenn ánægju með breytinguna. Kennarar telja lengri kennslustundir henta betur til að byggja kennsluna upp á markvissan hátt. Góður tími sé til að leggja inn efni og fyrirmæli um vinnu nemenda, nemendur fá góðan tíma til verkefnavinnu og tími er til að draga saman og ljúka kennslustundinni á skipulegan hátt. Nemendur bentu á að skólataskan væri léttari þar sem færri námsgreinar væru á stundaskrá á hverjum skóladegi. Þeir voru einnig ánægðir með að minna röt væri á skóladeginum þar sem sjaldnar var skipt um kennslustundir. Nemendur voru ánægðir með að hafa 5

mínútur til að komast á milli kennslustunda, sumir hefðu þó viljað hafa hléin lengri. Lengri hlé þýða lengri skóladag en helsti ókostur nýju stundatöflunnar var að lengstu skóladögum nemenda lauk ekki fyrr en kl. 16.20 og þeir nemendur og kennarar sem þurftu að vinna svo lengi kvörtuðu yfir því að lítil starfsorka væri eftir í lok slíkra daga. Stefnt verður að því að lágmarka svo langa skóladaga á næsta skólaári.

Innleiðingin á Námfúsi útheimti mikla orku hjá starfsmönnum, nemendum og forráðamönnum framan af skólaárinu. Starfsmenn töldu sig þó hafa góðan stuðning við að læra á nýtt kerfi og allir aðilar voru ánægðir með að starfsfólk Námfúss var tilbúið að laga allt sem beðið var um. Í lok skólaársins hafði ánægja með kerfið aukist og margir orðnir vanir notkun þess. Námfús hefur þó enn vankanta sem nauðsynlegt er að sníða af og verður þeirri þróunarvinnu haldið áfram á næsta ári. Helstu ókostir eru hversu langar leiðir eru að ákveðnum atriðum, t.d. útprentun gagna og að letur er of stórt og því taka gögn of mikið pláss bæði á skjá og pappír.

Breyting á skipulagi umsjónartíma og lífsleiknikennslu gekk hægt fyrir sig. Um mitt skólaár voru nemendur farnir að kvarta yfir því að lífsleiknikennsluna skorti í skólanum og var sú gagnrýni réttmæt. Umsjónarkennarar unnu að því allan veturinn að setja upp og endurskoða kennsluáætlun þannig að rými væri til að vinna vel að ástundunarmálum og öðrum umsjónarverkum samhliða lífsleiknikennslunni. Þessari endurskoðun verður framhaldið á næsta skólaári og ljóst að reynsla vetrarins var lærdómsrík.

Verkefnið *Læsi til náms* tók talsverðan tíma í undirbúningi kennara og voru fagdeildir misáhugasamar um að leggja aukna áherslu á læsi. Á vorönn var þó ljóst að kennarar nýttu vel þann lærdóm sem í boði var á námskeiðum með læsiráðgjafanum og kennsluhættir tóku breytingum í þá átt að virkja nemendur til fjölbreyttari vinnu með það að markmiði að efla læsi þeirra. Samhliða verkefninu var yndislestur innleiddur að nýju eftir nokkurra ára hlé. Áður hafði yndislesturinn heyrt undir íslenskudeild skólans en í janúar 2015 var tekinn upp daglegur yndislestur sem fram fer í öllum faggreinum. Í 20 mín á dag lesa allir nemendur og starfsmenn en tíminn færist til milli vikna. Mikil ánægja var með það hjá nemendum og forráðamönnum að fá yndislesturinn aftur inn í skólastarfið.

The image shows a screenshot of the Námfús website. At the top left is the Námfús logo. The main heading is "Skilvirkara skólastarf, bætt samskipti og betra nám". Below this is a paragraph describing the platform's features: "Á Námfúsi er allt það helsta sem skólar nota t.d. vitnisburður, hæfnivíðmið, aðalnámskrá, skólanámskrá, ástundun, stundaskrár, póstur, sms, viðburðadagatal, stöðumat, foreldrafundur, dagbók, heimavinna, verkefnabanki, spurningabanki, gagnvirk verkefni, venskap og talgervill. Kennari hefur góða yfirsýn yfir stöðu hvers nemanda. Það er auðvelt að nota vefinn og góðar leiðbeiningar eru fyrir notendur." Below this is a button that says "Pantaðu prufuáðgang". To the right is a login form titled "Innskráning" with fields for "Kennitala" and "Lykilorð", and a "Skrá mig inn" button. Below the login form is a section titled "Aðgengi hvar og hvenær sem er" with a paragraph: "Námfús er hægt að nota á tölvum, spjaldtölvum og sínum. Námfús er veflausn og ekki þarf að setja inn nein forrit til að nota vefinn. Námfús virkar fyrir alla vafra. Kennarar, skólastjórnendur, nemendur, aðstandendur og sveitarfélög hafa aðgang að Námfúsi." At the bottom of the screenshot are images of a smartphone, a tablet, and a laptop displaying the Námfús interface.

Námfús er samskiptaforrit Garðaskóla

GILDI GARÐASKÓLA

Á fundi skólaráðs 1. júní 2015 var löng umræða um gildi skólans. Farið var yfir niðurstöður af umræðufundum starfsmanna og nemenda og úr rafrænni könnun til forráðamanna. Niðurstaðan var að fjögur gildi voru valin sem einkennisorð Garðaskóla:

FRELSI – ÁBYRGÐ – VELLÍÐAN – ÁRANGUR

Á komandi ári verða einkennisorðin sett upp í birtingarmynd skólans: á vef, bréfsefni og víðar. Starfsfólk mun huga að því hvernig unnið verður með gildin þannig að þau verði lifandi leiðarljós í starfi skólans. Skólastjóri lagði út frá gildunum í ræðum sínum við lok skólaárs og útskýring á þeim hefur verið [birt á vef skólans](#).

SAMRÆMD PRÓF

Nýtt skapalón skóladeildar til greiningar á niðurstöðum samræmdra prófa var tekið í notkun. Framsetning á niðurstöðum tók nokkrum breytingum en helst má rekja þær til þess að nú voru einkunnir birtar í bókstöfum en ekki talnaeinkunum. Skýrsla um niðurstöður samræmdra prófa haustið 2014 má lesa á [vef skólans](#). Niðurstöður eru sambærilegar við undanfarin ár og skólinn er stoltur af góðum námsárangri nemenda.

Normaldreifðar einkunnir í öllum námsgreinum á kvarðanum 0-60				
	Garðaskóli	Landið	Hlutfall milli GS og landsins *	Þátttaka
10. bekkur Íslenska	31,7	30	+ 5,6%	95,2%
10. bekkur Enska	32,5	30	+ 8,3%	95,2%
10. bekkur Stærðfræði	33,5	30	+ 11,7%	94,7%

* segir til um hvað normaldreifð einkunn Garðaskóla er mörgum % hærri/lægri en landsmeðaltal.

ENDURSKOÐUN SKÓLANÁMSKRÁR

Endurskoðun skólanámskrár var framhaldið en lauk ekki á skólaárinu. Nýr kennsluráðgjafi tók til starfa í byrjun júní 2015 og tók strax til við að laga uppsetningu á skólanámskrá og öðru efni á vef skólans. Vinna við endurskoðunina tekur ennþá lengri tíma en skólastjóra þykir ásættanlegt. Þetta stafar af umfangi endurskoðunarinnar, innleiðingu kennsluhátta í anda skólanámskrár en ekki næst að skrásetja hluti jafnóðum og þeir eru settir í framkvæmd. Að lokum má nefna að nýir kjarasamningar kennara og innleiðing á vinnumati þeirra tekur umtalsverðan stjórnunartíma og um leið tíma frá öðrum verkefnum.

Þótt meginhluta skólanámskrár vanti enn á [vef skólans](#) má þó sjá þar miklvæga hluta hennar.

SKÓLAPÚLSINN

Fráfarandi kennsluráðgjafi í upplýsingatækni hélt utan um framkvæmd á könnunum Skólapúlsins á haustönn 2014 en í fjarveru hans á vorönn tók Sigurður Stefán Haraldsson við þeim framkvæmdahluta. Auk þess las Sigurður allar niðurstöður Skólapúlsins og dró saman skýrslur um hverja könnun. Á skólaárinu var spurningalisti Skólapúlsins lagður fyrir úrtak nemenda í október og apríl, alls um helming nemenda skólans. Þetta er breyting frá fyrra fyrirkomulagi þar sem könnun var lögð fyrir minna úrtak í hverjum mánuði. Ástæða þessarar breytingar var að umfang vinnunnar við að ná nemendum inn í könnun var mikið og ákveðna mánuði náðist ekki lágmarks

Þátttaka og þar með var ekki hægt að lesa úr gögnum. Slíkt rof myndaðist sérstaklega þegar uppbrot var mikið í skólstarfi eins og í kringum vetrar- og páskaeyfi á vorönn. Skýrar niðurstöður fengust úr nemendakönnunum þetta árið og gæðanefnd er því ánægð með þetta breytta fyrirkomulag.

Könnun var lögð fyrir foreldra í febrúar og fyrir starfsmenn í mars. Allar kannanir Skólapúl síns eru rafrænar og öllum skilmálum persónuverndar fylgt. Kannanirnar gefa margvíslegar upplýsingar og gera skólum kleift að bera stöðu sína saman við stöðu annarra skóla á Íslandi sem taka þátt í sömu könnunum. Nánari upplýsingar má nálgast á [heimasíðu Skólapúl síns](#).

Samantektir á niðurstöðum Skólapúl síns má lesa á [vef skólans](#).



Orðaský úr opnum svörum starfsmanna í Skólapúl sí mars 2015

STARFSMANNAVIÐTÖL

Skólustjóri tók viðtöl við kennara skólans á tímabilinu febrúar til maí 2015. Í viðtölunum var rætt um vinnumat næsta skólaárs og kennarar lögðu fram óskir sínar varðandi það. Auk þess skiluðu þeir inn óskum sínum um kennslu á komandi ári.

Viðtölin voru ekki fullgild starfsmannaviðtöl vegna þess hversu mikla tengingu þau höfðu við nýgerðan kjarasamning kennara og ferlið við að læra á hann. Viðtölin gefa skólustjóra samt sem áður ómetanlega innsýn í starf skólans og vinnuumhverfi kennara. Þau eru mikilvæg til að hver starfsmaður geti komið ábendingum skýrt á framfæri til stjórnenda og skólustjóri leggur sig fram um að koma öllum málum í skýran farveg.

ÁRSSKÝRSLUR DEILDARSTJÓRA OG FAGSTJÓRA

Seinni hluti ársskýrslunnar samanstendur af skýrslum fagstjóra, deildarstjóra, náms- og starfsráðgjafa og forstöðumanna skólasafns og Garðalundar. Þessar skýrslur segja frá daglegu starfi skólans og leggja á það mat.

SKÝRSLA DEILDARSTJÓRA ÁRGANGA

Deildarstjórar árganga eru tveir við Garðaskóla; Helga María Ólafsdóttir og Sigurrós Á. Gunnarsdóttir.

Starf deildarstjóra árganga er margþætt. Þeir vinna með og aðstoða í margvíslegum málum í samvinnu og samráði við deildarstjóra námsvers og skólustjórnendur, kennara, forráðamenn, námsráðgjafa og aðra fagaðila skólans. Deildarstjórar sjá m.a. um röðun nemenda í bekkjardeildir í 8. bekki og hafa umsjón með töflubreytingum. Þeir

sitja skilafundi vegna nemenda sem koma í 8. bekk. Þá fundi sitja einnig fyrrverandi umsjónarkennarar, deildarstjórar og sérkennarar nemenda í 7. bekkjum. Í samráði og samvinnu við námsráðgjafa sjá deildarstjórar um móttöku nýrra nemenda í skólann. Hlutverk umsjónarkennara er viðamikil og styðja deildarstjórar við starf þeirra, skipuleggja og sitja reglulega fundi þar sem starfið er undirbúið og samræmt. Deildarstjórar fylgjast með skólasókn og ástundun nemenda og bregðast við með viðeigandi aðgerðaráætlunum þegar þörf er á. Þeir stjórna samráðsfundum með forráðamönnum nemenda þegar ástæða þykir til. Deildarstjórar skipuleggja kynningu á skólastarfinu fyrir forráðamönnum og nemendum sem hafa sótt um skólagöngu í Garðaskóla. Auk kennara- og starfsmannafunda sem deildarstjórar undirbúa með skólastjórnendum, funda þeir reglulega með öðrum stjórnendum skólans og námsráðgjöfum. Þeir sitja einnig samráðsfundi með öðrum sérfræðiaðilum skólans á lögbundnum nemendaverndarráðsfundum. Deildarstjórar árganga vinna náið með deildarstjóra námsvers að skipulagningu og framkvæmd sérúrræða fyrir einstaklinga, smærri og stærri hópa. Í ákveðnum tilvikum eru myndaðir litlir hópar nemenda sem þurfa mikinn og sértækan stuðning. Einn slíkur hópur var í umsjá deildarstjóra í vetur. Í samráði við skólastjórnendur sjá deildarstjórar árganga um að undirbúa skólaetningu og skólaslit, skipuleggja þema- og uppbrotsdaga hvort heldur sem er vegna annaruppbrotta, forvarnarskrá, kannana eða annarra tilfallandi viðburða. Deildarstjórar skipuleggja prófadaga og eru prófstjórar á formlegum prófdögum. Deildarstjórar vinna í nánú samstarfi við félagsmiðstöðina Garðalund og má þar nefna skipulag ferðalaga og ýmissa viðburða.

Samstarf við sérfræðiaðila. Deildarstjórar starfa í nánú samstarfi við marga sérfræðiaðila innan og utan skólans. Samstarf við skólahjúkrunarfræðing fer m.a. fram á samráðsfundum nemendaverndarráðs og er eins og áður mikilvægur þáttur í góðri líðan nemenda. Skólasálfræðingur situr einnig nemendaverndarráðsfundi en hann er fyrst og fremst greiningaraðili nemenda og aðstoðar við að finna úrræði m.a. fyrir þá sem þurfa viðtalsmeðferðir. Deildarstjórar og aðrir starfmenn eru honum innan handar í sambandi við upplýsingagjöf um nemendur. Deildarstjórar hafa einnig verið í miklu og góðu samstarfi við barnaverndaryfirvöld sem er mikilvægt og hluti af því að styrkja og bæta líðan nemenda. Námsráðgjafar og deildarstjórar vinna náið saman að því sameiginlega markmiði að bæta líðan nemenda og er það samstarf mikilvægur þáttur í meðferð og við úrlausn nemendamála. Einnig ber að nefna gott og mikilvægt samstarf við starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar Garðalundar.

Umsjón. Í Garðaskóla er gott utanumhald við nemendur. Umsjónarkennarar hitta nemendur sína í vikulegum umsjónartíma. Í kjölfar breytinga á viðmiðunarstundaskrá fékk umsjónartíminn nýtt og viðameira hlutverk. Lífsleiknikennsla skólans var að miklu leyti færð í umsjónartímana. Mikið þróunarstarf fór fram í vetur þar sem umsjónarkennarar og stjórnendur skólans þróðu námskrá fyrir greinina. Námssefni var að miklu leyti sett saman af deildarstjórum, námsráðgjöfum og umsjónarkennurum. Auk þessa var umsjónartíminn nýttur í yfirferð skólasóknar, mikilvægum skilaboðum var komið á framfæri og farið yfir málefni líðandi stundar. Kannanir voru lagðar fyrir í umsjónartímum auk ýmissa gestaverkefna sem annað hvort fóru inn í hvern bekk eða voru flutt á sal skólans fyrir heila árganga. Í umsjónartímum var lögð áhersla á góðan bekkjaranda til að skapa jákvæðan skólabrag. Kennsluáætlanir má sjá á [heimasiðu skólans](#) þar sem gerð er grein fyrir hæfniviðmiðum og lykilhæfni sem stefnt var að í umsjónartímum. Tímasetning umsjónartímanna skaraðist í stundaskrá nemenda í vetur og lágu að hádegishléi. Deildarstjórar telja að betur færi á því að umsjónartímar árganganna væru á sama tíma og fyrr að morgninum. Það kæmi betur út þegar t.d. um gestakennara er að ræða eða aðra sameiginlega dagskrá.

Uppbygging. Deildarstjórar koma að málum nemenda á margvíslegan máta, þ.m.t. eru agamál. Í Garðaskóla er stefnan sú að vinna agamál á þann hátt að allir aðilar komi sem sterkastir frá samskiptum, tilbúnir til að ná betri stjórn á eigin hegðun og reiðubúnir að líta í eigin barm. Öllum getur orðið á hvort heldur það eru starfsmenn eða nemendur. Þegar um mistök er að ræða, mistök í hegðun, umgengni eða samskiptum þá þarf að leiðrétta þau á árangursríkan hátt. Uppbyggingarstefnan er sú leið sem Garðaskóli hefur valið hentugasta. Í samskiptum sínum við nemendur vinna deildarstjórar samkvæmt þeim hugmyndum. Þegar nemandi áttar sig á að honum hafi orðið á mistök gefst honum tækifæri til að vinna á jákvæðan hátt úr sínum málum og snúa sterkari til baka. Nemandinn fær val um leiðir til lausnar, hann getur valið að fara milda og árangursríka leið eða taka skilgreindum afleiðingum gjörða sinna. Ef um alvarleg brot er að ræða þá gilda ákveðin viðurlög eftir eðli brota.

SKÓLASÓKN OG ÁSTUNDUN NEMENDA


Ástundun og vinnuferlar. Garðaskóli leggur áherslu á að nemendur stundi nám sitt af festu og sæki skóla sinn vel. Góð skólasókn er lykill að góðum námsárangri. Deildarstjórar og aðrir starfsmenn leggja höfuðáherslu á þetta við alla nemendur og fylgist daglega með skólasókninni. Undanfarin ár hefur það færost í vöxt að beðið er um leyfi fyrir nemendur af ýmsum ástæðum. Mikil ábyrgð fylgir því að taka leyfi á skólatíma. Það gerir miklar kröfur um skipulag á viðkomandi nemanda og eykur álagið í skólanum þegar úr fríinu er komið.

Ef upp koma tilvik þar sem skólasókn er ábótavant er gripið til verkferla og nemendur aðstoðaðir við að koma málum sínum í réttan farveg. Umsjónarkennarar halda utan um skólasókn umsjónarnemenda sinna og senda forráðamönnum vikulegt yfirlit skólasóknar og ástundunar í gegnum Námfús. Nemendur sem ítrekað koma of seint eða skráðir eru með ólögmetar fjarvistir eru boðaðir í viðtal hjá umsjónarkennara og/eða deildarstjóra ef engar skýringar berast. Ef vanhöld eru á skólasókn eru forráðamenn kallaðir til ábyrgðar.


Allt utanumhald um skólasókn og ástundun er unnið í samræmi við lög um grunnskóla nr. 91/2008 gr. 3, 15 og 19 og reglugerð um ábyrgð og skyldur allra aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011 gr. 3, 4 og 5. Í þeim tilvikum þar sem aðgerðaráætlanir bera ekki árangur eru mál tilkynnt fræðslu- og barnaverndaryfirvöldum sem grípa inn í og aðstoða hlutaðeigandi eins og þurfa þykir.

Skólasókn og ástundun nemenda í 8. bekk. Meirihluti nemenda eða 83% var með góða eða frábæra skólasókn miðað við allt skólaárið sem telst ásættanlegt. Veikindi og leyfi hafa ekki áhrif á skólasóknareinkunn. Skólasóknareinkunn sýnir því ekki í öllum tilfellum rétta mynd af viðveru nemenda.

Dreifing skólasóknareinkunna í 8. bekk á skólaárinu 2014-2015 var eins og eftirfarandi mynd sýnir:




Ástæða fjarveru nemenda í kennslustundum koma til m.a. vegna veikinda, leyfa eða óútskýrðra fjarvista. Mikil fjarvera hefur truflandi áhrif á framvindu námsins. Fjarvera nemenda var eins og eftirfarandi mynd sýnir:




Það vekur athygli að veikindadögum fjölgar um 70% á vorönn. Aukning er einnig í leyfisbeiðnum eða um 58%. Þessa aukningu má ef til vill að einhverju leyti skrifa á leyfisdag í kringum fermingar svo og vegna skíðaferða eða annarra ferða með foreldrum. Aukist hefur að fjölskyldur framlengi vetrar- og páskaleyfi vegna ferðalaga. Ólögmaetum/óútskýrðum fjarvistum hefur fjölgað um 58% frá haustönninni sem er miður. Það er nauðsynlegt að taka sérstaklega á skólasókn almennt á næsta skólaári. Það verður að segjast að slaka skólasókn má skrifa á örfáa nemendur sem hefur mikil áhrif á heildarmyndina. Meirihluti nemenda stendur sig ágætlega og stundar nám sitt af metnaði.

Skólasókn og ástundun nemenda í 9. bekk. Rúmlega helmingur nemenda eða 60% var með góða eða frábæra skólasókn miðað við allt skólaárið. Veikindi og leyfi hafa ekki áhrif á skólasóknareinkunn þannig að einkunnin fyrir skólasókn sýnir ekki í öllum tilfellum rétta mynd af viðveru nemenda.

Dreifing skólasóknareinkunna í 9. bekk á skólaárinu 2014-2015 var eins og eftirfarandi mynd sýnir:




Skólasókn nemenda var eins og eftirfarandi mynd sýnir:




Veikindadögum frá haustönn fram á vorönn fjölgaði um 13%. Það er tiltölulega lítil aukning. Mikil aukning er aftur á móti í leyfisbeiðnum eða 65%. Það má að einhverju leyti skrifa á leyfi vegna skíðaferða eða ferða með foreldrum. Færst hefur í vöxt að forráðamenn biðji um leyfi vegna ferðalaga og það skýrir eitthvað. Fjöldi útskýrðra/ólögmætra fjarvista fækkar á vorönn en þeim þarf að fækka enn frekar. Þess verður að geta að lítill hópur nemenda er með slæga skólasókn sem hefur áhrif á heildarmyndina. Mikilvægt er að halda vel utan um skólasókn árgangsins og grípa strax inn í að hausti.

Skólasókn og ástundun nemenda í 10. bekk. Meirihluti nemenda eða 74% var með góða eða frábæra skólasókn yfir skólaárið. Veikindi og leyfi hafa ekki áhrif á skólasóknareinkunn. Skólasóknareinkunnin sýnir því ekki í öllum tilvikum rétta mynd af viðveru nemenda. Dreifing skólasóknareinkunna í 10. bekk á skólaárinu 2014-2015 var eins og eftirfarandi mynd sýnir:



Skólasókn nemenda var eins og eftirfarandi mynd sýnir:



Veikindadögum fjölga frá haustönn fram á vorönn um 13%. Það er hófleg aukning. Fjölgun leyfisfjöldis er aftur á móti gríðarleg eða 106%. Það má að einhverju leyti skrifa á leyfi vegna skíðaferða á vegum Garðalundar og/eða ferða með forráðamönnum. Ólöglegum/óútskýrðum fjarvistum fækka aftur á móti um 77% og það er ánægjulegt. Hugsanlega má rekja ástæðu fækkandi fjarvista til þess að framhaldsskólinn er í augnsýn og forráðamenn duglegri við að senda inn skýringar á fjarveru. Góð skólasókn skiptir máli þegar sótt er um inngöngu í framhaldsskóla og tryggja á örugga stöðu á vinnumarkaði í framtíðinni.

SÉRÚRRÆÐI FYRIR NEMENDUR MEÐ SLAKA SKÓLASÓKN OG MARGÞÆTTAN VANDA

Garðaskóli leggur mikla áherslu á góða skólasókn nemenda. Um mitt skólaár var ljóst að nokkrir nemendur í 9. bekk rákust illa í skólanum. Þeir áttu það sameiginlegt að sækja skólann lítið, sinna náminu illa og fara ekki að settum reglum. Margt var reynt. Stundaskrár þessara nemenda voru skoðaðar, námsgreinum fækkað og hliðrað til svo hver og einn fengi kennslumagn við hæfi. Þessi úrræðu auk samráðs og aðhalds með forráðamönnum dugðu ekki til úrbóta. Þá var brugðið á það ráð í samvinnu við alla aðila er að nemendum kom að búa til lítinn bekk fyrir þennan tiltekna hóp nemenda. Hugmyndin var borin undir skóladeild og fjölskyldusvið sem samþykktu hugmyndina og lögðu til fjármagn í framkvæmd hennar. Þegar samþykki lá fyrir fórum við af stað með úrræðið.

Stundaskrá litla hópsins taldi þrjár kennslustundir á dag. Tímaramminn var frá klukkan 9:30 - 12:10 auk valgreina sem nemendur sóttu hver að eigin vali. Hópurinn fékk sína heimastofu, þar sem öll gögn voru á einum og sama staðnum og var það gert til að ýta undir öryggi þeirra og vellíðan í skólanum. Aðalmarkmiðið var að fá þessa nemendur til að mæta í skólann. Vonuðumst við til þess að upplifun þeirra í skólanum yrði jákvæðari og þeir kæmu með öðru hugarfari í 10. bekk. Skólasóknin lagaðist hjá flestum en ekki öllum. Mikla ánægju mátti finna hjá þeim er stunduðu skólann, þeir urðu öruggari, glaðari og jákvæðari.

Umsjónarkennari sem einnig var deildarstjóri árgangsins var í miklu samstarfi við kennara hópsins, foreldra og nemendurna sjálfa. Námsráðgjafar komu inn vikulega með margs konar lífsleiknitengd verkefni.

Þær námsgreinar sem nemendum bauðst voru allar bóklegar. Æskilegt væri að hópur af þessu tagi fengi einnig list- og verkgreinakennslu auk íþróttakennslu sem væri löguð að þörfum hópsins.

Úrræðið skilaði góðum árangri. Öllu skipti að flestir nemendurnir stórbættu skólasókn sína. Að vori var ákveðið að hópurinn héldi ekki áfram á sömu forsendum heldur væri nemendum treystandi til að sækja almenna ferðakerfi skólans haustið 2015.

VIÐBURÐADAGATAL SKÓLAÁRSINS

Hér má sjá viðburðadagatal skólaársins 2014 - 2015. Helstu viðburðir og annað er tengist skólstarfinu er skráð í eftirfarandi töflu. Listinn er alls ekki tæmandi en gefur ákveðna mynd af starfsemi skólans.

Haustönn 2014		
Vika 1	25. - 29. ágúst	● Skólasetning 25. ágúst. ● Kynningarfundur fyrir forráðamenn 8. árg. 25. ágúst.
Vika 2	1. - 5. september	● Foreldrafundur 3. sept.
Vika 3	8. - 12. september	●
Vika 4	15. - 19. september	● Landnámssetrið 8. árg.
Vika 5	22. - 26. september	● Samræmd próf 22. - 24. sept. ● Fermingarferðir 22. - 25. sept.
Vika 6	29. sept. - 3. október.	● Forvarnardagur 1. okt. Allir árg.
Vika 7	6. - 10. október	●
Vika 8	13. - 17. október	● Rýmingaræfing 16. október
Vika 9	20. - 24. október	● Foreldra- og nemendaviðtöl 22. okt.
Vika 10	27. - 31. október	● Skipulagsdagur 27. okt.
Vika 11	3. - 7. nóvember	● Gagn og gaman 5. - 7. nóv. ● Skólaþing; Alþingi 10. árg.
Vika 12	10. - 14. nóvember	● Baráttudagur gegn einelti 12. nóv. Allir árgangar. ● Afmæli skólans 11. nóv. Hátíðardagskrá. ● Skáld í skólum 12. nóv. Allir árg.
Vika 13	17. - 21. nóvember	● Dagur íslenskrar tungu 16. nóv. ● Rauði krossinn - fræðsla 19. nóv. Allir árgangar.
Vika 14	24. - 28. nóvember	● Alþingi heimsótt 10. árg.
Vika 15	1. - 5. Desember	● Jólaskreytingardagur 3. des. ● Hátíðarkvöldverður 5. des. 10. árg.
Vika 16.	8. - 12. desember	●
Vika 17.	15. - 19. desember	● Forvarnardskrá Marita 15. des. 10. árg. ● Starfamessa 16. des. 10. árg. ● Jólamatúr í hádegis 17. des. Allir árg. ● Jóládansleikur 17. des. ● Jóládagskrá 19. des.

Vorönn 2015		
Vika 1	2. - 4. janúar	● Skipulagsdagur 2. jan.
Vika 2	5. - 9. janúar	
Vika 3	12. - 16. janúar	● Foreldra- og nemendaviðtöl 13. jan.
Vika 4	19. - 23. janúar	● Læsi til náms 19. jan. Allir árgangar.
Vika 5	26. - 30. janúar	● Blátt áfram - forvarnardskrá 29. jan. 8. árg.
Vika 6	2. - 6. febrúar	● Sameiginlegir fagfundir í Garðabæ 3. feb. ● Rannsókn og greining/Ungt fólk 4. feb. 8. - 10. árg. ● Tannfræðsla 6. feb. 10. árg. ● Blátt áfram - forvarnardskrá 6. feb. 9. árg. ● Tónlistarskóli Gb. - tónleikar 6. feb. Allir árg.
Vika 7	9. - 13. febrúar	Vetrarfrí
Vika 8	16. - 20. febrúar	
Vika 8	23. - 27. febrúar	● SAFT fræðsla 25. feb. Allir árg. ● Fjármálalæsi 26. - 27. feb. 8. árg.
Vika 9	2. - 6. mars	● Pisa 2. - 3. mars. 10. árg. ● Skíðaferð Akureyri 4. - 8. mars. 9. - 10. árg.
Vika 10	9. - 13. mars	● Hjúkrunarfræðingur - fræðsla 10. - 12. mars. ● Valgreinakynningar 11. mars.
Vika 11	16. - 20. mars	● Kynningarfundir forráðamanna. 7. árg. 18. - 19. mars. ● Sólmyrkvi. Allir árg.
Vika 12	23. - 27. mars	●
Vika 13	30. mars - 3. apríl	● Páskaleyfi
Vika 14	6. - 10. apríl	● Heimsóknir nemenda úr 7. árg.
Vika 15	13. - 17. apríl	● Skíðaferð í Bláfjöll 13. - 14. apríl. 8. árg.
Vika 16	20. - 24. apríl	● Árshátíð 21. apríl. ● Heimsóknir nemenda úr 7. árg.
Vika 17	27. apríl - 1. maí	● Könnun HR í 8. - 9. árg.
Vika 18	4. - 8. maí	●
Vika 19	11. - 15. maí	● Vorpróf 11. - 13. maí.

		● Skipulagsdagur 15. maí.
Vika 20	18. - 22. maí	● Vorþróf 18. - 19. maí
Vika 21	25. - 29. maí	● Ökuleikni, akstursforvarnir. 26. maí. 10. árg. ● Vorferð í Þórsmörk 27. - 29. maí. 10. árg.
Vika 22	1. - 5. júní	● Eltu drauminn - Þorgrímur Þráinsson. 1. júní. 10. árg ● Rauði krossinn - skyndihjálp. 2. júní. 10. árg. ● Team Spark, ferilskrá, starfsfræðsla. 3. júní. 10. árg. ● Starfsnám 3. júní. 8. - 9. árg. ● Starfsnám 4. júní. 10. árg. ● Vísindasafnið 8. árg. ● Dagsferðir 4. - 5. júní. 8. árg. ● Vatnaskógur 4. - 5. júní, 9. árg. ● Útivistardagar - heilsuefling.
Vika 23	8. - 12. júní	● Úrvinnsla starfsnáms 8. júní. 8. - 9. árg. ● Síðferði á netinu - Þórdís Elva 8. júní. 10. árg. ● Skólahlaup - vorhátíð 9. júní. ● Útskrift 9. júní. 10. árg. ● Skólaslit 10. júní. 8. - 9. árg.

SKÓLASTARF

Skólastarf Garðaskóla er í föstum skorðum en áhersla er lögð á að hafa skólastarfið eins fjölbreytt og kostur er. Nemendur fá kennsluáætlanir í upphafi hverrar annar sem segja til um framvindu námsins. Engu að síður nýtir skólinn það svigrúm sem gefið er til að sinna annars konar skólastarfi. Ýmsar hefðir hafa skapast í skólanum er varða uppbot og óhefðbundið skólastarf. Öðru hvoru yfir skólaárið er hefðbundin stundaskrá lögð til hliðar og árgöngum blandað í starfi og leik. Vinnuumhverfi nemenda er hefðbundið. Nemendur fara milli skólastofa í faggreinakennslustofur. Góð aðstaða er á bókasafni til að vinna að margvíslegum verkefnum, lesa eða nota tölvur.

Ferðalög og uppbot. Ferðalög, náms- og vettvangsferðir eru fastir liðir í skólastarfinu. Í vetur var farið í stuttar náms- og vettvangsferðir sem og lengri ferðalög í samstarfi við félagsmiðstöðina Garðalund.

Áratugalöng hefð er fyrir því að brjóta upp skólastarfið um miðja haustönn með svokölluðum Gagn og gaman dögum. Gagn og gaman dagarnir voru haldnir 5. - 7. nóvember. Nemendur völdu sér hópa eftir áhugasviði þvert á árganga. Þar komu þeir saman í leik og starfi og styrktu og efldu tengslin milli árganga. Allir eru sammála um ágæti og mikilvægi þess að brjóta upp hefðbundið skólastarf á þennan hátt.



Skíðaferð Garðalundar til Akureyrar 2015

Fræðslu- og félagslegt gildi námsferða og ferðalaga er óumdeilt auk skemmtanagildisins. Skíðaferð 9. og 10. árganga til Akureyrar var farin dagana 4. - 8. mars. Stór hluti nemenda fór í ferðina. Í ár var skíðaferð 8. árgangsins í Bláfjöll frestað vegna veðurs fram til 13. - 14. apríl. Uppbrotsdagar voru í boði fyrir þá sem fóru ekki í skíðaferðir. Vel tókst til í ár og má gera ráð fyrir að skipulagið verði með svipuðu sniði að ári. Gamalgróin hefð er einnig fyrir vorferðum árganga. Í ár fór 8. árgangurinn í dagsferðir með tæplega 90% þátttöku nemenda. Farið var til Stokkseyrar, Draugahúsið heimsótt og siglt á kajak. Álíka ferðir hafa verið farnar undanfarin vor með 8. árganginn

og tekist vel í alla staði. 9. árgangurinn fór í tveggja daga ferð í Vatnaskóg þar sem komið var til móts við þá kröfu nemenda um að allur árgangurinn færi saman í vorferð. Mikil aukning var á þátttöku nemenda miðað við fyrri ár og því má fagna. Góður rómur var gerður að aðstöðunni og skipulagningu aðila í Vatnaskógi og mun skólinn fara aftur að ári. Hin árlega þriggja daga Þórsmerkurferð 10. árgangsins 27. - 29. maí tókst með miklum ágætum. Þátttaka nemenda var mjög góð að vanda. Þeir nemendur sem ekki fóru í vorferðir voru í öðru skipulögðu starfi í skólanum. Þess ber þó að geta að allnokkuð bar á því að sótt væri um leyfi fyrir þá nemendur sem ekki fóru í ferðir á vegum skólans. Deildarstjórar skipuleggja spennandi uppbrotsdagskrá í samráði við nemendur og starfsmenn skólans meðan á ferðum stendur. Þrátt fyrir það virðast margir nemendur frekar vilja vera í leyfi heima við. Er það umhugsunarvert þar sem lögð er áhersla á að nám fari ekki einungis fram innan veggja kennslustofunnar. Uppbrotsdagskráin er skipulögð með það að leiðarljósi að vera fjölbreytt, fræðandi og áhugaverð. Vordagar voru á margan hátt með nýju sniði auk hefðbundinna dagskrárliða. Auk vorferða var viðamikil skipulag þar sem fjölbreytileiki var í forgrunni.

Dæmi um verkefni á sviði forvarna má nefna *Marita* og *Blátt áfram* fræðslu, tannfræðslu á vegum Tannlæknafélags Íslands, fyrirlestur frá SAFT um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun, *Láttu drauminn rætast* sem Þorgrímur Þráinsson rithöfundur bauð upp á, Þórdís Elva Þórarinsdóttir fjallaði um siðferði á netinu, Rauði krossinn var með skyndihjálparnámskeið fyrir 10. árganginn og kynningu á störfum sínum fyrir alla árganga og svo mætti lengi telja. Viðburðardagatalið hér að ofan gefur ákveðna mynd af stöðunni.

Við færum starfsfólki Garðaskóla þakkir fyrir gott samstarf á liðnu skólári.

Júní 2015

Helga María Ólafsdóttir, deildarstjóri 8. árgangsins
Sigurrós Á. Gunnarsdóttir, deildarstjóri 9. og 10. árganga



Tónlistarskólinn í Garðabæ hélt tónleika á sal Garðaskóla vorið 2015

SKÝRSLA DEILDARSTJÓRA NÁMSVERS OG VERKEFNA

Starfsfólk og kennsla í námsveri :

- Auður Edda Geirsdóttir (sérkennsla í ljósmyndun, íslenska sérkennsla hægferð, stuðningur inn í 8. bekk íslenska, íslenskukennsla í námsveri)
- Guðmunda Ó. Jónsdóttir (stuðningur)
- Guðmundur Einarsson (stuðningur inn í íslensku í 8. bekk, stuðningur í ensku í tveimur hópum, námsstuðningur fyrir þrjá drengi í 9. bekk, sérkennsla vegna nemanda á einhverfurófi)
- Guðný Þóra Friðriksdóttir (deildarstjóri, stuðningur í stærðfræði í 8. bekk, lestrarskimanir og lestrargreiningar)
- Kristjana Fjóra Sigursteinsdóttir (íslenska í námsveri, íslenska sérkennsla í hægferð)
- Margrét Björnsdóttir (íslenska sem annað mál, stuðningur inn í íslensku í 8. bekk)
- Kristinn Sigurbergsson (sérkennsla í hægferð stærðfræði, stærðfræði í námsveri)
- Svandís Ríkharðsdóttir (stærðfræði í námsveri, sérkennsla í stærðfræði hægferð)
- Vigdís Björk Agnarsdóttir (stuðningur nemendur í ensku, dönsku, íslensku, félagsfærniþjálfun, íslenska sem annað mál og fl.)
- Þórunn Brandsdóttir (stuðningur).

Fundir: Starfsfólk sérkennslu hefur hist og fundað þrisvar sinnum í vetur. Tilgangur fundanna var að miðla upplýsingum til starfsmanna um starf innan deildarinnar og í skólanum almennt. Á fundunum báru kennarar og þroskaþjálfar saman bækur sínar, skiptust á skoðunum og tóku fyrir þau mál sem þörf var á hverju sinni. Deildarstjóri fundaði einnig með stuðningsfulltrúum. Margir starfsmenn sinntu sérkennslu og stuðningi og erfitt var að ná saman hópnum vegna starfa þeirra í öðrum deildum. Vinnan gekk vel og deildarstjóri var í góðum samskiptum við starfsmenn deildarinnar.

Tveir stuttir upplýsinga- og samræmingarfundir voru haldnir vegna nemenda með sérþarfir. Þeir kennarar sem komu að þessum nemendum voru boðaðir á fundina. Teymisfundir voru haldnir reglulega yfir veturinn. Teymi voru sett saman vegna nemenda með fatlanir sem þurftu sérhæfða og samhæfða þjónustu. Starfsmaður frá sérkennslu hélt utan um teymin og boðaði til funda. Algengt er að umsjónarkennari, deildarstjóri námsvers, tengiliður við fjölskyldu og námsráðgjafi sitji teymisfundir fyrir hönd skólans. Í vetur var unnið í tveimur teyimum og fundað reglulega.


Deildarstjóri námsvers situr skilafundi vegna flutnings nemenda milli skólastiga og hittir kennara barnaskólanna og fjölbrautaskólans. Tilgangur fundanna er að miðla upplýsingum um nemendur. Fundir vegna lestrargreininga og sálfræðigreininga eru haldnir með viðkomandi nemanda og foreldrum hans. Deildarstjóri sinnir lestrargreiningum og heldur skilafundi og situr einnig skilafundi vegna sálfræðigreininga. Deildarstjóri heldur utan um starf Nemendaverndarráðs Garðaskóla og situr vikulega fundi ráðsins.

Vinnuástaða: Ástaða sérkennslunnar er að mestu leyti staðsett á 2. hæð í norðurenda aðalbyggingar skólans. Þar eru tvær kennslustofur, tvö lítil herbergi samliggjandi og tvö skrifstofurými. Kennarar hafa ýmist aðstöðu á skrifstofu eða í kennslustofu. Ástaða er rúmgóð en hún mætti vera búin betri húsgögnum. Þróunin í Garðaskóla hvað varðar sérkennslu og stuðning er sú að þjónustan er veitt inn í námshópnum í stað þess að taka nemendur út úr kennslustundum.

Stuðningur og sérkennsla í 8. bekk: Stuðningur við nám og sérkennsla nemenda í 8. bekk er oftast skipulögð inn í viðkomandi kennslustund. Skipulag var með ýmsu móti, stundum kom sérkennari inn í bekkinn og í öðrum tilvikum voru litlir hópar skipulagðir og nemendum kennt í minni hóp. Í fyrsta skipti á þessu skólaári var nemendum í 8. bekk í stærðfræði skipt niður í hópa eftir námsþörfum. Það reyndist vel og verður skipulagt þannig áfram.

22 nemendur voru með einstaklingsnámskrá þ.e. aðlagað námsefni og námsmat í einhverri námsgrein, langflestir aðeins í einni grein (stærðfræði/ íslensku/ensku/ dönsku/samfélagsfræði).

Taflan sýnir hversu mörg % nemenda í árgangi eru með einstaklingsnámskrá



Stuðningur og sérkennsla í 9. bekk: Í stærðfræði og íslensku var tveggja kennara kerfi í hægferðahópunum. Skólaárið 2014-2015 voru 29 nemendur í 9. bekk með einstaklingsnámskrá í einni eða fleiri greinum, 14 drengir og 15 stúlkur.

Taflan sýnir hversu mörg % nemenda í árgangi eru með einstaklingsnámskrá




Í 9. bekk á vorönn 2015 þáðu fimm drengir aðstoð í námsveri í íslensku, tíu drengir í stærðfræði, einn í dönsku og einn í ensku.

Í 9. bekk á vorönn 2015 þáðu tvær stúlkur aðstoð í námsveri í íslensku og fjórar í stærðfræði.

Námsver 9. bekkur vorönn 2015	Stúlkur	Drengir
Stærðfræði	4	10
Íslenska	2	5
Enska		1
Danska		1

Taflan sýnir hversu mörg % nemenda í árganginum þáðu stuðning í námsveri




Kennslan fór fram í námsveri í stofum 204 og 208 og var oftast viðbót við hefðbundna stundatöflu hjá nemendum. Sumir þáðu bæði aðstoð í stærðfræði og íslensku og aðrir fengu fleiri en einn tíma á viku í námsgreininni.

Stuðningur og sérkennsla í 10. bekk: Í stærðfræði og íslensku var tveggja kennara kerfi í hægferðahópunum.

Skólaárið 2014-2015 voru 25 nemendur í 10. bekk með einstaklingsnámskrá í einni eða fleiri námsgreinum, 14 drengir og 11 stúlkur. Námspörfum nemenda sem voru með einstaklingsnámskrá var mætt í hægferðahópunum.

Taflan sýnir hversu mörg % nemenda í árgangi eru með einstaklingsnámskrá




Í 10. bekk á vorönn 2015 þáðu tíu drengir aðstoð í námsveri í íslensku og átta drengir í stærðfræði.

Í 10. bekk á vorönn 2015 þáðu níu stúlkur aðstoð íslensku í námsveri, nítján í stærðfræði, ein í dönsku og ein í ensku.

Námsver 10. bekkur vorönn 2015	Stúlkur	Drengir
Stærðfræði	19	8
Íslenska	9	10
Enska	1	
Danska	1	

Taflan sýnir hversu mörg % af nemendum í árganginum þáðu stuðning í námsveri.



Kennslan fór fram í námsveri í stofum 204 og 208 og var oftast viðbót við hefðbundna stundatöflu hjá nemendum. Sumir þáðu bæði aðstoð í stærðfræði og íslensku og aðrir fengu fleiri en einn tíma á viku í námsgreininni.

Starf stuðningsfulltrúa: Starfshlutfall stuðningsfulltrúa var minnkað töluvert um áramót. Tveir starfsmenn veita nú stuðning í 50% stöðuhlutfalli hvor. Vinnan var skipulögð þannig að stuðningsfulltrúarnir unnu fjóra daga vikunnar og áttu frí einn dag. Í vetur hefur stuðningurinn aðallega beinst að nemendum í 8. bekk. Stuðningsfulltrúarnir sinntu eftirliti á göngum, í frímínútum og matarhléum, og veittu einnig stuðning í verklegum greinum.

Íslenska sem annað mál. Skólaárið 2014-2015 voru starfræktir þrjú námshópar fyrir nýbúa, tvítýngda nemendur og Íslendinga sem hafa búið lengi erlendis. Í einum hópnum voru fjórir nemendur úr 9. og 10. bekk sem fengu tvo 60 mín tíma á viku aukalega í íslensku. Í öðrum hópnum voru nemendur úr 8. bekk sem þurftu stuðning vegna langrar dvalar erlendis eða tvítýngis en þeir fengu einn til tvo 60 mín tíma á viku eftir atvikum. Í þriðja hópnum voru þrjú pólskir nemendur sem fengu fjóra 60 mín tíma á viku í íslenska sem annað mál.

Námskrár og námsmat: Haldið var áfram að þróa leiðir til að setja upp og halda utan um einstaklingsnámskrár nemenda. Margir nemendur sem fá þjónustu í námsverinu þurfa ekki á slíkum námskrám að halda vegna þess að þeir fá stuðning við nám sitt í deildinni en eru ekki með veruleg frávík frá almennri námskrá. En þar sem um meiri frávík er að ræða er nauðsynlegt að halda utan um einstaklingsnámskrár á þann hátt að þær séu aðgengilegar nemendum, foreldrum og kennurum og stuðli að samfelli í námi þegar nemandinn flyst milli hópa og árganga. Umsjónarkennarar taka saman einstaklingsnámskrár fyrir sína nemendur og deildarstjóri heldur öllum einstaklingsnámskrám til haga þannig að þær séu aðgengilegar fyrir þá sem þurfa að nálgast þær.

Nemendur geta fengið undanþágur frá skyldunámsgreinum af ýmsum ástæðum. Foreldrar og skólástjóri verða að samþykkja slíkar undanþágur og þær eru ekki veittar nema að vel ígrunduðu máli vegna þessa að slík úrræði geta skert möguleika nemandans þegar í framhaldsskóla kemur. Í vetur fengu nokkrir nemendur á vegum sérkennslunnar undanþágu, einkum frá námi í dönsku og annarri af stóru lesgreinunum (náttúrufræði og samfélagsfræði).

Aðlögun á námsefni og námsmati er ýmist í höndum fagstjóra, fagkennara eða sérkennara.

Sérúrræði í prófum: Ákveðnir nemendur hafa þörf fyrir sértæk úrræði við próftöku vegna kvíða, einbeitingarerfiðleika eða lestartengdra erfiðleika. Vel var staðið að slíkum sérúrræðum í vorprófunum en nauðsynlegt er að huga betur að aðstæðum nemenda á öðrum prófatímum. Nemendur sem eru með greiningu fá lengri próftíma og rólegar prófaðstæður. Nokkrir nemendur tóku próf í vor með aðstoð Easy tutor lestrarforritsins. Notkun forritsins við próftöku eykur sjálfstæði nemenda og sparar vinnuafli. Tveir nemendur sem eiga erfitt með ritun tóku prófin á tölvu og notuðu Foxit reader forritið til að skrifa úrlausnir inn á prófin. Lesskilningstextar voru teknir upp sem hljóðskrár í íslensku, ensku og dönsku í öllum árgöngum. Útbúnaðar voru

hljóðskrár sem settar voru inn á Mp3 spilara og þannig gátu allir nemendur sem hafa viðurkennda lesblindugreiningu nýtt sér að hlusta á lesskilningstextann í stað þess að lesa hann sjálfir. Íslenskudeildin gerði enn betur í ár og las prófið í heild sinni inn á hljóðskrár sem mæltist afar vel fyrir hjá nemendum. Einstaka nemendur tóku próf einir í stofu og fengu jafnvel lestur, stýringu og stuðning frá kennara meðan á próftöku stóð.

Sálfræðiathuganir: Sálfræðingur skólans er Brynjólfur G. Brynjólfsson og vinnur hann greiningar á vitsmunapróska, ADHD, félagslegri stöðu og líðan. Beiðni um greiningar kemur frá nemendum sjálfum og foreldrum. Einnig benda kennarar og/eða aðrir sérfræðingar skólans á ef upp koma grunsemdir um þroskafrávik hjá nemanda og að höfðu samráði við foreldra fer viðkomandi inn á biðlista. Brynjólfur lauk sextán málum í vetur sem enduðu með formlegum skilafundum. Í vinnslu eru fimm athuganir er varða nemendur í 10.bekk og hyggst sálfræðingurinn ljúka þeim mál í sumar og halda fundi með nemendum og foreldrum. Einnig eru þrjú mál sem byrjað er á en fullnaðargreining bíður haustsins. Fjórir nemendur eru á biðlista eftir sálfræðigreiningu.

Á skilafundum sitja, auk Brynjólfs, viðkomandi nemandi, foreldrar og deildarstjóri námsvers.

Logos lestrargreiningar og skimanir: Guðný Þóra Friðriksdóttir sérkennari/deildarstjóri námsvers og verkefna lagði lestrarskimun Grp. 14 fyrir nær alla nemendur í 9. bekk á haustmisseri 2014. Hún vann einnig nánari lestrargreiningar fyrir þá nemendur sem á þurftu að halda og notaði þá Logos greiningartækið. Nemendur í 10. bekk höfðu forgangi í lestrargreiningar. Guðný vann alls 41 Logos greiningu á skólaárinu, 20 greiningar fyrir nemendur í 10. bekk (endurgreiningar), 17 greiningar fyrir nemendur í 9. bekk (frumgreiningar) og 4 greiningar fyrir nemendur í 8. bekk (frumgreiningar). Á biðlista í lok skólaársins 2014-2015 eru 15 nemendur en þeir hafa allir fengið greiningu áður og njóta þeirrar þjónustu sem lesblindir hafa rétt á.

Samstarf við Shoeburyness High School: Á vordögum bauðst deildarstjóra námsvers óvænt að fara í heimsókn í skóla í Southend on sea á Englandi. Heimsóknin var hluti af Comeniusar þróunarverkefni sem skólasamfélagið í Garðabæ og Shoeburyness High School standa að. Áður höfðu tveir hópar farið út í kynningarferð og tveir hópar komið í heimsókn hingað frá Englandi. Níu manns fóru í heimsókn í Shoeburyness skólann í vor, þrír frá Garðaskóla, fjórir frá Hofstaðaskóla og tveir frá Menntaklifinu. Á næsta skólaári er stefnt að útfærslu og innleiðingu kennslutækja sem reynst hafa vel í enska skólanum.

Undirbúningur/áherslur fyrir næsta vetur:

- Byrja starfsárið með því að funda með foreldrum og sérsníða stundatöflur fyrir 10-15 nemendur.
- Þróa nýtt módel fyrir námsverstíma í íslensku og stærðfræði. Hafa námsverstíma 30 mín í stað 60 mín. Með breyttu skipulagi getum við þjónustað fleiri nemendur og lokkað nemendur inn í námsverið sem hafa hingað til ekki viljað fórna eyðunum sínum í námsverstíma. Styttri tími hentar vel nemendum með ofvirkni og/eða athyglisvanda.
- Dreifa ábyrgð á einstaklingsmálum á þroskaþjálfara.
- Þróunarvinna/samstarf við Shoeburyness High School (must, should, could og lærdómsgangan). Útfærsla og innleiðing á hugmyndafræði í samstarfi við aðila í SKÍN verkefninu.
- Vinna áfram með kennurum að bætri þjónustu við lesblinda nemendur t.d. við próftöku.
- Nýta spjaldtölvur til kennslu í námsveri og litlum hópum.
- Þróunarvinna með einstaklingsnámskrár sem taka mið af nýrri aðalnámskrá, grunnþáttum menntunar og lykilhæfnimarkmiðum. Uppfæra þarf útlit og framsetningu einstaklingsnámskráa og samræma þær öðrum áætlunum. Samvinna við stærðfræðideild varðandi nýjar einstaklingsnámskrár í stærðfræði.

Júní 2015

Guðný Þóra Friðriksdóttir, deildarstjóri sérkennslu

SKÝRSLA FAGSTJÓRA Í DÖNSKU

Kennarar í dönsku á skólaárinu voru Bergljót Böðvarsdóttir fagstjóri, Kristjana Fjóra Sigursteinsdóttir, Vigdís Thordersen og Erla Hrönn Randversdóttir sem hóf störf við skólann haustið 2014.

Kennt er í lotum og lýkur hverri lotu með námsmati sem gildir sem hluti af lokaeinkunn á hausti eða að vori. Á kennsluáætlunum sem birtar eru á [heimasíðu skólans](#) á haust- og vorönn má sjá helstu viðfangsefni, námsmat og uppbyggingu hvernar lotu. Loturnar eru sniðnar að námsbókunum sem byggðar eru upp á þeim sem taka mið af áherslum í aðalnámskrá grunnskóla. Dönskukennslan mótast því nokkuð af viðfangsefni hvernar lotu fyrir sig. Sömu kennsluáætlanir gilda fyrir hraðferðir og miðferðir en sérstakar áætlanir eru gerðar fyrir hægferðahópa í 9. og 10. bekk. Nemendum í 9. og 10. bekk var raðað í hraðferð, miðferð eða hægferð og var tekið mið af stöðu og árangri síðasta árs.

Fjöldi nemenda með einstaklingsnámskrá/aðlagð námsefni og námsmat skólaárið 2014-2015:

8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Einn nemandi á vorönn	16 nemendur*	13 nemendur

* Í 9. bekk var ein hægferð með tíu nemendum auk enn minni hóps í námsveri (sex nemendur) þar sem flestir nemendur komu úr hægferð.

Starfið í dönskudeildinni var með svipuðu sniði og verið hefur. Námsefnið gefur tóninn en reynt er að brydda upp á nýjungum eða bæta það sem áður hefur verið unnið með ef þurfa þykir. Sem lið í að nemendur venjist við að heyra talað mál eru sýndar danskar kvikmyndir eða myndbandsþættir í flestum lotum. Einnig er spiluð tónlist og unnið með orðaforða tengdum því. Nemendur í dönsku gerðu ýmis verkefni m.a. í tengslum við læsisátak sem skólinn tók þátt í á árinu. Gerð voru hugtakakort, krossglímur og ýmis samanburðarverkefni og unnið út frá orðum og setningum bæði skriflega og munnlega. Nemendur í 9. og 10. bekk lásu smásögur á haust- og vorönn og skiluðu verkefni þar sem unnið var með lykilorð úr sögunum svo eitthvað sé talið upp af því sem fengist var við. Lokaverkefni á vorönn í 9. bekk var á jákvæðum nótum er nemendur gerðu falleg veggspjöld með orðum eða setningum á dönsku um það sem þeim finnst fallegt, gott eða skemmtilegt.

Á vorönn 2014 hófu dönskukennarar að setja danskan orðaforða úr námsefninu inn á forritið Quizlet. Á skólaárinu var þeirri vinnu haldið áfram og eru nú nánast allar glósur sem tengjast námsefninu aðgengilegar nemendum. Nemendur hafa verið mjög ánægðir með að geta nálgast glósur á einum stað en forritið býður upp á fjölbreyttar leiðir sem henta flestum til að æfa orðaforða og beygingar sagnorða.

Á vorönn 2014 var tekin upp sú nýbreytni að frumkvæði sérdeildar að nemendur með greiningu á lesblindu fengu alla lesskilningstexta lesna inn á hljóðskrá. Þessari vinnu var haldið áfram og allir lesskilningstextar sem lagðir voru fyrir á kennsluárinu lesnir inn á hljóðskrár.

Eins og oft áður hafa nemendur notað tölvukost skólans og snjalltæki s.s. síma og spjaldtölvur við verkefnagerð. Eftirminnileg verkefni eru kynningar þar sem að nemendur öfluðu sér upplýsinga á netinu og frábærar auglýsingar og matreiðsluþættir sem 10. bekkingar unnu á vorönn. Spjaldtölvur voru notaðar í hægferðum með ágætum árangri.

Mat á starfinu á skólaárinu.

Undanfarin ár hafa kennslustundir í dönsku verið fjórum sinnum 40 mín á viku í öllum árgöngum. Á skólaárinu varð breyting á þegar kennslustundum var breytt í 60 mín. Við þessa breytingu var skorið niður tímamagn dönskunnar og fá nemendur í 8. og 9. bekk tvær 60 mín kennslustundir á viku, sem er fækkun um 40 mín hjá báðum árgöngum en 10. bekkur fær þrjár 60 mín kennslustundir, sem er aukning um 40 mín á viku.

Dönskukennslan gekk ágætlega í flestum hópum á starfsárinu en þó komumst við yfir minna námsefni í 8. og 9. bekk en undanfarin ár sem var ójákvæmilegt vegna niðurskurðar á kennslutíma. Færri kennslustundir höfðu

m.a. þau áhrif að ekki vannst tími til að vinna nokkur læsisverkefni sem stefnan hafði verið sett á. Að auki voru margir viðburðir og frídagar sérstaklega á vorönn sem báru upp á sömu vikudagana sem leiddi til þess að það féll niður kennsla nokkuð oft hjá sumum hópunum.


Vorprófin voru aðeins fyrr á ferðinni en undanfarin ár og hefur það bæði kosti og galla. Ég er sammála því að ljúka ekki skólastarfi með prófum en finnst þó ákjósanlegra að prófin hefðu verið viku seinna á ferðinni en var þetta árið. Við hefðum náð aðeins betri tíma í vinnu með nemendum eftir páska en hefðum engu að síður góðan tíma til að brjóta upp kennslustarfið með fjölbreyttum verkefnum og ferðalögum.

Nýtt námsefni var tekið í notkun í 9. bekk en mikil þörf hefur verið á góðu efni fyrir árganginn. Með tilkomu þessa nýja efnis höfum við nú yfir að ráða mjög góðu námsefni í öllum árgöngum. Að auki hefur verið lögð mikil vinna í dönskudeildinni við gerð fjölbreytts ítarefnis til að styðja við kennslubækur og vinna enn frekar með orðaforðann sem lagður er fyrir hverju sinni.

Það er ánægjuefni að búið er að ákveða að bæta við sjöunda hópnum í 8. bekk en það er fyrirséð að á næsta kennsluári verði dönskuhóparnir í 9. og 10. bekk fjölmennir. Hóparnir voru of fjölmennir á kennsluárinu og enn er að bætast við nemendafjöldann. Þegar t.d. nemendur í miðferðarhópum í dönsku eru orðnir tuttugu eða fleiri getur reynst erfitt að veita kennslu við hæfi. Það má einnig benda á að sumar kennslustofur eru allt of litlar fyrir fjölmennustu hópana.

Á undanfögnu árum höfum við í Garðaskóla talið skólanum til tekna að hafa fagstjóra í öllum námsgreinum sem hafa stjórnað starfi í deildunum. En nú eru breytingar í vændum og munu einungis fjórar deildir starfa undir stjórn fagstjóra á komandi skólaári. Ein af þeim deildum þar sem fagstjórnin var skorin niður er dönskudeildin og því er ekki óraunhæft að álykta að einhverjar breytingar verði á starfsháttum deildarinnar. Fleiri breytingar eru í farvatninu þar sem Kristjana Fjóra Sigursteinsdóttir verður í leyfi á næsta starfsári. Henni eru þökkunarfórnir frá börnum og dönskukennarar óska henni velfarnaðar á nýjum slóðum.

Garðabæ í júní 2015
Bergljót Böðvarsdóttir, fagstjóri í dönsku



SKÝRSLA FAGSTJÓRA Í ENSKU

Kennarar í ensku skólaárið 2014 – 2015 voru þau Halla Thorlacius, Sigríður Anna Ásgeirsdóttir og Sigurður Stefán Haraldsson. Að venju var samstarf enskukennara gott og gefandi.

Þó faglegt starf innan deildarinnar hafi í grunninn verið svipað og undanfarin ár, þá voru ýmsar nýjar áherslur í námi og kennsluháttum í samræmi við þá hugmyndafræði sem liggur að baki námsmarkmiðum í erlendum tungumálum í aðalnámskrá grunnskóla. Helstu nýjungarnar voru; aukin notkun upplýsingartækni í námi og verkefnaskilum, lestur á ensku sem hluti af daglegum yndislestri allra nemenda (kjörbækur), markvissari leiðbeiningar og kröfur um góða ritun og ýmsar hugmyndir í verkefnavinnu nemenda af námskeiðinu *Læsi til náms* sem allir kennarar skólans tóku þátt í þetta skólaár. Þá sóttu tveir enskukennarar sitthvort námskeiðið í notkun spjaldtölvu í tungumálakennslu á síðasta skólaári sem endurspegladist í ýmsum verkefnum á vorönn í öllum árgöngum. Málfundir (debates) voru prufukeyrðir á þessu skólaári og gengu vel. Við þurfum þó að fínþússa skipulag þeirra betur og munum þá væntanlega leita til íslenskudeildarinnar þaðan sem hugmyndin er upprunalega komin. En það er gaman frá því að segja að þetta verkefni skilað með áberandi hætti markvissari umræðum á munnlegu lokaprófi í ensku. Þá má nefna að boðið var upp á nýjan valáfanga „Enska og kvikmyndir“ fyrir 9. og 10. bekkina, þar sem lögð er áhersla á að auka orðaforða nemenda, skilning og þekkingu á menningu og sögu enskumælandi landa í gegnum kvikmyndir og sjónvarpsefni.

Enskukennarar skólans eru nokkuð sáttir við starf skólaársins. Það sem helst mætti betur fara er ákveðnari rammi utan um skilaverkefni nemenda þ.e. að tryggja að þeir skili á réttum tíma og að kennarar læri betur á rafræn skil og endurgjöf. Þá þurfum við líka tilsögn í rafrænni verkefnagerð til að útfæra hugmyndir um fjölbreyttari kennsluhætti og nám í öllum árgöngum og þar hlökkum við til samstarfsins við kennsluráðgjafa í upplýsingatækni. Einnig má benda á að það væri gott að settar yrðu samræmdar reglur innan skólans um sjúkrapróf.

Eitt af markmiðum næsta skólaárs verður aukin áhersla á að nemendur átti sig á eigin ábyrgð í námi, að þeir skipuleggi vinnu sína, meti stöðu sína og framfarir. Í þessu skyni er meðal annars ætlunin að taka upp ferilritun og leiðsagnarmat í meira mæli en verið hefur. Einnig þarf að ljúka við að skerpa skilin milli grunn- og framhaldsskóla, þ.e. að færa þá námsþætti í ensku sem áður tilheyrðu að mestu leyti fyrsta ári framhaldsskóla samkvæmt gömlu námskránni yfir í það að verða hluti námsefnis 9. og 10. bekkjar. Þessi tilfærsla sem við vorum reyndar þegar byrjuð á þýðir meðal annars meiri áherslu á lestur og flóknari ritun einkum í 9. – 10. bekk. Flestir ef ekki allir framhaldsskólar landsins taka upp þriggja ára nám næsta haust og því munu þeir nemendur sem ljúka grunnskólaprófi í ensku með tilskyldum árangri næsta vor fara á svokallað annað námsþrep. Til að geta undirbúið nemendur okkar sem best þá þarf enskudeildin að geta keypt kjörbækur sem höfða til nemenda og ýta undir áhuga þeirra á lestri.

Samanburður á meðaleinkunnum nemendahópa sem fylgja almennum áætlunum:

Hópar	Haust 2013	Haust 2014
10.bekkur	7,6	7,0
10.bekkur+flugferð (frá 2014)	7,8	7,5
9.bekkur	7,6	7,0
8.bekkur	7,3	7,7

Hópar	Vor 2014	Vor 2015
10.bekkur	7,4	7,2
10.bekkur+flugferð (frá 2014)	7,8	7,5
9.bekkur	7,3	7,5
8.bekkur	7,7	7,7

Fjöldi nemenda með einstaklingsnámskrá/aðlagð námsefni og námsmat:

8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
4	11	1

Sé litið til námsárangurs, virðist staðan vera svipuð og undanfarin ár, en helsta skýringin á lakari árangri miðað við síðasta skólaár má að mestu leyti rekja til ákveðins hóps nemenda sem skilaði ekki öllum verkefnum. Ástæða þess að hér eru aðeins borin saman núverandi og síðasta skólaár, er sú að árin þar á undan eru ekki nógu vel samanburðarhæf vegna þess að þá voru hvorki sömu kennslubækur né nægilega samsvarandi verkefni og próf. Því má bæta við að allir nemendur okkar í framhaldsskólaensku tóku lokapróf í FG á haust- og vorönn og stóðu sig með mikilli þryði að venju. Þá má geta þess að á vorönninni fengu sex nemendur af tuttugu og átta 10 í lokaeinkunn.

Enskukennarar skólans ætla að taka þátt í þróunarverkefninu SKÍN á komandi skólaári en efni þess fellur vel að þeim áherslum og markmiðum sem við teljum einkenna góða og markvissa kennslu. Það verður fróðlegt að sjá hvort og hvernig sú vinna skilar sér, í næstu ársskýrslu.

Að lokum vil ég fyrir hönd enskukennarar þakka skólastjórnendum fyrir gott samstarf.

Garðabær, júní 2015
Halla Thorlacius

SKÝRSLA FAGSTJÓRA Í ÍSLENSKU

Kennarar í deildinni voru þau Gísli Rúnar Konráðsson fagstjóri, Helga Ólafsdóttir, Kristín S. Sigurleifsdóttir, Kristján Hrafn Guðmundsson og Margrét Björnsdóttir. Stuðningskennarar voru Auður Edda Geirsdóttir, Guðmundur Einarsson og Kristjana Fjóra Sigursteinsdóttir. Þá kom Ingimar Waage að samræðutímumum í 9. bekk, kenndi, lagði línurnar og leiðbeindi öðrum kennurum.

Áherslur í námi og kennsluháttum

Áherslur deildarinnar í námi og kennsluháttum koma að mestu fram í kennsluáætlunum vetrarins. Í meginatriðum hefur verið haldið áfram á þeirri braut að leggja aukinn þunga á framsögn, heimspekilega samræðu og að nokkru leyti ritun. Það þýðir jafnframt að dregið er úr vægi málfræðinnar. Þó eru enn allir þeir þættir inni sem verið hafa. Breyttum áherslum hafa fylgt breyttir kennsluhættir. Þar er helst að nefna að með tilkomu verkefnisins *Læsi til náms* hafa kennarar nýtt sér aðrar aðferðir en áður tíðkuðust. Sama gildir um samræðuna. Kennarar deildarinnar eru jafnframt hvattir til að fara eigin leiðir að sameiginlegum markmiðum til að nýta styrkleika hvers og eins sem best.

Breytingar og þróunarverkefni

Skólaárið 2013 – 2014 var námsefni að nokkru leyti fært á milli árganga og vísast þar í ársskýrslu þess skólaárs. Á þessu skólaári voru minni tilfærslur á námsefni milli árganga. Þó verður að nefna að heimspekileg samræða var flutt úr 8. bekk í þann 9. og einnig ritunin sem unnið er með samhliða.

Í 8. bekk var tekinn inn bókaflokkurinn *Rökkurhæðir* í stað bókarinnar *Peð á plánetunni Jörð*. Á skólaárinu voru málfundir á kennsluáætlunum allra árganga og er það nýnæmi í 8. bekk.

Á næsta skólaári verður byrjað að nota nýtt námsefni frá Skólavefnum í öllum árgöngum. Það eru lesbækur sem kallast *Tungufoss* og vinnubækur sem nefnast *Tungutak*. Þetta efni er vel stutt með rafrænu efni á heimasíðu Skólavefsins, www.skolavefurinn.is, s.s. með flettibókum og upplestri texta. Mályrkjubækurnar, ásamt verkefnabókunum Finni, eru ekki lengur notaðar nema lítillega sem ítarefni.

Við höldum áfram að reyna að höfða sérstaklega til drengja með því að bjóða upp á verkefni sem eru líkleg til að vekja áhuga þeirra. Þar má nefna aukið val varðandi verkefnavinnu og -skil og að bjóða upp á bókmenntir sem höfða til drengja, ekki síður en stúlkna.



Stærsta þróunarverkefni vetrarins í íslenskudeildinni var verkefnið *Læsi til náms*. Með því eru innleiddar nýjar kennsluaðferðir sem oft byggja á samvinnu og samræðu nemenda. Þá er vinnuferlið metið, ekki síður en endanleg afurð. Á s.l. skólaári höfðu kennarar deildarinnar að langmestu leyti horfið frá hinu hefðbundna vinnubókarformi þar sem spurt var efnisspurninga úr bókinni sem nemendur síðan svöruðu. Með tilkomu *Læsis til náms* fáum við fjölbreyttari verkfæri til að fást við texta og efni. Reynslan af þessari nýju nálgun lofar góðu því okkur finnst hún vekja áhuga nemenda og skila jafnframt árangri.

Loks er að minnast á yndislesturinn sem hófst um áramót. Þrátt fyrir nokkra byrjunarörðugleika teljum við einboðið að halda verkefninu áfram, hvort sem það verður með sama sniði eða því fundið annað form.

Mat á starfi skólaársins

Starfið í deildinni gekk vel að mestu. Samstarf kennara var gott, allir voru virkir og tilbúnir að taka að sér þau verkefni sem vinna þurfti hverju sinni. Deildin er enn í breytingaferli hvað varðar vinnubrögð, kennsluaðferðir og námsefni. Við rákum okkur á eitt og annað sem bæta þarf á næsta skólaári en sáum líka að margt af því sem við prófuðum gekk vel.

Við þurfum að þróa málfundina betur í þá átt að fá góða stígandi frá 8. bekk upp í þann 10. með stigvaxandi kröfum um þætti á borð við framsögn, raddbeitingu, líkamsstöðu og þar fram eftir götunum.

Sömu sögu er að segja af rituninni. Við þurfum að skilgreina betur á hvaða þætti við leggjum áherslu í hverjum árgangi, þannig að við náum einnig góðri stígandi þar. Það verður að segjast eins og er, að rituninni var ekki sinnt sem skyldi í 8. og 10. bekk á skólaárinu. Skýringin varðandi 8. bekkinn er sú að tímarnir sem árgangurinn hafði einu sinni í viku í tölvuveri (þ.e. hálfur hópur í senn) voru ekki lengur til staðar. Það myndaðist því eins konar tómarúm sem okkur lánaðist ekki að fylla upp í. Með tilkomu heimspekilegrar samræðu á móti ritun í 8. bekk næsta skólaár, verður þetta vandamál úr sögunni. Við þurfum hins vegar að finna lausn fyrir 10. bekkinn fyrir næsta vetur. Þar er vandinn fækkun kennslustunda. Í stað 240 mín á viku fær 10. bekkur nú 180 mín og munar um minna.

Nýja námsefnið frá Skólavefnum verður kennt næsta vetur og væntum við góðs af því. Þar munum við þurfa að prófa okkur áfram og m.a. reyna að átta okkur á hvernig við getum sem best nýtt vefefnið sem boðið er upp á. Markmiðið verður áfram að gera nemendur okkar að sem bestum málnotendum. Við munum halda áfram að þróa starfshætti deildarinnar með það að leiðarljósi, að mæta þörfum nemenda og standa undir þeim kröfum sem til okkar eru gerðar og við gerum sjálf til okkar sem fagfólks.

Meðaltal lokaekunna á haustönn, samanburður milli ára:

Hópar	Haut 2013	Haut 2014
8. bekkur	7,2	7,5
9. bekkur (flugferð ekki tekin með)	7,2	7,3
10. bekkur	6,4	7,2

Meðaltal lokaeinkunna á vorönn, samanburður milli ára:

Hópar	Vor 2014	Vor 2015
8. bekkur	7,3	7,4
9. bekkur	7,3	7,4
10. bekkur	6,8	7,4
10. bekkur grunnskólapróf (flugferðarnemendur taldir með, klárðuð vor 2013)	7,1	7,8

Fjöldi nemenda með einstaklingsnámskrá/aðlagað námsefni og námsmat:

8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
8	18	14

Júní 2015

Gísli Rúnar Konráðsson, fagstjóri

SKÝRSLA FAGSTJÓRA Í MYNDLISTARGREINUM

Myndmennt er fjölbreytt námsgrein og innan Garðaskóla er henni skipt í nokkrar undirgreinar. Myndmennt er skyldunámsgrein í 8. bekk en valgreinarnar *Myndlist*, *Margmiðlun* og *Leir og gler* eru í boði fyrir 9. og 10. bekk í blönduðum hópum. Kennarar voru Ingimar Ólafsson Waage og Auður Edda Geirsdóttir.

Kennslustundirnar í myndmennt í 8. bekk voru tvær samliggjandi 60 mín að lengd, hálfan vetur í senn. Að jafnaði voru unnin fimm til sex verkefni í 8. bekk. Sjálfsmynd með trélitum í anda ítalska endurreisnarmálararans Arcimboldo en þetta verkefni var aðeins unnið fyrir áramót. Landslagsmynd unnin með olíukrít. Einnig var unnin skynvillumynd með þekjulitum en slíkt verkefni er áhugavert með hliðsjón af stærðfræðilegu eðli skynvillumynda. Unnin voru þrjú verkefni; þó ekki þau sömu fyrir og eftir áramót. Fyrir áramót var unnin lágmynd í leir, byggð á ævintýri Jónasar Hallgrímssonar um stúlkuna í turninum. Eftir áramót voru hins vegar búin til kynjadyr og furðuskepnur úr pappír og hveitilími. Slík vinna er mjög í anda sjálfbærni þar sem byggt er á endurvinnslu og notkun ódýrra hráefna. Ljóst er að í framtíðinni verður æ meira horft í þessa átt. Í vetur var bryddað upp á því nýnæmi að bjóða nemendum upp á að gera hreyfimyndir/teiknimyndir með aðstoð iPad spjaldtölva. Verkefnið tókst afar vel þrátt fyrir margvíslega tæknilega vankanta sem sniðnir verða af næsta vetur. Finna þarf betri hugbúnað og hanna standa/statív sem henta til vinnu af þessu tagi en nemendur sýndu ótrúlega hugkvæmni við að leysa margvíslegar áskoranir. Nemendur unnu sjálfsmatsblað fyrir hvert verkefni þar sem þeir tilgreindu hvað þeir teldu hafa gegnið vel við vinnuna, hvað hefði mátt ganga betur og hvernig þeim hafi almennt líkað að vinna verkefnið. Þeir gáfu sér einkunn sem gildi 10% af lokaeinkunn. Listasaga var fléttuð inn í verkefni nemenda og stuðst við kennslubók í listasögu sem Námsgagnastofnun gaf út.

Í *Myndlistarvali* voru þrjú hópar. Kennslustundir voru 60 mín, tvisvar í viku. Það var mjög hentugt fyrirkomulag, tímarnir voru orkuríkir og stemning jákvæð. Verkefnaval var fjölbreytt. Unnin var leirstytta eftir kynningu á myndhöggvara. Unnin var dúkrista með frjálsu viðfangsefni, auk þess unnu nemendur málverk í anda impressionista. Þá voru unnin málverk í anda POP-listar og að auki fengu nemendur tækifæri til að mála með olíulitum. Í hinni frjálsu vinnu kom í ljós að margir sóttust eftir að mála með olíulitum. Margir nemendur nutu frelsisins við að gera tilraunir með efniviðinn og náðu margir afbragðs árangri. Mikil áhersla var lögð á frjáls og sjálfstæð vinnubrögð nemenda.

Í *Margmiðlun* voru þrjú hópar. Kennslustundir voru 60 mín, einu sinni í viku. Lögð var áhersla á hina skapandi og sjónrænu þætti tölvuvinnslu. Unnið var með forritun í Processing forritunarumhverfinu. HTML og CSS vefforritun var einnig kennd og myndvinnsla í GIMP (ljósmyndir og teikningar) og Blender (þrívíddargrafík). Nemendur unnu einnig lokaverkefni að eigin vali. Almennt gekk vinnan vel, tæknilegir örðugleikar voru í lágmarki þótt tölvurnar í

tölvustofunum séu ekki sérstaklega öflugar. Þörf er á góðum heyrnartólum við hverja tölvu. Lögð er áhersla á að nota frjálstan hugbúnað við kennsluna. Skólanum barst að gjöf þrívíddarprentari frá sprotafyrirtæki hér í Garðabæ. Prentarinn er af gerðinni MakerBot Replicator 2 5th Gen. Slíkt tæki felur í sér mikil tækifæri til skapandi vinnu sem skólinn mun geta nýtt sér í aukum mæli á næstu árum.

Í *Leir og gler* voru þrír hópar. Sá efniviður sem hvað mest var unnið með var leir og gler. Engu að síður hefur ýmsum öðrum efnivið verið bætt við til að auka fjölbreytni og viðhalda áhuga nemenda, s.s. steypu, mosaíkflísu, pappamassa og textílefnu ýmiss konar. Áherslan er þó áfram sú sama, að vinna að þrívíðum verkefnum; nytjahlutum, skrautmunum og skúlptúrum. Kennslustundirnar voru samfelldar tvisvar sinnum 60 mín langar, einu sinni í viku og voru mjög seint á daginn. Það hentaði ekki öllum nemendum nógu vel. Nemendur voru flestir orðnir bæði þreyttir og svangir þegar langt var liðið á daginn. Vinnudagurinn var einfaldlega of langur. Þeir nemendur sem þetta skipti ekki verulegu máli eða létu sig „hafa það“ voru nokkrir en það voru þeir sem höfðu afar mikinn áhuga. Til að breyta þessu þarf að hafa kennslustundirnar tvisvar í viku, klukkustund í senn.

Aðstaða, efni og tæki.

Hvað aðstöðuna varðar er brýn þörf á að fara í endurskoðun á innréttingum eins og áður hefur komið fram á þessum vettvangi og vísar undirritaður í ársskýrslur síðustu ára. Loftræsting í kompunni þar sem leirbrennsluofninn er þarfnast úrbóta. Sjálfur leirbrennsluofninn er kominn til ára sinna og er óáreiðanlegur þegar verið er að brenna glerunga. Ljóst er að innan fárra ára þarf nauðsynlega að endurnýja leirbrennsluofninn. Í stofunni er nýleg Apple iMac tölva staðsett og kemur að góðu gagni ásamt skanner. Gott væri þó að hafa þrjár sæmilega öflugar tölvur til afnota fyrir nemendur til að gera myndvinnslu í tölvum aðgengilegri. Gott aðgengi að iPad spjaldtölvum á bókasafni kom í góðar þarfir. Borð eru komin til ára sinna en duga vel engu að síður. Skjávarpi er festur í loft og kemur að mjög góðu gagni. Hins vegar bráðvantar nægilega stórt tjald á vegginn.

Gjört í júní 2015

Ingimar Ólafsson Waage, fagstjóri í myndmennt

SKÝRSLA FAGSTJÓRA Í NÁTTÚRUFRAEÐI

Kennarar í náttúrufræðideild veturinn 2014 – 2015 voru Helga María Ólafsdóttir, Þorkell Jóhannsson, Ragnheiður Stephensen og Nanna Traustadóttir.

Helstu áherslur fagdeildarinnar

Náttúrufræðideildin leggur áherslu á að koma víða við í heimi náttúruvísindanna. Farið er í helstu hluta líf-, eðlis- og efnafræði og þær kenningar sem hafa ráðið þar ríkjum í lengri tíma. Auk þessa er mikið lagt upp úr því að grípa til nýrra rannsókna og uppgötvana, jafnvel þó þær komi upp skyndilega á miðri önn. Í heild sinni er áherslan á það að nemendur skynji og skilji umhverfi sitt í viðum skilningi, kunni að leita sér upplýsinga um málefni er tengjast náttúruvísindum, rýni í gögn og geti tekið upplýstar ákvarðanir í framhaldinu auk þess að vinna í samstarfi við jafningja að lausn verkefna.

Nemendur vinna með námsefnið á fjölbreyttan hátt. Sem dæmi má nefna fyrirlestrar kennara, eigin lestur, að finna lausnir við skriflegum verkefnum, fjölbreytt samstarfsverkefni, tölvuverkefni, þverfagleg verkefni, verkleg rannsóknarvinna, skýrslugerð, heimildavinna og hugarkortagerð.

Áherslur deildarinnar eru í takt við það sem fram kemur varðandi náttúrugreinar í gildandi aðalnámskrá grunnskóla, greinasviði, frá árinu 2013.

Tölfræði

Meðaltal lokaekunnna á haustönn, samanburður milli ára:

Hópar	Haust 2013	Haust 2014
8.bekkur	7,6	7,2
9.bekkur	7,3	7,3

Meðaltal lokaekunnna á vorönn, samanburður milli ára:

Hópar	Vor 2014	Vor 2015
8. bekkur	7,4	7,0
9.bekkur	7,3	7,2

Fjöldi nemenda með einstaklingsnámskrá/aðlagað námsefni og námsmat:

8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Enginn	3	Á ekki við

Breytingar og þróunarverkefni

Enn er unnið að áherslubreytingum í námsefni. Deildin mun taka inn nýtt námsefni sem breytir áherslum í eðlisfræði í 8. bekk n.k. vetur. Efnistökin verða þó svipuð og síðastliðið ár. Tekin verður nánari ákvörðun á haustdögum hvað þetta varðar. Einnig kemur efnafræðin aftur í deildina í haust eftir að hafa verið færð upp um einn árgang. Tvær nýjar valgreinar í náttúrufræði munu líta dagsins ljós. Önnur þeirra er *Mannslíkaminn* og hin er *fjölbrautaáfangi í líffræði*. Fjölbrautaáfanginn er svokallaður almennur áfangi sem allar brautir í FG taka nema náttúrufræðibraut. Vilyrði hefur fengist fyrir því hjá Kristni Þorsteinssyni skólameistara FG að þeir nemendur sem velja náttúrufræðibraut hjá FG muni geta fengið áfangann metinn sem náttúrufræðivalgrein. Framhaldið varðandi fjölbrautaáfangann verður endurskoðað næsta vetur út frá því hvernig málin þróast með áfangabreytingar í framhaldsskólum.

Gerðar voru þó nokkrar tilraunir til þess að koma vettvangsferðum inn í náttúrufræðideildina. Nemendur í líffræði í 10. bekk heimsóttu Húsdýragarðinn, Íslenska erfðagreiningu og Náttúrufræðistofu Kópavogs. Einnig stóð deildin fyrir því að panta heimsóknir fyrir 8. bekkinga í Vísindasmiðju Háskóla Íslands, en farið var með umsjónarkennurum á vordögum. Deildin á eftir að ræða og taka afstöðu til þessara heimsókna og meta hvort/hverjar eru komnar til þess að vera. Fyrir utan þessar heimsóknir fékkst leyfi til þess að panta Stjörnuverið sl. febrúar fyrir 9. bekkinga.

Kennarar úr deildinni heimsóttu Shoeburyness high school í Southend on sea á Englandi á liðnum vetri til þess að kanna hvort samstarf við náttúrufræðideild skólans væri raunhæfur möguleiki. Heimsóknin var á marga vegu lærdómsrík og farsæl. Fagstjóri náttúrufræðideildarinnar í Shoeburyness lagði til samstarfsverkefni við yngsta árganginn þeirra í lok vorannar, vegna þess að þar væru gerðar minnstu kröfurnar hjá þeim um prófa- og/eða einkunnaskil. Þetta er að mati deildarinnar í Garðaskóla ekki áhugavert, en gæti verið það fyrir miðstig í öðrum skólum Garðabæjar. Þó myndi það einnig valda vandamálum því skipulag anna þessara skóla er ólíkt, formlegu skólastarfi lýkur mun fyrr hér á landi en í Englandi. Ekki er líklegt að það verði af frekara samstarfi milli deildanna í bili.

Á vorönn hófst tveggja ára samstarfsverkefni við náttúrufræðideildina í Álftanesskóla. Verkefnið fékk styrk úr Þróunarsjóði Garðabæjar. Verkefnið snýr að vendikennslu og vinnslu gagnabanka til kennslu í

náttúrufræðigreinum. Það er ekki á áætlun að taka alfarið upp vendikennslu í náttúrufræðigreinum við skólann, þrátt fyrir að það sé stefnan í Álftanesskóla. Í okkar deild er þó líklegt að einhver ákveðinn efnishluti í kennslunni fari fram með vendikennslusniði í tilraunaskyni. Nánari útfærsla verður skoðuð á næsta skólaári.



Vinnuferli í verklegum æfingum er í þróun og vinnum við nú markvissara að *vísindalegri aðferð* en áður. Nauðsynlegt er að sem flestir nemendur fái hlutdeild í verklegri vinnu. Vinna að skýrslugerð á google-drifi hefur verið eitt verkfæri í þeirri vegferð að ýta undir samstarf nemenda bæði í kennslustundum og heima við. Þar geta nemendur komið að verkefninu á auðveldan hátt, þegar þeim hentar (t.d. eftir æfingu eða jafnvel í veikindum heimavið). Stefnt er að því að finna leið til þess að meta samstarfshæfni nemenda í slíkum verkefnum og gera því hærra undir höfði í námsmati.

Fjölbreytni verkefna deildarinnar bjóða upp á það að hafa fjölbreytt námsmat og höfum við í vetur t.d. gert tilraun til þess að auka vægi *samstarfshæfni* í námsmatsflóru okkar. Einnig lögðum við áherslu á að hafa formlegheit verkefna mismunandi og því gert kröfur um skapandi vinnubrögð nemenda í sumum verkefnum. Hvað varðar aðrar breytingar á námsmati þá höfum við vinnu í vetur sem snýr að því að nemendur taki stutt óundirbúin tímaverkefni – nokkuð í anda

kaflaprófa, þó sett upp á léttari hátt, höfð mun styttri og vægi þeirra minna en í hefðbundnum skyndi- eða kaflaprófum. Tímaverkefnin gera kröfur um það að nemendur mæti lesnir í kennslustundir og taki þátt í tímum. Einnig unnum við að því að hafa skýrar sameiginlegar verklagsreglur, t.d. varðandi yfirferð verkefna s.s. skýrslugerðar. Við teljum mikilvægt að nemendur geti á auðveldan hátt fengið skýr skilaboð um það hvernig verkefni eru metin til einkunna og að við vinnum öll samkvæmt sama fyrirkomulagi. Við stefnum að því að slík samhæfing gildi um alla okkar yfirferð.

Mat á starfi skólaársins

Skólafarið gekk almennt vel fyrir sig í náttúrufræðideildinni. Haustönnin var af ýmsum ástæðum strembin, m.a. vegna þess að nýtt skólaskráningarkerfi var tekið í notkun. Samstarfstími deildarinnar fór allur í undirbúning verkefna, bæði skriflegra og verklegra. Því gafst deildinni afar lítil tími til frágangs og skipulags í stofum, sem enn er ábótavant eftir endurnýjun þessara rýma fyrir rúmum tveimur árum. Þetta hefur áhrif á undirbúning verklegrar vinnu og sýnikennslu. Vonumst við til þess að hefja allsherjartiltekt nú á vordögum og ljúka því í haust.

Júní 2015

Nanna Traustadóttir, fagstjóri í náttúrufræði

SKÝRSLA FAGSTJÓRA Í SAMFÉLAGSFRÆÐI

Kennarar við deildina í vetur voru Guðmundur Einarsson, Kristjana Fjóla Sigursteinsdóttir, Kristján Hrafn Guðmundsson, Ólafur Ágúst Gíslason og Reynir Engilbertsson.

Í samfélagsfræðinni leggjum við áherslu á að vinna að markmiðum nýrrar námsskrár eins og fram kemur í skólanámsskrá og kennsluáætlunum. Þar má nefna þætti eins og jafnrétti, lýðræði, sjálfbæra þróun og umhverfismál. Allir þessir þættir koma inn í umfjöllun og vinnu í samfélagsfræðinni. Þá hefur verið lögð áhersla á að notfæra sér mismunandi kennsluhætti og leiðir til að ná settum markmiðum.

Ekki er ferðaskipting í samfélagsfræði en eitt af viðfangsefnum komandi skólaárs er að leggja aukna áherslu á að geta boðið upp á aðlagð námsefni fyrir þá nemendur sem þess þarfnast.

Með innleiðingu nýrrar aðalnámsskrár munu ýmsar breytingar eiga sér stað í samfélagsfræðinni líkt og í öðrum greinum og er unnið markvisst að því. Þessar áherslubreytingar má glögg sjá í nýútkomnu námsefni bæði í landafræði og sögu. Heilmiklar umræður og vinna hefur átt sér stað meðal kennara deildarinnar um þessar breyttu áherslur. Þessi vinna hefur m.a. skilað sér í nýjum áherslum í námsmáti. Vægi hefðbundinna prófa hefur minnkað en mikilvægi ýmissa annara þátta aukist og má þar nefna að við höfum tekið upp sjálfs- og jafningjamat sem lið í máti á skilaverkefnum. Áfram verður haldið á næsta skólaári með þróun þessara þátta vonandi í góðri samvinnu kennara deildarinnar.

Nokkrar vettvangsferðir voru farnar í vetur á vegum deildarinnar og heppnuðust þær í alla staði vel. 10. bekkur fór á Skólaping á vegum Alþingis og 8. bekkur heimsótti landnámssýninguna í Reykjavík.

Tölfræði

Eins og sjá má í töflunni hér að neðan eru ekki miklar sveiflur í árangri á milli ára undanfarin 3 ár. Meðaltalið liggur þetta á bilinu 7,40 – 7,80 í öllum árgöngunum. Námsefni og námsmat er sambærilegt öll 3 árin.

Meðaltal lokaekinnunna , samanburður milli ára:

8. bekkur vor 2015 = 7,45	Vor 2014 = 7,39	Vor 2013 = 7,83
9. bekkur vor 2015 = 7,42	Vor 2014 = 7,85	Vor 2013 = 7,58
10. bekkur vor 2015= 7,70	Vor 2014 = 7,39	Vor 2013 = 7,54

Garðabær 11. júní 2015
Reynir Engilbertsson fagstjóri

SKÝRSLA FAGSTJÓRA Í STÆRÐFRÆÐI

Kennarar í stærðfræðideildinni eru Elena Einisdóttir, Elías Sólmundarson, Kristinn Sigurbjörgsson, Ragnheiður Stephensen, Svandís Ríkhardsdóttir og Þorkell Jóhannsson.

Kennsluhættir í stærðfræði byggjast að miklu leyti á innlögnum og útskýringum á töflu, umræðum og einstaklingsaðstoð þar sem kennari gengur á milli nemenda. Deildin hefur einnig prófað sig áfram með notkun á spjaldtölvum eins og fyrra ári. Nemendur fylgjast með innlögnum, taka þátt í umræðum, reikna í tíma og heima, einir og í þörum eða hópum. Einnig hafa kennarar sýnt nemendum myndbönd með innlögnum og bent nemendum á að mikið sé til af myndböndum á netinu sem þeir geta nýtt sér í stærðfræðináminu. Sjá nánari lýsingu á námi nemenda í [kennsluáætlunum](#).

Breytingar og þróunarverkefni. Stærsta breytingin á skólaárinu var í 8. bekk þar sem nemendum var ferðaskipt í fyrsta skipti. Nemendur voru í almennum bekkjum fram í byrjun október og þá var þeim skipt í bekki eftir getu þegar stærðfræðikennarar voru búnir að átta sig á stöðu hvers nemenda. Ástæðan fyrir þessari breytingu var að mikið álag er á nemendum flugferða í 9. bekk þar sem nemendur taka tvo bekki saman á einu ári. Með þessu ferðakerfi minnkar álagið á nemendum flugferða þar sem þeir taka þrjú ár á tveimur árum í staðinn fyrir tvö ár á einu. Annar kostur við þessa skiptingu er að fleiri nemendur ráða við þetta og því verða fleiri nemendur í flugferð 2015-2016 og ljúka grunnskólaprófi í lok 9. bekkjar. Þetta gekk ákaflega vel og mjög gott að geta haldið þessu áfram. Ástæðan fyrir því að slík skipting er eingöngu möguleg í stærðfræði er hversu margir kennarar starfa í deildinni og geta því allir 8. bekkir verið á sama tíma í stærðfræðitímum.

Önnur nýbreytni í deildinni þetta skólaárið var sú að leggja fyrir reglubókarverkefni rétt fyrir próf. Tilgangurinn með þeim var að nemendur fengju leiðsögn frá kennurum um hvað það væri sem þeir þyrftu að læra betur fyrir prófið sem var á næstunni og hverju þeir væru búnir að ná. Þetta var gert í öllum árgöngum og gekk mjög vel.

Tölfræðiverkefni í forritinu Excel var fært upp á næsta plan í 8. og 9. bekk þar sem við lögðum mikla áherslu á að nemendur lærðu betur á forritið en áður. Nemendur unnu því tvö verkefni, hópverkefni og einstaklingsverkefni.

Þróun í spjaldtölvum hélt áfram hjá einhverjum kennurum í deildinni frá síðasta vetri þar sem þær voru nýttar við ýmis verkefni ásamt því að vera notaðar til að þjálfa nemendur í ákveðnum námsþáttum. Spjaldtölvur voru líka notaðar í fyrsta skipti í valgreininni *Stærðfræðigrunnur* og voru þá smáforrit notuð til þjálfunar í ákveðnum námsþáttum. Við muna halda áfram að innleiða spjaldtölvur í stærðfræðikennslu og þó innleiðingin gangi hægt þá gengur hún vel.

Í vetur lauk loks margra ára vinna við að innleiða allt námsefni fyrsta áfanga í framhaldsskóla í okkar námskrá sem þýðir auðvitað meira og erfiðara nám fyrir nemendur. Þetta er liður í því að koma framhaldsskólanum í þrjú ár. Þetta verkefni hefur gengið vel og á réttum tíma þar sem framhaldsskólarnir eru í fyrsta skipti að bjóða upp á þriggja ára brautir næsta skólaár.

Læsi til náms þróunarverkefni til að bæta lesskilning og orðaforða nemenda vorum við með í 8. bekk (örlítið í 9. bekk). Nemendur gerðu hugtakakort og krossglímur sem tekið var inn í námsmat nemenda, skemmtilegt verkefni sem við munum halda áfram með.

Fjórir kennarar í deildinni sóttu námskeið í forritun með það í huga að bjóða upp á forritun í vali á næsta skólaári. Því miður völdu það fair nemendur forritun á næsta skólaári að aðeins einn kennari í deildinni fær hóp til að vinna með að þróun þessarar kennslu. Forritun krefst mikillar stærðfræðihugsunar og því er mikill áhugi í deildinni á að gera forritun að vinsælli valgrein. Hugsanlega bættum við kennslu í smáforritun inn í stærðfræðina t.d. í 8. bekk til að auka áhuga á greininni og viðhalda þekkingu kennaranna í deildinni.

Kennslustundir nemenda breyttust úr því að vera 40 eða 80 mín í að það allar kennslustundir eru 60 mín. Deildin er að mestu ánægð með þessa breytingu þar sem hver kennari er með færri námshópa yfir daginn en við söknum samt 80 mín tímana.

Námfús tók mikinn tíma frá kennurum þetta skólaárið þar sem þeir voru að læra inn á það í allan vetur. Einnig komu í ljós miklir gallar á kerfinu sem alltaf þurfti að laga jafnóðum.

Mat á starfi skólaársins. Skólaárið gekk vel í heild sinni, áætlanir stóðust og minna var um það að kennarar væru eftir á og lentu í vandræðum með yfirferð. Flugferðin í 9. bekk lenti í smá vanda í lokin og fékk því ekki mikla upprifjun þar sem lokaprófin voru tveimur vikum fyrr en á síðasta skólaári ásamt því að þar bætist við námsefni úr framhaldskólunum.

Deildin er ánægð með störf vetrarins, mjög ánægð með þær breytingar og nýjungar sem hafa verið gerðar í vetur (sjá umfjöllun hér að framan) og starfið í deildinni einkennist af metnaði og dugnaði með það að markmiði að undirbúa nemendur vel undir nám í framhaldsskólum landsins.

Það verður nóg að gera samhliða kennslu á næsta skólaári þar sem nánast öll deildin tekur þátt í Skín þróunarverkefni sem Menntaklifið í Garðabæ sér um. Markmið verkefnisins er að auka fagmennsku kennara og þróa innra mat skólans. Kvenkennarar í deildinni fara á námskeið um jákvæð viðmið í stærðfræðikennslu þar sem megintilgangur verkefnisins er að stuðla að faglegu samstarfi á milli skólanna í Garðabæ. Fagstjóri fékk þróunarstyrk fyrir gerð myndbanda til að innleiða vendikennslu í 10. bekk.

Ábendingar sem deildin vill koma til skólastjórnenda eru þær að við söknuðum mikið heimanámstímama sem voru ekki í boði þetta skólaárið og vonum að hægt verði að bjóða upp á það næsta vetur. Eins finnst okkur ekki koma vel út í námsmati nemenda að sleppa haustannarprófum eins og gert var í fyrsta skipti í vetur. Ástæðan fyrir óánægju okkar er að við teljum að nemendur fái ekki rétt mynd af námsstöðu sinni að haustönn lokinni þar sem þeir taka ekki í neitt stórt yfirlitspróf. Að lokum er það tímasetning lokaprófa sem var ekki góð að okkar mati, prófin voru að stangast á við próf í FG. Það varð til þess að ekki tóku allir nemendur lokaprófið í stærðfræði í 10. bekk á sama tíma sem var alls ekki gott. Við erum alveg sammála því að lokaprófin eigi ekki að vera í lok maí en þau voru of snemma að okkar mati og hentugra væri að þau byrjuðu einni viku seinna á næsta ár.

Tölfræði um árangur nemenda á skólaárinu

Einkunnir voru mjög svipaðar á milli ára í 8. og 9. bekk en mikill munur á einkunnum í 10. bekk. Munurinn í 10. bekk er mun meiri á haustönn heldur en á vorönn. Hugsanleg skýring á þessum mun, bæði á haustönn og vorönn er í fyrsta lagi sú að það voru næstum tvöfalt fleiri nemendur í sérprófum skólaárið 2014-2015 heldur en 2013-2014 og í öðru lagi þá var ekkert yfirlitspróf á haustönn (yfirlitspróf lækka meðaleinkunn þar sem nemendur fá yfirleitt lægra á því en öðru námsmati).

Meðaltal lokaeinkunna á haustönn, samanburður milli ára:

Hópar	Haust 2013	Haust 2014
8. bekkur (flugferðarnemendur ekki teknir með)	7,6	6,5
8. bekkur flugferð		8,7
9. bekkur (flugferðarnemendur ekki teknir með)	7,2	7,3
10. bekkur	6,4	7,8

Meðaltal lokaeinkunna á vorönn, samanburður milli ára:

Hópar	Vor 2014	Vor 2015
8. bekkur (flugferðarnemendur ekki teknir með)	7,4	5,9
8. bekkur flugferð		8,6
9. bekkur (flugferðarnemendur ekki teknir með)	7,3	7,2
10. bekkur	6,4	7,2
10. bekkur grunnskólapróf (flugferðarnemendur teknir með, kláruðu vor 2014)	6,9	7,6

Fjöldi nemenda með einstaklingsnámskrá/aðlagað námsefni og námsmat:

8. bekkur		9. bekkur		10. bekkur	
Vor 2014	Vor 2015	Vor 2014	Vor 2015	Vor 2014	Vor 2015
16	17	21	21	12	22

Garðabær, júní 2015
Elena Einisdóttir, fagstjóri í stærðfræði

SKÝRSLA FAGSTJÓRA Í TEXTÍLMENNT OG SMÍÐI

Guðrún Björk Einarsdóttir kennir textíl, fatahönnun, þrjón og skapandi smíðju, Sýlvía Gústavsdóttir kennir smíði, Auður Edda Geirsdóttir kennir skapandi smíðju.

Kennsluhættir og námið í textílmenn. Í vetur voru teknar upp 60 mín kennslustundir. Með þessu fyrirkomulagi jókst kennslan í 8. bekkjum um 40 mín á viku. Aukinn tími gaf svigrúm til að takast á við stærri og metnaðarfullri verkefni. Í 8. bekk voru unnar kynningar á textílefnum með smáforritinum „Explain everything“ og var námsefninu miðlað í formi hreyfimynda. Forritið höfðu þeir lært að nota í *Upplýsingatækni*. Kynningar voru spilaðar í þeim tilgangi að fræðast um uppruna og eiginleika þeirra efna sem eru í algengum fatnaði.

Í 9. bekkjar vali í *Fatahönnun* var skerðing á tíma um 20 mín á viku. Þar var mikið unnið með endurnýtingu og nemendur hvattir til að velja verkefni sem miðast við þann tíma sem var í boði. Valhópar í 10. bekk voru öflugir og áhugasamir. Nemendur næsta árs verða síðasti hópurinn sem kemur til með að ljúka fjölbrautaráfangi í fatahönnun í Garðaskóla. Nemendur í fatahönnun héldu tiskusýningu á árs hátíð. Fjórir nemendur 9. bekkjar báru sigur úr bítum í STÍL - fatahönnunarkeppni félagsmiðstöðvanna sem haldin var í Hörpu í nóvember. Þetta hefur verið samvinnuverkefni skólans og félagsmiðstöðvarinnar og þar reynir mikið á hugmyndaflugið og að koma fram með eitthvað nýtt og frumlegt. Án skapandi hugsunar er ekki möguleiki á að vinna slíka keppni. Annað samvinnuverkefni var að sauma og finna til búninga fyrir leiksýningu skólans. Þar voru áhugasamir nemendur virkjaðir enda mörg verk að vinna. Í valáfanga í *Þrjóni og hekli* var tekið á móti nemendum á þeim stað sem þeir voru staddir í byrjun annar og stefnt að því að auka leikni og áhuga. Næsta vetur standa vonir til þess að áhugi verði á stærri verkefnum sem byggja á einhverri heimavinnu.

Í *skapandi smíðju* var unnið með margvíslegan efnivið. Næsta vetur verður hluti af verkefnum *skapandi smíðju* færður inn í aðrar verkgreinar þó valgreinin verði ekki í boði áfram. Sú þróunarvinna nýtist því áfram. *Skapandi smíðja* hefur notað spjaldtölvur mjög mikið og í byrjun skólaársins stofnuðu nemendur „Pinterest“ samskiptasíðu með áhugaverðum hugmyndum sem þeir vildu skoða betur og vinna að yfir veturinn. Víða er hægt að fylgja einföldum leiðbeiningum á netinu. Styður það nemendur og auðveldar kennurum undirbúning og þróunarstarf. Efniskostnaður þar var lítil og mikið unnið með endurnýtanlegt efni svo sem mósaíkafganga, leðurbúta, gler og fleira sem féll til. Farið var með nemendahópa á allar sýningar Hönnunarsafnsins, á útskriftarsýningu Listaháskólans og í „Fab Lab“ smíðju í Breiðholti.



Sigurvegarar í STÍL 2014

Kennsluhættir og námið í smíði. Í 8. bekk miðaði fyrsta verkefnið að því að kenna handtökin og átta sig á getu nemenda. Sama verkefnið var lagt fyrir hópinn en hver útfærði það á sinn hátt. Verkefnið sem varð fyrir valinu í vetur var að láta nemendur útfæra gestabók eða dagbók þar sem talið var að það myndi nýtast þeim vel. Í valhópum næsta vetrar verða áfram einhver skylduverkefni þar sem lagðir verða inn ákveðnir verkþættir. Leitast verður við að auka sjálfstæði og byggja upp sjálfstraust nemenda. Unnið var í mismunandi efnivið þannig að allir fengu þjálfun í að vinna með mismunandi viðartegundir og málma. Á næsta ári er ætlunin að efla nýsköpun og leitað verður leiða til að virkja frumkvæði nemenda enn frekar. Námskeið í nýsköpunarmennt sem kennarar sátu í vetur nýtist án efa vel til þess. Námsmatið er enn í þróun. Vinnueinkunn ásamt frammistöðu í tímum er mikilvægust í smíðinni en hún byggir á dagbók eða vinnubók þar sem fram kemur hvað gert var í hverjum tíma. Skráning í bókina tekur 3-5 mín og það hjálpar til við einkunnagjöf og fær nemendur til að festa betur í minni hvað gert var og styðja þeirra sjálfmat. Sumir unnu skyssur og teikningar í vinnubókina. Á sjálfsmatsblaði höfðu nemendur tilhneigingu til að meta sig of hátt. Næsta vetur verður unnið áfram með það í list- og verkgreinum hvornig sjálfsmatinu er best háttáð. Einnig hefur verið rætt um að búa til hæfnikvarða sem hjálpar nemendum við sjálfsmatið.

Breytingar og þróunarverkefni. *Læsisverkefnið* og þróunarverkefnið *Frá frumkvæði til framkvæmdar* hefur endurspeglast í kennslunni í vetur og verður áherslan næsta vetur enn frekar á nýsköpun og læsi. Kennarar tóku þátt í þróunarverkefninu *Frá frumkvæði til framkvæmdar*. Úrvinnslan úr því á vonandi eftir að koma sér vel næsta vetur en við kjósum að vinna að nýsköpun með þann efnivið sem við þekkjum. Sum nýsköpunarverkefni kalla á samvinnu verkgreina og er það vel.

Mat á starfinu í textíl og smíði. Fagdeildin stefnir á að auka nýsköpun og leitað verður leiða til að virkja frumkvæði nemenda og innleiða þær aðferðir sem auðvelda þeim að þróa hugmyndir sínar og framkvæma. Oft er auðveldara að skapa og prufa sig áfram með verðlaus efni og þannig þróast gjarnan góðar hugmyndir.

Úrbótatillögur. Þreytu gætir hjá þeim nemendum sem eru fram eftir degi í skólanum og æskilegt ef hægt væri að breyta því. Algengt er að tímar séu svo seint að deginum að þeir stangist á við tómsstundir nemenda. Lagfæra þarf og endurnýja tæki og búnað í textíl og smíðastofu. Brýnt er að endurnýja standbor og rennibekk í smíðastofu og setja upp skjávarpa og tjald í báðar stofurnar. Verkfæri þarf að yfirfara með tilliti til öryggis við vinnu. Loftræstingu í smíðastofu þyrfti að skoða. Það þyrfti að mála og pússa upp borð í textílstofu og endurnýja stóla. Huga þarf vel að því hverjir eiga að hafa aðgang að smíðastofu.

Meðaltal lokaekunnna á haustönn, samanburður milli ára:

Hópar	Haut 2013	Haut 2014
Textílmennt 8. bekkur	8,0	8,0
Fatahönnun 9. bekkur	8,4	8,2
Fatahönnun 10. bekkur	8,3	8,1
Prjón og hekl		7,9
Skapandi smíðja		7,3
Smíði 8. bekkur	7,5	8,5
Smíði 9. bekkur	7,0	8,5
Smíði 10. bekkur	7,5	8,5

Meðaltal lokaekunna á vorönn, samanburður milli ára:

Hópar	Vor 2014	Vor 2015
Textílmenn 8. bekkur	7,9	8,0
Fatahönnun 9. bekkur	7,9	8,2
Fatahönnun 10. bekkur	7,9	8,1
Prjón og hekl		7,9
Skapandi smíðja		8,0
Fjölbrautaráfangi		8,4
Smíði 8. bekkur	8,0	8,2
Smíði 9. bekkur	7,7	8,2
Smíði 10. bekkur	8,0	8,7

Samstarf í list- og verkgreinum hefur verið mjög gott og er afar mikilvægt þar sem oftast er einn kennari sem sér um hverja grein. Samvinna við innleiðingu breytinga sem fylgja nýrri aðalnámsskrá mun koma sér vel.

Júní 2015

Guðrún Björk Einarsdóttir, fagstjóri í textíl og smíði.

SKÝRSLA FÉLAGSMIÐSTÖÐVARINNAR GARÐALUNDAR

Haustönn



Ball í Garðalundi

Vetrarstarf Garðalundar hófst að venju með *opnu húsi* þann 10. september og voru ratleikur og þrautir á boðstólnum. Starfið fór svo í gang af fullum krafti með *opnunarballinu* sem var þrusugott „rave“ ball, allir fengu hvíta boli og neon málningu og er þetta eitt besta ball sem haldið hefur verið í Garðalundi, það mættu um 400 manns. *DIY(do it yourself)*-klúbburinn hóf göngu sína 22. september með því að fönndra sín eigin símahulstur og er ætlunin að halda eitt slíkt kvöld í viku eða a.m.k. tvö í hverjum mánuði. Haldin var pizzukeppni og „stinger“ keppni, skotbolti og spilakvöld fengu líka sitt pláss í dagskránni svo eitthvað sé nefnt.

Landsmót Samfés var haldið 3. - 5. október á Akranesi og tók dágóður hópur frá Garðalundi þátt. Einn nemandi fór gagngert til að bjóða sig fram í ungmennaráð, Indíana Lind Gylfadóttir í 9. bekk, en hún náði því miður ekki kjöri. *Stíll klúbburinn* byrjaði að hittast einu sinni í viku á mánudögum í textílstofunni og voru átta hópar skráðir til keppinnar. *Óvissuferð 8.bekkjara* var farin 6. október og tókst sérlega vel í ár enda er þessi 8. bekkur mjög félagslyndur. Helgina eftir var *lan mót* á dagskrá en það er yfirleitt eitt slíkt í boði á hverri önn og var vinsælt sem endranær og um 80 manns í húsinu. *DIY tie-dye*, *DIY trölladeig* og leir og *DIY dagatal* voru í boði í október. *Kaffihúsakvöldið* var haldið 15. október með frábærum veigum m.a. frá Jóa Fel, Önnu Konditorí, Okkar bakarí og Bakarameistarannum. *Sundlaugapartý* fyrir 9. bekk var sett á dagskrá 17. október en það féll niður vegna lélegrar þátttöku en hingað til hefur þessi viðburður verið mjög vinsæll. Margt annað var á boðstólnum s.s. karaoke, Fifa, Domino's kvöld og fallinn hlutur. *Vetrarball* var haldið 30. október og fengu allir íshlunk við innganginn.



Félagsmálavalið

Nóvember hófst á *DIY perl* og fönndur en *félagsmiðstöðvargurinn* var 5. nóvember. Húsið var opið fyrir alla Garðbæinga en á dagskrá var leikjakvöld og allt dregið fram sem félagsmiðstöðin getur státað af. 10. bekkurinn fékk svo hið árlega *kúrukvöld* sem er gistinótt í skólanum og var góð mæting. Farið var í skautuferð með um 50

mannahóp í Skautahöll Reykjavíkur þann 21. nóvember sem var mjög hressandi. *Stíll innanhúskeppnin* var haldin sama dag en það voru þær Renata, Guðrún Ísabella, Valdís og Sóley í 9. bekk sem sigruðu með ævintýrlegum búning um tæknidrottninguna en þemað í ár var einmitt tækni. Virkilega skemmtileg og vel heppnuð heildarútkoma. DIY klúbburinn var með föndur á aðventukrönsum og voru gerðir margir frumlegir kransar. Haldið var „Minute to Win It“ kvöld með alls kyns smáprautum. Þann 28. nóvember var *stelpukvöldið* og það gekk frábærlega vel og hver einasta stelpa í Garðaskóla mætti. Stelpurnar skreyttu salinn hátt og lágt mjög smart og bökuðu bollakökur. Í lok mánaðarins tók svo *Stíll 2014 aðalkeppnin* í Hörpu við en okkar hópur vann keppnina og í þriðja sinn kom bikarinn til Garðalundar. Nemendum frá Garðalundi hefur gengið mjög vel í keppninni síðan 2008. *Tabú kvöld* var á dagskrá 7. nóvember en var frestað og fært yfir á vorönn. Því miður varð ekkert úr herrakvöldinu sem verið hefur síðastliðin ár.

Desember var pakkaður af skemmtilegri og fjölbreyttri jóladagskrá en hann hófst á piparkökubakstri og jólaskreytingum. Þá skreyttu krakkarnir félagsmiðstöðina og bökuðu smákökur. Garðalundur bauð öllum 10. bekkingum í *jólamat* 5. desember en þetta er mjög kósý og hugguleg stund þar sem nemendur og starfsfólk Garðalundar ásamt umsjónarkennurum njóta samverunnar í hátíðlegu andrúmslofti. Krakkarnir gæddu sér á hamborgarahrygg og gratíneruðum kartöflum og ísköku í eftirrétt. DIY jólaföndur 1 og 2 var einnig á dagskrá, þá var farið í lafabrauðsgerð og *jólaútvampið* var dagana 15.-18. desember og gekk mjög vel. Í verkefnið söfnuðust 160 þúsund en því miður fékk félagsmiðstöðin ekki alla styrkina greidda en við enduðum réttu megin við núllið. Margt annað var á dagskrá s.s. *jólaball* sem var góðgerðaball 17. desember, *jólabíó* og *jólabingó*. Jólafríið byrjaði 20. desember og stóð til 4. janúar.

Vorönn

Nýja árið hófst á forskráningu *skíðaklúbbanna* og hófu þeir svo göngu sína u.þ.b. viku seinna. *Opin hús* byrjuðu 5. janúar með áramótaheitagerð. Starfsemin var fjölbreytt að venju og má nefna að haldið var kaffihúsakvöld með Ara Eldjárn, heimildarmyndin Fed-Up var sýnd á stóra skjánum en hún hefur fengið alþjóðleg verðlaun og var valin ein af 10 áhrifamestu heimildarmyndum um heilsu og mataræði. Tie-dye og bolaþrykk var aftur á dagskrá vegna vinsælda sem og pizzukeppni og *leiklistin* var með söngleikjaprufur dagana 16. - 17. janúar. *Nýársbilliarmót* Garðalundar var haldið 23. janúar og það var Fjóla Ýr í 8. bekk sem bar sigur úr býtum og tryggði sér billiardbikarinn. *Nýársballið* sem er hefð fyrir að sé grímuball var þann 30. janúar en það var frekar léleg mæting miðað við undanfarin ár en þeir sem mættu skemmtu sér vel. Þann sama dag var *hæfileikakeppnin Safinn* haldin og það voru Sigríður Ósk og Einar Örn í 10. bekk sem unnu.

Þann 6. febrúar fóru þau Sigríður Ósk og Einar Örn sem fulltrúar Garðalundar og kepptu í *söngkeppni Samfés Suðvestur* sem haldin var í Grindavík. Því miður komst okkar atriði ekki áfram í aðalkeppnina. Vetrarfríið hófst 7. febrúar og stóð til þess 15. Skíðaklúbbarnir gerðu ýmislegt sér til dundurs s.s. kóskúlugerð, bragðarefsgerð og fengu Siggu Dögg kynfræðing í heimsókn. Á þann viðburð mættu tveir þriðju hlutar nemenda skólans. Kvöldið var mjög vel heppnað. Eftir vetrarfrí fór draugahúsnefndin á fullt að skipuleggja hið víðfræga *draugahús* sem var á dagskrá 27. febrúar og var metaðsókn hjá 8. bekknum. Bilun á lyftunni setti hins vegar strík í reikninginn og urðu margir of skelkaðir. Félagsmálafræðihópurinn fór í hópefli þann 20. febrúar og urðu margfalt betri og sterkari hópur eftir það.

Marsmánuður var þéttskipaður og farið var í *skíðaferð eldri* hópsins til Akureyrar 4. - 8. mars en veður var fremur slæmt og ekki hægt að fara á skíði fyrstu dagana. Þá gripu fararstjórar til þess ráðs að fara á skíði á Dalvík til að nýta tímann og fóru einnig með hópinn á skauta á Akureyri. *Skíðaferð yngri* hópsins var frestað þar til eftir páskafrí því ófært var í Bláfjöll. Helgina eftir skíðaferð fór Garðalundur með 80 manna hóp á *Samfeshátíðina* þar sem um 5000 unglingar skemmtu sér í Laugardalshöll á föstudagskvöldi undir umsjá félagsmiðstöðvastarfsmanna. Daginn eftir var aðalsöngkeppnin sem er einn flottasti viðburður unglingasamfélagsins. *Uppskeruhátíð skíðaklúbbs eldri* eða *myndakvöld* eins og það er yfirleitt nefnt var haldið 18. mars. Þá horfa krakkarnir á kvikmynd og skoða myndir úr ferðunum og gæða sér á pizzu og gosi. *Skákmót* Garðalundar var haldið 23. mars en mikill uppgangur er í skákípróttinni og hún hefur þrífist nokkuð vel innan veggja félagsmiðstöðvarinnar. Farið var á *Skólahreysti* líkt og undanfarin ár í lok mánaðarins en lið Garðaskóla stóð sig einstaklega vel í gríðarlega sterkum riðli skólanna af Suðurnesjum. Garðaskóli lenti í þriðja sæti á eftir margföldum meisturum úr liðum Holtaskóla og Heiðarskóla. *Sprengjugengið*, helstu sérfræðingar Íslands í efnafræðibrellum, kíkti í heimsókn og var með brellusýningu 25. mars og var enginn svikinn af þeirri sýningu, brunakerfið fór í gang en það kviknaði ekki í skólanum sem betur fer. *Páskabingóið* var á sínum stað 27. mars og fengum við fullt af páskaeggjum frá Góu gefins. Undirbúningur fyrir árshátíðina var einnig í hámarki og leikhópurinn á fullu að undirbúa frumsýningu.



Leikfélag Garðalundar sýndi Litlu hryllingsbúðina

Apríl hófst með trucki. Frumsýning *Litlu hryllingsbúðarinnar* undir leikstjórn Ástu Júlíu Elíasdóttur var þann 7. apríl og tókst hún sérlega vel. Baldvin Eyjólfsson var hljómsveitarstjóri líkt og undanfarin ár. Leiksýningarnar gengu fyrir fullu húsi til 19. apríl og urðu þær alls 10 talsins. *Skíðaferð yngri* hópsins var dagana 13. - 15. apríl og gekk mjög vel þrátt fyrir að lítið væri hægt að skíða. *Árshátíðin* var haldin 21. apríl með frábærum skemmtiatriðum t.a.m. frá krökkunum, Jóni Jónssyni, leynigestinum Young Karin og hljómsveitin Úlfur Úlfur steig á stökk. Veislustjóri var Níels Thibaud Girerd eða Nilli eins og hann er oftast kallaður. Krakkarnir skreyttu íþróttahúsið Ásgarð hátt og lágt í anda „Willy Wonka“ þemans og allir mættu í sínu finasta pússi. Mikill metnaður var lagður í skreytingarnar og var talað um glæsilega árshátíð. Seinna lan mót vetrarins var svo haldið í lok mánaðarins og mættu um 40-50 manns.



Mikið var brallað á opnum húsum í vetur m.a. smoothie gerð, íspinnagerð, skotbolti, skartgripagerð, brjóstsykursgerð, frísbíkvöld, spilakvöld, kokkakeppni, playstation-kvöld, tabú-kvöld, draugasögur í kjallara og kappát. *Afmæli skólans* var haldið hátíðlegt í nóvember og gekk ágætlega. Garðalundur er ein virkasta félagsmiðstöðin á landinu og er að jafnaði boðið upp á skipulagt starf fjórum til fimm sinnum í viku fyrir unglinga bæjarins. Við erum mjög stolt af starfinu en langar að gera enn betur.

Það er alveg ljóst að það er þörf á frekara fjármagni inn í starfið þar sem við höfum þurft að skera við nögl á þó nokkrum stöðum. Garðalundur býður t.d. ekki lengur upp á rokksmiðju í vetrarfríinu, kjóla- og árshátíðarklúbburinn var ekki starfandi að mestu sökum tímaskorts og ýmiss konar hópastarf hefur verið lagt niður og engin bekkjarkvöld eða bekkjarráð eru í gangi lengur. Félagsmiðstöðin fékk loksins fjármagn til að standsetja eldhúskrókinn og vask og uppþvottavél var komið fyrir í honum. Mikil búbot þar. En húsbúnað

þarf enn að bæta, m.a. þarf læsta skápa, fleiri fundarstóla, nýjan sófa og ný sófaborð. Geymsla Garðalundar er í mjög slæmu ástandi og þarfnast góðs hillukerfis og skápa fyrir ýmsa hluti sem tengjast starfinu sem ekki eiga að rata í hendur hvers sem er s.s. videóvélar og viðkvæman búnað. Það þarf líka að útbúa loftræstistökk þar í gegn því loftið þar inni er óheilsusamlegt. Félagsmiðstöðin er loks búin að eignast ágætis geymslu í kjallara skólans fyrir búninga og leikmuni leikfélagsins. Að lokum þarf að gera upp og laga bláu hurðina sem er aðalinngangurinn í Garðalund.

Mörg íþróttafélög og félagsmiðstöðvar nutu góðs af gistingu í Garðaskóla í umsjón Garðalundar og Fjölbrautaskólinn í Garðabæ fékk ýmsa tæknilega aðstoð. Einnig fékk Dale Carnegie aðstoðu í vetur fyrir uppbyggingarnámskeiðin sín.

Félagsmálafræði heldur áfram að vera vinsæl valgrein og voru alls 16 nemendur sem útskrifuðust vorið 2015. Veturinn var viðburðaríkur og skemmtilegur, Garðalundur þakkar starfsfólki Garðaskóla fyrir samstarfið í vetur.

f.h. Garðalundar
Brynhildur Þórðardóttir, aðstoðarforstöðumaður

SKÝRSLA FORSTÖÐUMANNS SKÓLASAFNSINS

Starfsemi skólasafnsins er skipulögð með það í huga að veita nemendum og starfsfólki Garðaskóla aðgang að safnkosti sem hefur fjölbreytilegt fræðslu- og upplýsingagildi. Einnig er leitast við að hafa tiltækar nýjar unglingabækur og skáldsögur sem hvetja og örva nemendur til yndislestrar. Leitast er við að leiðbeina nemendum við val á lesefni, upplýsingaleit og úrvinnslu á verkefnum. Áhersla er lögð á að skólasafnið sé vinnustaður þar sem næði ríkir til náms og lestrar fyrir alla nemendur sem kjósa að nýta sér það.

Safnið er opið mán.-fim. frá kl. 8:10 til 15:30. Á föstudögum opnar safnið kl. 9:10 og er opið til kl. 14:30. Starfsmaður safnsins er sem fyrr María Hrafnadóttir. Svanhildur Guðmundsdóttir sem verið hefur annar starfsmaður safnsins sinnir störfum á skrifstofu skólans og kemur því aðeins og leysir af í kaffihléi og matartíma.

Húsnæði safnsins er óbreytt og húsbúnaður sömuleiðis. Það skal ítrekað hér að búnaðurinn er orðinn lúinn og upphaflegu stólum safnsins fer fækkandi vegna slits á áklæði. Þeir eru hins vegar sterkir og biða í kjallara skólans eftir því að fá nýtt áklæði og borðin þyrfti að slípa upp og lagfæra.

Safnið rúmar ágætlega 50 nemendur í sæti og á stundum virðist það of lítið fyrir svo stóran unglingaskóla sem Garðaskóli er. Það er full þörf á húsnæði sem rúmar fleiri nemendur og er hentugra að skipulagi en núverandi safn. Væri því ekki úr vegi að endurvekja gömlu hugmyndina um nýtt bókasafns- og upplýsingaver í miðrými á efri hæð skólahússins. Átta tölvur eru á safninu sem nemendur hafa aðgang að til námstengdrar vinnu og upplýsingaöflunar. Nemendur geta einnig prentað út verkefni endurgjaldslaust á safninu. Heldur hefur dregið úr útprintun í vetur vegna breyttra vinnubragða við verkefnaskil. Gerðist það í kjölfar innleiðingar á google-drif notkun nemenda og kennara. Við það aukast möguleikar á rafrænum skilum og dregur úr óþarfa pappírnotkun.

Safnkostur í lok skólaárs

Efnistegund	Fjöldi
Snældur	83
Snælda/hljóðbók	161
Bækur	15064
Spil	19
Geisladiskar	173
Geisladiskur/hljóðbók	564
Tölvugögn	57
Mynddiskar	232
Tæki	164
Tímaritshefti	54
Kort	14
Myndbönd	225
	16810

Heildarsafnkostur var í upphafi skólaársins 16.385 eintök. Á skólaárinu bættust við 460 bækur sem er nokkur aukning frá fyrra ári. Auk þess bættust við rúmlega 50 tækja sem lánuð eru út gegnum safnið. Mestu hluti tækjanna eru spjaldtölvur (ipadar) sem notið hafa mikilla vinsælda hjá nemendum og kennurum.

Fjöldi afskrifaðra bóka og gagna er 85 eintök. eru það fyrst og fremst úreltar bækur en einnig skemmdar eða týndar bækur. Í lok skólaárs telur því safnkosturinn 16.810 eintök og skiptist eins og sjá má í töflu hér til hliðar.

Útlán

Heildarútlán safnsins voru umtalsvert meiri í vetur en á síðasta vetri. Í fyrra voru útlánin 5278 eintök af bókum, gögnum og tækjum. Í vetur voru útlánin 9046 eintök. Athyglisverðast er að sjá að mun meira er lánað út af tækjum en bókum. Er munurinn 354 eintök. Helsta skýringin á þessari aukningu er gríðarlegar vinsældir spjaldtölvanna sem skólinn eignaðist síðastliðinn vetur og eru lánaðar kennurum í bekkjarsettum. Vanskil í vetrarlok eru enn sem fyrr of mikil eða 140 eintök. Í ár var enginn formlegur bókaskiladagur og voru nemendur margir hverjir í vafa um hvenær og hvert þeir ættu að skila bókum og gögnum. Til bóta væri ef formlegur bókaskiladagur væri auglýstur vandlega inn á heimilin áður en nemendur halda í vorferðir.

Útlán

Efnistegund	
Bækur	4278
Hljóðbækur	42
DVD	90
Tæki	4632
Myndbönd	2
	9046



Starfsemi safnsins

Starfsemi safnsins var með venjubundnu sniði í vetur. Nýnemar 8. bekkjar fengu kynningu á safninu, skipulagi og starfsreglum í fyrstu viku skólaársins.

Í upphafi haustannar lásu allir nemendur í 8. bekk einhverja af fimm bókunum í bókaflokknum Rökkurhæðir sem kjörbók í íslensku. Í kjölfar þess komu höfundar bókanna, þær Birgitta Elín Hassell og Marta Hlín Magnadóttir í heimsókn á safnið. Þær lásu upp fyrir allan 8. árganginn úr nýjustu bók sinni í flokknum og svöruðu fyrirspurnum. Voru nemendur ánægðir með heimsóknina og líflegar umræður spunnust um bækurnar.

Nokkur minni verkefni voru unnin á safninu í hinum ýmsu greinum s.s. íslensku, ensku og náttúrufræði.

Um miðjan desember fór fram kynning á nýútkomnum bókum sem keyptar höfðu verið til safnsins. Nemendur komu á safnið með íslenskukennurum sínum, tveir til þrír hópar í senn. Bækurnar voru kynntar hver af annarri og er þessi kynning liður í að hvetja nemendur til aukins lestrar.

Á vorönn voru unnin stór verkefni í íslensku og samfélagsfræði. Efni sem nýtist nemendum við úrvinnslu var tínt til á vagn og var til afnota á safninu.

Enn sem fyrr nýttu kennarar safnið sem sjúkraprófstofu. Leið varla sá dagur að ekki væru einhverjir nemendur að taka próf í einhverri kennslustund dagsins. Var það allt frá einum nemanda á dag upp í 35 nemendur þegar mest var. Betur færi ef hægt væri að finna eitthvert annað form á endurtektar- eða sjúkraprófum í skólanum.

Garðabær, júní 2015

María Hrafnsdóttir, forstöðumaður skólasafns.

SKÝRSLA NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFNA


Í ársskýrsla námsráðgjafar fyrir skólaárið 2014 – 2015 verður fjallað um helstu verkefni og áherslur í starfi náms- og starfsráðgjafa í Garðaskóla. Meginhlutverk náms- og starfsráðgjafa er m.a. að vinna með nemendum, forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum, starfsmönnum skólans og Garðalundar, starfsfólki á fræðslu- og menningarsviði og fjölskyldu- og heilbrigðissviði Garðabæjar og Heilsugæsluteymi Garðabæjar að ýmiss konar velferðarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda.

NÁMS - OG STARFSRÁÐGJÖF

Einstaklingsmiðuð ráðgjöf

Einstaklingsmiðuð ráðgjöf eru umfangsmikil í starfinu. Nemendur koma helst vegna vanda sem tengist námi þeirra, vegna persónulegar mála, námsvals og samskiptaerfiðleika. Þeir koma oft fyrir milligöngu forráðamanna eða kennara eða leita sjálf eftir aðstoð. Alls komu 216 nemendur úr 8. - 10. bekk í einstaklingsviðtöl til námsráðgjafa. Flestir nemendur komu tvisvar eða oftar. Allmargir voru í föstum viðtölum hluta af skólaárinu eða allt skólaárið. Forráðamenn komu einnig í viðtöl og margir höfðu samband símleiðis eða með tölvupósti. Námsráðgjafar eru oft í miklum samskiptum við umsjónarkennara og stjórnendur skólans vegna einstaka nemenda.

Mynd 1. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum og kyni sem komu til námsráðgjafa í viðtöl í eitt skipti eða oftar skólaárið 2014 – 2015.*



*Þá eru ekki talin viðtöl vegna áhugakönnunar Bændils við alls 92 nemendur í 10. bekk og viðtöl við alla nemendur 10. bekkjar við lok skólagöngunnar.

Þrátt fyrir að ívið færri nemendur hafi komið í viðtal hjá námsráðgjöfum í ár þá fjölgaði nemendum sem voru í föstum viðtölum nánast allan veturinn. Athygli vekur að í núverandi 9. bekk er mikill kynjamunur þar sem helmingi fleiri stúlkur leita aðstoðar námsráðgjafa en það sama var upp á teningnum hjá þessum árgangi í 8. bekk.

Hópráðgjöf / fræðsla

Námsráðgjafar hittu alla nemendur skólans yfir veturinn. Hér á eftir má sjá helstu viðfangsefni fræðslunnar eftir árgöngum.

10. bekkur

Fræðsla um samskipti og einelti

Námsráðgjafar útbjuggu eineltisfræðslu fyrir nemendur sem fór fram í umsjónartímum.

Náms- og starfsfræðsla

Náms- og starfsfræðsla í þeirri mynd sem hún hefur verið sl. ár breyttist með tilkomu lengingar kennslustunda og fór að hluta til inn í umsjónartíma þar sem námsráðgjafar komu og kynntu t.d. námsframboð framhaldsskólanna og innritunarferlið. Þá sáu námsráðgjafar um að útbúa efni fyrir umsjónarkennara sem var notað jafnt og þétt yfir veturinn. Nemendur í 10. bekk fóru í starfskynningu á vordögum og í tengslum við það voru tveir heilir dagar tileinkaðir starfsfræðslu.

Helstu viðfangsefni vetrarins í náms- og starfsfræðslu:

- Áhugasviðskönnun
- Upplýsingar um námsframboð framhaldsskóla
- Áfanga- og bekkjarkerfi kynnt, upplýsingar um innritunarferli
- Umræður og verkefni um gildi starfa
- Ferilskrá
- Umræður um kynbundna starfshugsun og kynbundinn launamun
- Starfskynningar og starfsfræðsla
- Námslokaviðtal.

Áhugakönnunin Bendill.

Nemendum stóð til boða að taka áhugakönnunina *Bendil* á vorönn og voru um 65 % nemenda í 10. bekk sem tóku hana. Þeir fengu einstaklingsviðtöl hjá námsráðgjafa við að túlka niðurstöður könnunarinnar. Í lok skólaársins tóku námsráðgjafar viðtöl við alla nemendur í 10. bekk.

9.bekkur

- Kynning á námsframboði á framhaldsskólastigi
- Námsráðgjafar útbjuggu eineltisfræðslu fyrir nemendur sem fór fram í umsjónartímum.

8.bekkur

- Námsráðgjafar hittu nemendur í þrjú skipti yfir veturinn í minni hópum í námsráðgjöfinni og í kennslustundum.
- Kynning á ferða- og hópakerfi í 9. og 10.bekk
- Kynning á námsráðgjöfinni, samskipti og bekkjarandi
- Fræðsla um einelti – nemendaráðgjafar sáu um fræðslu undir leiðsögn námsráðgjafa.

ÝMIS VERKEFNI

GERT verkefnið

Árið 2013 ákvað Garðaskóli að taka þátt í GERT verkefninu sem er samstarfsverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitafélaga og Samtaka iðnaðarins. Tilgangur verkefnisins er að efla grunnmenntun í raunvísindum og tækni. Skólaárið 2013-2014 var Garðaskóli ekki virkur þátttakandi en fylgdist með til að meta hvernig verkefnið gæti nýst sem best í Garðaskóla. Verkefnið varð því nokkurs konar þróunarverkefni sl. vetur þar sem lítill hópur nemenda í 10. bekk valdi GERT verkefnið sem valgrein og því náði þessi fræðsla til mjög afmarkaðs hóps nemenda. Hins vegar náði skólinn að auka og víkka tengslanet sitt út í atvinnulífið og við stofnanir sem tengjast GERT verkefninu. Það mun án efa koma til með að liðka fyrir verkefnum sem snúa að eflingu samstarfs skólans við atvinnulífið. Tengslanetið nýttist vel þegar allir nemendur skólans fóru í starfskynningar á vordögum og sjáum við enn fleiri tækifæri til samstarfs í framtíðinni.



Frá starfamesu í Garðaskóla í desember 2014

Nemendaráðgjöf

Í vetur störfuðu 17 nemendur sem nemendaráðgjafar undir handleiðslu námsráðgjafa. Nemendaráðgjafar tóku m.a. þátt í móttöku og aðlögun nýrra nemenda og voru með jafningjafræðslu um einelti fyrir alla nemendur í 8.bekk.

Önnur verkefni námsráðgjafa voru m.a.:

- Þátttaka í verkefninu: Af hverju er ég í skóla? Hvert stefni ég? Samstarf við Iðuna-fræðslusetur
- Hvítbók. Vinna í samráðshópi sem fulltrúi námsráðgjafa um námstíma
- Umsjón og framkvæmd með degi gegn einelti í nóvember 2014
- Skipulagning á aðlögun og móttöku nýrra nemenda og eftirfylgd með þeim
- Þátttaka á kynningarfundum fyrir foreldra og nemendur í 8. bekk að hausti
- Seta í áfallaráði skólans
- Þátttaka í vinnu grunnskóla Garðabæjar í verkefninu Jafnrétti, kynheilbrigði og velferð
- Skráning fundargerða nemendaverndarráðs
- Kynning á eineltisstefnu skólans fyrir starfsfólk skólans
- Umsjón með starfskynningum allra nemenda skólans á vordögum
- Kynning á eineltisstefnu Garðabæjar fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja í Garðabæ
- Samráðsfundir náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum Garðabæjar
- Samráðsfundir með náms- og starfsráðgjöfum úr öðrum bæjarfélögum.
- Reglulegir samráðsfundir allt skólaárið með fulltrúum í eineltisteymum grunnskóla Garðabæjar
- Verkefnið „Gegn einelti í Garðabæ“.

ENDURMENNTUN / VIÐHALD FAGÞEKKINGAR NÁMSRÁÐGJAFNA

ágúst 2014	Skyndihjálparnámskeið 3. klst., Garðaskóla.
ágúst 2014 – apríl 2015	Læsi til náms.
september 2014	Kynning á valgreinum í Iðnskólanum í Hafnarfirði fyrir nemendur Garðaskóla.
október 2014	Tveggja daga ráðstefna námsráðgjafa í New Jersey, vinnustofur og fyrirlestrar.
október 2014	Allir snjallir, ráðstefna um snjalltækjanotkun í grunnskólum.
desember 2014	Örugg saman. Kynning á námsefni fyrir unglinga um öryggi í samskiptum.

desember 2014	Kynferðisofbeldi gegn börnum. Málsmeðferð réttarkerfisins og réttindavernd barna. Menntamálaráðuneyti.
desember 2014	Fundur vegna styttingar á námi til stúdentsprófs. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ.
janúar 2015	Samskipti á samfélagsmiðlum-fagaðilar. Dale Carnegie.
febrúar 2015	Fundur vegna innritunar í framhaldsskóla. Menntamálaráðuneyti.
febrúar 2015	Heimilisofbeldi, ný nálgun lögreglu og félagsþjónustu. Náum áttum.
mars 2015	Fundur í Verslunarskóla Íslands. Kynning á breyttu námsfyrirkomulagi skólans.
mars 2015	Geðheilbrigðismál barna, viðbrögð-úrræði-nýjar leiðir. Náum áttum.
apríl 2015	Kynning á námi í Fjölbrautaskólanum í Ármúla.
apríl 2015	Einelti, úrræði og forvarnir. Leiðir til árangurs í eineltismálum. Náum áttum.

LOKAORÐ

Tveir náms- og starfsráðgjafar voru í fullu starfi í Garðaskóla í vetur. Eins og fram kom í ársskýrslu síðasta árs þá var mikil aukning á tilfinningalegum erfiðleikum hjá nemendum, bæði kvíði og depurð og má segja að sú þróun hafi haldið áfram þetta skólaárið. Alls komu 50 stúlkur og 10 drengir í viðtöl til námsráðgjafa fyrst og fremst vegna tilfinningalegra vandamála. Þessi hópur sem farið hefur ört stækkandi síðastliðin misseri þarfnast oft aðstoðar utan skóla t.d. hjá sjálfstætt starfandi sálfræðingum og hjá Heilsugæsluteymi Garðabæjar ásamt því að þurfa langvarandi stuðning og eftirfylgni námsráðgjafa í samvinnu við foreldra.

Á unglingsstigi, þegar nemendur eru á mörkum skólastiga, þurfa þeir samfellda fræðslu sem felur í sér sjálfskönnun, upplýsingaöflun, fræðslu á námsframboði og atvinnulífi, inntökuskilyrðum í framhaldsskóla og réttindum á vinnumarkaði og þurfum við að huga vel að þessum þáttum. Eftir að aukið var við starfshlutfall námsráðgjafa í Garðaskóla hefur tekist að vinna enn frekar að starfsfræðslu og starfskynningum og hefur m.a. skapast aukið svigrúm til samstarfs á þeim vettvangi við utanaðkomandi aðila og einnig til aukinnar endurmenntunar námsráðgjafa.

Þar sem lífsleikni er ekki lengur námsgrein við skólann og færðist að hluta til inn í umsjónartíma, hefur reynt erfiðara fyrir námsráðgjafa að finna tíma til að hitta nemendur í sínum hópum þar sem allir nemendur skólans eru í umsjónartímum á nánast sama tíma. Það þarf að finna leiðir til að námsráðgjafar hafi greiðan aðgang að nemendum fyrir ýmiss konar fræðslu.

Síðast en ekki síst hefur tekist að hlúa enn betur að nemendum sem hafa átt við tilfinningalega erfiðleika að stríða. Skjólstæðingar námsráðgjafa eru oft nemendur sem standa höllum fæti í skólakerfinu og munum við leitast við að vinna markvisst að því að efla utanumhald og auka aðstoð við þá í samvinnu við deildarstjóra námsvers, stjórnendur, umsjónarkennara og foreldra.

Við viljum þakka öllu samstarfsfólki okkar, stjórnendum og skólafyrirvöldum fyrir gott samstarf í vetur.

Garðabæ, júní 2015

Auður Sigurðardóttir og Ásta Gunnarsdóttir, náms- og starfsráðgjafar Garðaskóla